SHALIDOR

skoðun 12

SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Fólk

Litríkur matarbloggari

Berglind Guðmundsdóttir er 36 ára hjúkrunarfræðingur. Hún setti nýlega matarbloggið Gulur rauður grænn & salt í loftið sem hefur vakið mikla athygli.

FÓLK

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Þriðjudagur
30. október 2012
255. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012

Endaði á bráðamóttöku

Þórunn Antonía veiktist heiftarlega við tökur á tónlistarmyndbandi.

tónlist 30

Vegna ástar eða óveðurs

Listilega ort ljóð Gerðar Kristnýjar undirstrika stöðu hennar sem eins okkar fremsta ljóðskálds segir gagnrýnandi Fréttablaðsins.

menning 22

Sjóðheitir í Evrópu

Íslenskir knattspyrnumenn og -konur voru víða á skotskónum um helgina.

sport 27

veðrið í dag

HVESSIR Í dag eru horfur á N- og NA-átt, víða 10-18 m/s en hvassara á Snæfellsnesi og austan Vatnajökuls. Vaxandi snjókoma norðan- og norðaustantil er líður á daginn. Kólnar heldur í veðri.

VEÐUR 4

DVÍTAMÍN
Hámarks upptaka

GMP vottað · www.nowfoods.is

Öllum frá Iceland Express sagt upp störfum hjá Wow

Flugfreyjum og flugmönnum sem störfuðu fyrir Iceland Express hefur verið sagt upp störfum. Fólkið hafði ekki unnið síðan Wow Air tók reksturinn yfir fyrr í október. Nýr flugrekandi líklega kynntur í dag.

VINNUMARKAÐUR Öllum flugfreyjum og flugþjónum sem störfuðu hjá Iceland Express hefur verið sagt upp störfum, eftir að Wow Air tók fyrirtækið yfir. Starfsfólkinu var tilkynnt þetta á fundi á föstudag. Skúli Mogensen, forstjóri og aðaleigandi Wow Air, staðfesti þetta við Fréttablaðið í gærkvöldi.

Hann staðfesti einnig að öllum flugmönnum hefði verið sagt upp störfum, en þeir störfuðu fyrir flugrekanda Iceland Express, Holidays Czech Airlines. Þá hefur fólki úr öllum deildum fyrirtækisins verið sagt upp, en einhverjir verða ráðnir til starfa hjá Wow. Því er ekki hægt að segja með vissu hversu margir missa vinnuna.

„Auðvitað er þetta mjög leiðinlegt, að þurfa að standa frammi fyrir því að horfa á eftir mörgu góðu fólki, en þetta er óhjákvæmileg afleiðing af svona yfirtöku," sagði Skúli í gærkvöldi. Starfsfólkið hafði ekki farið í loftið síðan Wow tók rekstur Iceland Express yfir fyrr í mánuðinum.

> Ég get staðfest að það er ný Airbus-vél á leiðinni.
>
> **SKÚLI MOGENSEN**
> FORSTJÓRI OG EIGANDI WOW AIR

Að sögn Sigrúnar Jónsdóttur, formanns Flugfreyjufélags Íslands, var rúmlega þrjátíu flugfreyjum og -þjónum sem eru í félaginu sagt upp störfum. Hún segir félagið harma að svo stór hluti félagsmanna skuli missa vinnuna. Félagið muni sjá til þess að uppgjör við starfsfólkið verði eins og það á að vera.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur Wow skipt um flugrekanda. Fyrirtækið hefur bæði slitið samningi Iceland Express við tékkneska fyrirtækið Holidays Czech Airlines og eigin samningi við Avion Express og samið við búlgarskan flugrekanda í staðinn. Iceland Express samdi við tékkneska fyrirtækið í mars á þessu ári og var samningurinn til næsta vors. Bæði fyrirtækin voru með tvær Airbusvélar í leigu.

„Ég get staðfest að það er ný Airbus-vél á leiðinni," sagði Skúli. Ekki væri búið að ganga frá samningsmálum við flugrekanda, en hann sagðist ætla að tjá sig um þau mál í dag. - **þeb**

FÁRVIÐRI Í AÐSIGI Íbúar í Winthrop í Massachusetts urðu með þeim fyrstu sem fundu fyrir afli fellibyljarins sem í gær gekk á land í Bandaríkjunum. NORDICPHOTOS/AFP

Niðurstaða í gamalli deilu:

Forfeður okkar klifruðu í trjám

VÍSINDI Rannsóknir á beinagrindum forfeðra okkar af tegundinni Australophithecus afarensis sýna að þeir hafa klifrað í trjám, rétt eins og apar. Þar með virðist komin niðurstaða í mál, sem lengi hafa verið skiptar skoðanir um meðal mannfræðinga.

Tveir þekktustu einstaklingarnir af þessari tegund forfeðra okkar hafa verið nefndir Lucy og Selam. Það voru rannsóknir á heröablöðum Selams sem skiluðu þessari niðurstöðu.

Niðurstöður rannsóknanna eru birtar í októberhefti vísindatímaritsins Science. - **gb**

Fellibylurinn Sandy skall af þunga á norðausturströnd Bandaríkjanna í gærkvöld:

Raskar lífi fimmtíu milljóna

BANDARÍKIN Hundruðum þúsunda íbúa í New York, Atlantic City og fleiri stöðum á norðausturströnd Bandaríkjanna var skipað að yfirgefa heimili sín í gær meðan fellibylurinn Sandy hamaðist á þessu svæði.

Öðrum var gert að halda sig inni við yfir nóttina, enda algert útgöngubann í gildi. Lestarsamgöngur lágu niðri, leigubílstjórar lögðu niður störf, skólum var lokað og mörg fyrirtæki og stofnanir sögðu starfsfólki sínu að mæta ekki til vinnu.

Fárviðrinu fylgdi mikið úrhelli og flóð, enda sjávarstaða með hæsta móti og öldurnar allt að 3,5 metra háar. Þá fór rafmagn af stóru svæði svo hundruð þúsunda manna voru án rafmagns.

Alls er talið að fellibylurinn raski lífi um 50 milljón manns þessa daga sem hann gengur yfir.

Þetta er einn stærsti fellibylur sem komið hefur á þessum stað í Bandaríkjunum. Hann kom að landi seint í gærkvöld og verður öflugur áfram næstu daga meðan hann mjakast inn á land og síðan til norðausturs yfir til Kanada.

Í síðustu viku hafði þessi sami fellibylur gert mikinn usla í Karíbahafinu, þar sem hann kostaði að minnsta kosti 69 manns lífið. - **gb**

SÉRVERKEFNI
- Hreingerningar
- Iðnaðarþrif
- Bónvinna
- Parkethreinsun
- Steinteppaþrif

ÍSS
www.iss.is

Við kaupum gull og silfur.
Radisson Blu 1919 Hotel
Posthusstraeti 2, Reykjavik
Þri. 30/10 kl 11-18
mið. 31/10 kl 11-18
fim. 1/11 kl 11-18
föst. 2/11 kl 11-18
komdu á GullAdam og þú færð ókeypis mat á gömlu skartgripunum þínum. Einungis þarf að koma með skilríki til að geta fengið borgað í reiðufé.

GullAdam
Við kaupum allar gerðir af gulli og silfur!

SPURNING DAGSINS

Anton, er ekki öllum sama hvort eð er?

„Enginn ærlegur ðlendingur getur án ðs verið."

Anton Kaldal Ágústsson er í Hollvinasamtökum bókstafsins ð. Anton hefur ásamt félögum sínum skrifað bók um ð. Þeir vilja að Matthew Parker, sem þeir segja föður ð-sins, verði reist stytta á Ingólfstorgi.

Ný kenning um skotárásina á fjölskyldu og hjólreiðamann í frönsku Ölpunum:

Milljónir Saddams taldar ástæðan

FRAKKLAND Saddam Hussein, fyrrverandi Íraksforseti, hefur verið tengdur við morð á breskri fjölskyldu og frönskum hjólreiðamanni í frönsku Ölpunum í haust.

Saddam er sagður hafa lagt inn 840 þúsund bresk pund, jafngildi rúmlega 170 milljóna íslenskra króna, inn á svissneskan bankareikning í eigu föður verkfræðingsins Saads al-Hilli sem var skotinn til bana á bílastæði ásamt eiginkonu sinni og tengdamóður.

Faðir Saads al-Hilli, Kadhim, hafði verið í nánum tengslum við stjórnmálaflokk Saddams Husseins en hann flúði til Bretlands á áttunda áratug síðustu aldar. Samkvæmt fréttavef breska blaðsins The Guardian, sem vitnar í franska blaðið Le Monde, hefur heimildarmaður innan frönsku lögreglunnar greint frá því að þýska leyniþjónustan hafi rakið slóð fjárins til Íraksforseta.

Á fréttavef The Guardian segir að peningarnir hafi verið lagðir inn á bankareikning í Genf í Sviss sem er í klukkustundar akstursfjarlægð frá staðnum þar sem skotárásin var gerð.

Tvær dætur hjónanna, fjögurra og sjö ára, komust lífs af. Sú yngri faldi sig undir pilsi móður sinnar en sú eldri fékk skotsár í höfuðið. - ibs

SADDAM HUSSEIN

Alvarlegt vinnuslys á Þórshöfn:

Slasaðir eftir hátt fall af þaki

SLYS Tveir menn slösuðust þegar þeir féllu ofan af þaki Ísfélags Vestmannaeyja á Þórshöfn í gær. Fallið er talið vera um 7,5 metrar.

Mennirnir voru báðir fluttir með sjúkraflugi til Reykjavíkur. Annar mannanna, sem er á fimmtugsaldri, er talinn alvarlega slasaður. Hinn, sem er 24 ára, mun vera minna slasaður.

Að því er fram kom á vef RÚV í gærkvöldi skrikaði eldri manninum fótur þegar ísing myndaðist. Yngri maðurinn reyndi að grípa hann en þeir duttu báðir. - þeb

Frakkar ræddu við Google:

Google-skattur í undirbúningi

FRAKKLAND, AP Francois Hollande Frakklandsforseti átti í gær fund með Eric Schmidt, framkvæmdastjóra tölvufyrirtækisins Google.

FRANCOIS HOLLANDE

Frakkar hafa í hyggju að leggja skatt á leitarvélar, eins og þá sem Google er með á netinu, þannig að greiða þurfi skatt í hvert sinn sem efni úr frönskum fjölmiðlum kemur fram í leitarniðurstöðum.

Google-stjórnendur er ekki sáttir við þau áform og hóta að útiloka franskar vefsíður frá leitarniðurstöðum.

Þýsk stjórnvöld eru að velta fyrir sér að setja sams konar lög, og fjölmiðlar á Ítalíu hafa einnig lýst yfir stuðningi við slíkt fyrirkomulag. - gb

Slökkviliðsstjóri segir heimtufrekju á Bifröst

Tími meðvirkni er liðinn segir slökkviliðsstjóri í Borgarbyggð sem sakar Háskólann á Bifröst um að standa ekki við samning um brunavarnir og vera „ótrúlega heimtufrekan". Rektor segir kvörtun slökkviliðsstjórans koma sér mjög á óvart.

STJÓRNSÝSLA „Það á að standa við gerða samninga," segir Bjarni K. Þorsteinsson, slökkviliðsstjóri í Borgarbyggð, sem í harðorðu bréfi til byggðaráðs sakar Háskólann á Bifröst um að standa ekki við samning um brunavarnir á Bifröst.

Bjarni vitnar til samkomulags sem gert var um síðustu aldamót. Samkvæmt því hafi skólinn á Bifröst átt að útvega frítt húsnæði undir búnað á staðnum. Hann undirstrikar að við þetta hafi aldrei verið staðið.

BRYNDÍS HLÖÐVERSDÓTTIR

„Heldur var slökkviliðið á sífelldum hrakhólum með búnað sinn, til dæmis í óupphituðum gámi, kaldri skemmu hjá skógræktinni á Hreðavatni og var hann jafnvel geymdur úti við á kerru og mættum við oft á tíðum ótrúlegri heimtufrekju af hálfu skólans varðandi fyrirkomulag þessara mála á staðnum," segir Bjarni í bréfinu til byggðaráðs Borgarbyggðar.

Aðspurður um þessa meintu heimtufrekju nefnir Bjarni að á tímum hraðrar uppbyggingar á Bifröst hafi þurft að hafa tankbíl á staðnum því ekki hafi verið þar fullnægjandi aðgangur að staðnum. „Við vorum látnir færa tankbílinn til og frá því hann þótti skemma ásýnd staðarins. Þetta var rauður og hvítur Scania-bíll, mjög fallegur," segir slökkviliðsstjórinn sem til viðbótar nefnir í bréfi sínu að að búnaður sem átti að fylgja af hálfu Bifrastar hafi að mestu verið ónothæfur

BIFRÖST Núverandi rektor Háskólans á Bifröst segir efndir tólf ára samnings um brunavarnir ekki hafa verið til umræðu í sinni tíð, heldur hafi hann aðeins átt uppbyggilegar samræður við slökkviliðsstjórann um eflingu brunvarna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Dagljóst er að þarna var peningum kastað á glæ," segir Bjarni áfram í bréfinu, löngu tímabært sé að endurskoða samninginn við Bifröst. „Í dag eru ekki tímar meðvirkni eins og þeir voru hér um slóðir líkt og annars staðar heldur tímar ráðdeildar og gagnsæis þar sem gerðir samningar skuli haldnir af báðum aðilum."

Bjarni ítrekar við Fréttablaðið að á sama tíma og slökkviliðinu sé gert að spara kosti brunavarnirnar á Bifröst Borgarbyggð mikið fé. Slökkviliðið hafi sjálft þurft að útvega búnað sem vantaði og tekið húsnæði á leigu yfir hann.

Bryndís Hlöðversdóttir, rektor á Bifröst, segir brunavarnir þar vera mjög til fyrirmyndar og sérstaka ánægju með þjónustu Slökkviliðs Borgarbyggðar í þau örfáu skipti sem þurft hafi að kalla það til.

„Ég vek athygli á að málið snýst ekki um brunavarnir, heldur um það hver skaffar og greiðir fyrir húsnæði fyrir búnað og slökkvibíl sem er hér og í næsta nágrenni. Frá því að ég tók við starfi rektors hefur ekki staðið á skólanum að útvega húsnæði undir slökkvidælu og annan nauðsynlegan búnað sem þarf að vera á staðnum eða í næsta nágrenni og því kemur þessi umkvörtun mér verulega á óvart. En ég mun óska eftir fundi með Borgarbyggð til að ræða þessi mál í kjölfar bréfsins." gar@frettabladid.is

EYÐILEGGING Eftir sprengingu í höfuðborginni Damaskus. NORDICPHOTOS/AFP

Lítið varð úr vopnahléi:

Öflugustu loftárásir stríðsins

SÝRLAND, AP Lítið varð úr fjögurra daga vopnahléi sem reynt var að fá stjórnarherinn og uppreisnarmenn í Sýrlandi til að fallast á fyrir helgi í tilefni af fórnarhátíð múslíma.

Í gær, á síðasta degi hins fyrirhugaða vopnahlés, gerði stjórnarherinn sextíu loftárásir á uppreisnarmenn. Þetta urðu þar með öflugustu loftárásirnar sem gerðar hafa verið á einum degi frá því stríðsátökin hófust.

Að minnsta kosti 500 manns létu lífið vegna átaka þá fjóra daga sem vopnahléið átti að standa. - gb

Á að styrkja stöðu neytenda:

Skipa nefnd um neytendavernd

NEYTENDUR Forsætisráðherra hefur skipað nefnd sem gera á úttekt á neytendavernd á fjármálamarkaði. Nefndin á einnig að setja fram tillögur um hvernig styrkja megi stöðu einstaklinga og heimila gagnvart aðilum á fjármálamarkaði sem veita neytendalán.

Guðbjörg Eva H. Baldursdóttir, lögfræðingur í atvinnuvegaráðuneytinu, er formaður. Varaformaður er Ágúst Ólafur Ágústsson, ráðgjafi forsætisráðherra í efnahags- og atvinnumálum. Aðrir í nefndinni eru Einar Árnason, Björg Fenger, Aðalsteinn Sigurðsson og Jónas Guðmundsson. - þeb

Grindavíkurbær selur Festi:

Félagsheimili breytt í gistihús

GRINDAVÍK Félagsheimilinu Festi í Grindavík verður breytt í 35 herbergja gistihús ef áætlanir nýrra eigenda ganga eftir.

Grindavíkurbær, Ungmennafélag Grindavíkur og Kvenfélag Grindavíkur seldu félaginu AFG ehf. húsið og er stefnt að því að opna gistiheimilið árið 2014. Þetta kemur fram á vef Víkurfrétta.

Festi hefur staðið autt í rúm fjögur ár, frá því að félagsmistöðin Þruman flutti úr húsinu. - kh

Siv Friðleifsdóttir hefur lagt fram fyrirspurn um auglýsingar hjá Ríkisútvarpinu:

Vill svör um áfengisauglýsingar

STJÓRNMÁL Siv Friðleifsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, hefur lagt fram fyrirspurn um áfengisauglýsingar á Alþingi.

SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR

Hún telur sjálf að áfengisauglýsingum hafi fjölgað og að bjórframleiðendur og innflutningsaðilar hafi verið að færa sig upp á skaftið.

Fyrirspurn Sivjar til Katrínar Jakobsdóttur menntamálaráðherra snýr að auglýsingum á RÚV. Hún spyr ráðherra hvort auglýsingum, þar sem óverulegur munur er á umbúðum áfengs öls og léttöls, hafi fjölgað á síðustu misserum. Þá spyr hún hvort Katrín telji að auglýsingar séu að sniðganga bann við að auglýsa áfengi. Loks spyr Siv hvort ráðherrann telji að bann við áfengisauglýsingum geti vegið þyngra en ákvæði um tjáningarfrelsi.

Kveikjan að fyrirspurninni var auglýsing sem nú er í umferð, sem auglýsir í senn nýja kvikmynd um James Bond og bjór. „Þegar þessi mynd, Skyfall var auglýst, þá var áfengisauglýsing tengd við þá auglýsingu," segir Siv í samtali við Vísi. Með þessu sé verið að reyna að höfða til ungs fólks. „Það er náttúrulega verið að sniðganga lög með þessum auglýsingum. Í dag er í raun verið að auglýsa áfengan bjór með nánast ósýnilegum stöfum neðst í auglýsingunni þar sem stendur léttöl. Svo það er verið að sniðganga lög. Það er ekki hægt að túlka þetta með neinum öðrum hætti."

Frumvarp til breytinga á áfengislögum liggur fyrir þinginu en í því er sett skýrara bann við áfengisauglýsingum. Samkvæmt því verður óheimilt að auglýsa léttöl ef það er í eins umbúðum og áfengir drykkir. „Ég tel afar brýnt að þingflokkar sameinist um þessar breytingar." - þeb

Ari Kristinn Jónsson, Háskólinn í Reykjavík · Atli Þorbjörnsson, Gangverk · Árni Þór Árnason, Oxymap · Árni Þór Þorbjörnsson, Landsbankinn · Ásgeir Ásgeirsson, Marel Bala Kamallakharan, GreenQloud · Birgir Grímsson, V6 Sprotahús · Brad Stilwell U.S. Embassy · Brynhildur S. Björnsdóttir, Hagsýn · Eggert Claessen, Frumtak · Egill Egilsson, Össur · Einar Ben, Tjarnargatan · Elinóra Inga Sigurðardóttir, Elas Royal Natural · Elínrós Líndal, ELLA · Elvar Örn Þormar, ReonTech · Erna Björnsdóttir Íslandsstofa · Eva María Þórarinsdóttir Lange, Pink Iceland · Eyjólfur Pálsson Epal · Finnur Pálmi Magnússon, Marorka · Finnur Sveinsson, Landsbankinn Gauti Marteinsson, Nýsköpunarmiðstöð Íslands nents · Guðbjörg Edda sson, OZ · Guðmundur F. Gunnar Páll Tryggvason dent · Halla Helgadóttir Hönnunarmiðstöð Íslands · Halldór Jörgensson, Microsoft · Haraldur Unason Diego, Fagráð - viðskiptaráðgjöf · Haukur Guðjónsson, Búngaló · Helga Valfells Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins · Helga Viðarsdóttir, Trico · Helgi Hjálmarsson Valka · Helgi Teitur Helgason, Landsbankinn · Hermann Guðmundsson, Sjálfstæður Hermann Ottósson, Íslandsstofa · Hilmar Bragi Janusson, Háskóli Íslands/ Össur · Hilmar Gunnarsson, Investa · Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir, Landsbankinn Hörður Arnarson, Landsvirkjun · Ingi Gauti Ragnarsson, Bland.is · Ingibjörg Gréta Gísladóttir, Reykjavík Runway · Jóhann Pétur Malmquist, Háskóli Íslands Jói Sigurðsson, Investa · Jón Steindór Valdimarsson, Sjálfstætt starfandi · Karl Jóhann Jóhannsson, Aurum · Kristján Freyr Kristjánsson, Innovit · Magnús Ingi Óskarsson, Sabre Iceland · Margrét Kristmannsdóttir, PFAFF · Margrét Sigrún Sigurðardóttir, Viðskiptafræðideild HÍ · Orri Hauksson, Samtök iðnaðarins Ólafur Sörli Kristmundsson, Landsbankinn · Ólöf Vigdís Ragnarsdóttir, Háskóli Íslands · Paula Gould, GreenQloud · Páll Harðarson, NASDAQ OMX Iceland/ Kauphöllin · Pétur Albert Haraldsson, Reykjavík Investor Services · Ragnheiður Jóna Jónsdóttir, 1904 · Rannveig Gunnarsdóttir, Lyfjastofnun · Reynir Grétarsson Creditinfo Group · Róbert Heimir Helgason, Seðlabanki · Rúna Magnúsdóttir Connected-Women.com & Brandit · Sigmar Guðbjörnsson, Stjörnu-Oddi Sigríður Heimisdóttir, Hugvit&Hönnun / Studio Sigga Heimis · Sigríður Ólafsdóttir, Akthelia Pharmaceuticals · Sigríður Sigurjónsdóttir, Spark Design Space · Sigtryggur Baldursson, ÚTÓN · **Við hvern viltu tala?** · Sigþór Jónsson Landsbréf · Skorri Rafn Rafnsson, Móberg · Steinþór Pálsson, Landsbankinn Svana Gunnarsdóttir, Frumtak · Svana Helen Björnsdóttir, Stiki · Svanbjörn Thoroddsen, KPMG · Tatjana Latinovic, Össur · Torfi Magnússon, Landspítali UK Trade & Investment (UKTI), British Embassy Iceland · Unnur Valborg Hilmarsdóttir, Vendum · Viggó Örn Jónsson, Jónsson & Lemacks · Þorsteinn Yngvi Guðmundsson, DataMarket · Þorvaldur Ingvarsson, Össur · Þóranna K. Jónsdóttir Markaðsmál á mannamáli · Þórður Heiðar Þórarinsson, Handpoint · Laugardaginn 3. nóvember býðst frumkvöðlum að taka þátt í nýstárlegum nýsköpunarviðburði á Háskólatorgi sem Landsbankinn heldur í samvinnu við Háskóla Íslands. Þar er hægt að setjast niður, maður á mann, með 100 stjórnendum og sérfræðingum og fá ráðgjöf varðandi rekstur fyrirtækja. Fáðu nánari upplýsingar og skráðu þig á landsbankinn.is/unconference.

IIU *Iceland Innovation* ***UnConference***

Reykjavík
3. nóvember 2012
#IIU2012

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

GENGIÐ 29.10.2012

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	127,12	127,72
Sterlingspund	204,1	205,1
Evra	163,97	164,89
Dönsk króna	21,98	22,108
Norsk króna	22,001	22,131
Sænsk króna	19,004	19,116
Japanskt jen	1,5973	1,6067
SDR	195,17	196,33

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 226,7997

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Stjórnarformaður segir brýnt að bregðast við úrræðaleysi sveitarfélaganna þegar kemur að geðsjúkum:

Sérstakur lánasjóður aðstoði við uppbyggingu

VELFERÐARMÁL Lúðvík Geirsson, stjórnarformaður Fasteignasjóðs sveitarfélaganna, segir nauðsynlegt að stofna lánasjóð sem sveitarfélögin geti sótt peninga í til að sporna við úrræðaleysi fyrir geðfatlaða.

Sveitarfélögin fengu að kaupa fasteignir fyrir fatlaða á 25 ára skuldabréfum þegar yfirfærslan frá ríki yfir á sveitarfélög átti sér stað fyrir tveimur árum. Þessar fasteignir eru tæplega áttatíu talsins og voru í eigu Fasteignasjóðs.

Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra sagði í Fréttablaðinu í gær að hann sæi fyrir sér að nýta féð í sjóðnum til að aðstoða sveitarfélögin við byggingu á húsnæðinu. Flestar byggingarnar hafa nú þegar verið seldar sveitarfélögunum. Andvirði húsanna nam fyrir tveimur árum um 3,5 milljörðum. Lúðvík bendir þó á að sveitarfélögin hafi meira en tvo áratugi til að borga lánið upp.

LÚÐVÍK GEIRSSON

„Til að fá nýjar eignir þyrfti að útbúa lánasjóð sem lánar sveitarfélögunum til þessara bygginga og svo komi Fasteignasjóður með stuðning til að létta undir með þeim," segir Lúðvík. „Okkur vantar þennan lánaflokk og hann þarf að tryggja til að hægt verði að ráðast í fjárfestingar."

Lúðvík bendir á að fjármagn úr Fasteignasjóði muni svo koma inn þegar þar að kemur, en lánasjóðurinn myndi brúa bilið þess á milli. - sv

SÉRSTAKLEGA SLÆMT Á SELFOSSI Læknar á Kleppi segja búsetuúrræðum fyrir geðsjúka sérstaklega ábótavant á Selfossi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Tólf mánaða tilraunaverkefni:

Verða ekki af bótarétti sínum

VINNUMÁL Atvinnulausum býðst stuðningur Rannsóknaseturs verslunarinnar, Nýsköpunarmiðstöðvar og Vinnumálastofnunar við að stofna samvinnufélög. Tilgangurinn er að skapa fólki atvinnu og efla nýsköpun.

Um er að ræða tilraunaverkefni sem kynnt verður í höfuðstöðvum Nýsköpunarmiðstöðvar í Árleyni milli klukkan tvö og hálf fjögur í dag, þriðjudag.

Í aðstoðinni felst meðal annars að fólk heldur rétti til atvinnuleysisbóta þá 12 mánuði sem verkefnið stendur, kennsla í verklegum rekstrarþáttum og handleiðsla Nýsköpunarmiðstöðvar. Verkefnið á að hefjast í janúar. - óká

Uppgjör þriðja ársfjórðungs:

Nýherji hagnast um 5 milljónir

VIÐSKIPTI Nýherji hagnaðist um 5 milljónir króna á þriðja ársfjórðungi ársins. Til samanburðar tapaði fyrirtækið 60 milljónum króna á sama tímabili í fyrra.

Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta nam 125 milljónum á tímabilinu sem gerir samanlagt 335 milljónir á fyrstu níu mánuðum ársins. Það sem af er ári er tap félagsins hins vegar tíu milljónir.

Fram kemur í fjárfestakynningu vegna uppgjörsins að afkoma af innlendum rekstri hafi verið góð á árinu en að afkoma af erlendri starfsemi hafi verið verulega undir áætlun. - mþl

ÁRÉTTING

Tónlist verksins Nýjustu fréttir var í höndum Sóleyjar Stefánsdóttur en það kom ekki fram í dómi Fréttablaðsins um verkið sem birtist síðastliðinn föstudag.

Síminn greiðir meira fyrir netsamband

Síminn og Farice hafa gert með sér nýjan samning um fjarskiptasamband við útlönd. Forstjóri Símans segir kostnað fyrirtækisins vegna veitingar netþjónustu aukast umtalsvert með samningnum. Verð á netþjónustu gæti hækkað.

VIÐSKIPTI Síminn hefur skrifað undir nýjan þriggja ára samning við Farice um fjarskiptasamband við útlönd. Eldri samningi var sagt upp í júní síðastliðnum en með nýja samningnum verður umtalsverð hækkun á því verði sem Síminn greiðir fyrir fjarskiptasamband.

„Nýi samningurinn hefur í för með sér umtalsverðan kostnað fyrir okkur þar sem Farice er að hækka verðskrá sína. Ég get hins vegar ekki nefnt tölur í því samhengi vegna trúnaðarákvæðis," segir Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri Símans, og bætir við að mikilvægt hafi verið fyrir fyrirtækið að ganga frá samningnum þar sem hann tryggi viðskiptavinum Símans áfram öruggt og snurðulaust netsamband.

Farice rekur tvo af þremur sæstrengjum sem tengja Ísland við umheiminn. Íslensku símafyrirtækin kaupa aðgang að strengjunum sem er þeim nauðsynlegur til að þau geti boðið upp á Internetþjónustu.

Í kjölfar þess að Farice sagði upp samningum sínum við símafyrirtækin í júní lýsti Sævar Freyr opinberlega yfir áhyggjum vegna þeirrar verðhækkunar sem Farice boðaði þá og nam 179%. Sagði hann meðal annars í samtali við útvarpsþáttinn Reykjavík síðdegis að verðbreytingin gæti valdið hækkun á verði Internetþjónustu og þannig haft áhrif á alla landsmenn.

Sævar Freyr segir hins vegar nú að engin ákvörðun hafi verið tekin um verðhækkanir. „Engar ákvarðanir hafa verið teknar á þessari stundu. Við erum bara nýbúin að ljúka við gerð þessa samnings og framhaldið er því enn óráðið."

FARICE Farice rekur tvo sæstrengi sem íslensku símafyrirtækin kaupa aðgang að en sá aðgangur er þeim nauðsynlegur til að geta boðið viðskiptavinum upp á netþjónustu. MYND/FARICE

SÆVAR FREYR ÞRÁINSSON

Farice hefur enn ekki gert endurnýjaðan samning við Vodafone en viðræður Farice við símafyrirtækin um nýjan samning hófust í janúar.

Farice er að stærstum hluta í eigu íslenska ríkisins (30,2%), Landsvirkjunar (28,9%) og Arion banka (39,3%). Fyrirtækið tapaði 8,6 milljónum evra á síðasta ári sem jafngildir ríflega 1.400 milljónum króna á núverandi gengi. Á fyrstu sex mánuðum þessa árs tapaði fyrirtækið 4,8 milljónum evra.

Ómar Benediktsson, framkvæmdastjóri Farice, segir að félagið verði áfram rekið með tapi þrátt fyrir nokkra nýja samninga. „Félagið verður því miður áfram rekið með tapi. Við höfum hins vegar ekki misst móðinn og erum að vinna að því að efla gagnaveraiðnaðinn hér á landi. Það er langtímaverkefni sem við bindum vonir við að geti hjálpað okkur. Það er kannski einmitt í ljósi trúar okkar á þann iðnað sem við ætlumst ekki til þess að aðrir borgi það sem við þyrftum í raun að fá," segir Ómar. magnusl@frettabladid.is

Ræða Jóhönnu Sigurðardóttur:

Bankar hraði útreikningum

STJÓRNMÁL Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra hvatti fjármálafyrirtæki til að ljúka endurútreikningum gengislána eins fljótt og auðið er í ræðu sinni á flokksstjórnarfundi Samfylkingarinnar á Hótel Reykjavík Natura á laugardag.

JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

Í ræðunni sagði hún orðrétt: „Í ljósi nýjasta dóms Hæstaréttar eru allar grundvallarforsendur varðandi útreikningana komnar á hreint og því ekki eftir neinu að bíða með endurreikning."

Margt annað bar á góma í ræðu Jóhönnu. Þannig gerði hún stöðu efnahagsmála og alþingiskosningarnar í vor að umtalsefni, en ræðuna má lesa í heild sinni á vef Samfylkingarinnar. - mþl

Hjartað hætti óvænt að slá:

Maður lést í haldi lögreglu

LÖGREGLUMÁL Maður á fimmtugsaldri lést á lögreglustöðinni við Hverfisgötu í fyrrakvöld.

Maðurinn var handtekinn á sunnudagskvöld vegna óspekta í miðbænum. Hann veitti mótspyrnu við handtöku, að því er fram kemur í tilkynningu frá lögreglu. Hann var í kjölfarið fluttur á lögreglustöð en þar fékk hann skyndilegt hjartastopp og lífgunartilraunir báru ekki árangur.

Málinu hefur verið vísað til rannsóknar hjá embætti Ríkissaksóknara eins og lög gera ráð fyrir. Þar hefur verið óskað eftir krufningu og mun framhald málsins ráðast af niðurstöðu hennar. - sh

PILATES

Markmið Pilates er að lengja og styrkja líkamann með kerfisbundnum æfingum. Hver æfing er hvetjandi, virkjar kviðvöðvana og heldur iðkendum við efnið.

Kolbrún þjálfari segir fólk koma afslappað út úr tímunum en jafnframt fullt af orku.

NÝTT Í HEILSUBORG!

- Hefst 6. nóvember
- 6 vikur
- Kennari er Kolbrún Jónsdóttir
- Tvö námskeið: Þri og fim kl. 17:30 og 18:30
- Verð kr. 17.900

HEILSUBORG
Faxafeni 14 • Sími 560 1010
www.heilsuborg.is

VEÐURSPÁ

Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

ÓVEÐUR? Veðurútlitið er ekki gott næstu daga. Það hvessir í dag og næstu daga má búast við stífum N- og NA-áttum. Horfur eru á snjókomu eða éljum norðan- og austantil með tilheyrandi hættu á að færð spillist. Sunnantil verður úrkomulítið að mestu.



HEIMURINN

Alicante	19°
Basel	9°
Berlín	5°
Billund	8°
Frankfurt	6°
Friedrichshafen	7°
Gautaborg	7°
Kaupmannahöfn	7°
Las Palmas	25°
London	10°
Mallorca	23°
New York	15°
Orlando	19°
Ósló	-3°
París	11°
San Francisco	20°
Stokkhólmur	5°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

Það geta ekki allir bílar verið betri notaðir bílar

- Lágmarksábyrgð: 12 mánuðir
- Gæðaeftirlit: 125 punkta skoðun Toyota
- Sjö daga skiptiréttur
- Raunhæf verðlagning
- Tökum gamla bílinn uppí
- Gott endursöluverð
- Framúrskarandi Toyota þjónusta
- Örugg og áhyggjulaus bílaviðskipti

1ár Lágmarks-ábyrgðartími

75% Fjármögnun hjá Ergo

8,1 lítrar Eldsneytiseyðsla í blönduðum akstri

CO_2 213g Útblástur CO_2 gr.

P Umhverfisvænn bíll Frítt í stæði í Rvk.

Mánaðargreiðsla* 24.000 kr.

Toyota Aygo
1000 Bensín, 5 gíra
Á götuna: 03.11 Ekinn 18.000 km
Verð: 1.690.000 Raðnr.: 998789

Mánaðargreiðsla* 27.000 kr.

Toyota Yaris Terra
1000 Bensín, 5 gíra
Á götuna: 05.11 Ekinn: 50.000 km
Verð: 1.950.000 Raðnr.: 998787

Mánaðargreiðsla* 41.000 kr.

Toyota Auris Terra
1330 Bensín, 6 gíra
Á götuna: 09.11 Ekinn: 10.000 km
Verð: 2.900.000 Raðnr.: 998784

Mánaðargreiðsla* 51.000 kr.

Toyota Auris Luxury MM
1600 Bensín, 5 gíra MM
Á götuna: 02.09 Ekinn 30.000 km
Verð: 2.650.000 Raðnr.: 998748

Mánaðargreiðsla* 63.000 kr.

Toyota Avensis Sol
1800 Bensín, sjálfsk.
Á götuna: 06.10 Ekinn: 42.000 km
Verð: 3.600.000 kr. Raðnr.: 998638

Mánaðargreiðsla* 86.000 kr.

Toyota Land Cruiser 120 VX
4000 Bensín, sjálfsk.
Á götuna: 05.07 Ekinn: 71.000 km
Verð: 5.300.000 Raðnr.: 998723

Mánaðargreiðsla* 131.000 kr.

Toyota Land Cruiser 150 GX
3000 Dísel, sjálfsk.
Á götuna: 03.12 Ekinn: 27.000 km
Verð: 9.320.000 kr. Raðnr.: 998778

Mánaðargreiðsla* 157.000 kr.

Toyota Land Cruiser 200
4500 Dísel, sjálfsk
Á götuna: 01/08 Ekinn: 111.000 km
Verð: 9.650.000 kr. Raðnr.: 998681

*Miðað við 75% fjármögnun hjá Ergo og hámarkslengd.
Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum Betri notaðra bíla.

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
Sími: 570-5070
Afgreiðslutími: mán - fös 07.45 - 18.00 - lau 10.00 - 16.00
info@toyota.is

Upplýsingar um eldsneytiseyðslu og útblástur eru miðaðar við blandaðann akstur við bestu mögulegu aðstæður. Birt með fyrirvara um innsláttarvillur

ergo
Reiknaðu með okkur

Betri notaðir bílar TOYOTA

VEISTU SVARIÐ?



1. *Hvað hefur hinn 25 ára gamli Lionel Messi skorað mörg mörk á knattspyrnuferli sínum?*
2. *Hvaða bókstafur í íslenska stafrófinu hefur eignast hollvinasamtök?*
3. *Hver er framkvæmdastjóri Iceland Airwaves?*

SVÖR:
1. 301 mark 2. Đ 3. Grímur Atlason

Forseti Íslands og borgarstjóri heimsóttu skóla til að minna á forvarnardaginn sem haldinn verður á morgun:

Segist bera skaðann af neyslunni alla ævi

SAMFÉLAGSMÁL Forvarnardagurinn verður haldinn í grunnskólum og framhaldsskólum landsins á morgun. Af því tilefni heimsóttu Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, og Jón Gnarr borgarstjóri Hlíðaskóla í Reykjavík í gær.

Jón Gnarr sagði í Hlíðaskóla að hann myndi alla ævi bera skaðann af því að hafa drukkið áfengi og neytt fíkniefna. „Þegar ég var þrettán, fjórtán ára þá missti ég fótanna félagslega," sagði Jón í viðtali við Stöð 2. Hann hafi byrjað að drekka, reykja og fikta við vímuefni. Hann hafi náð að snúa lífi sínu við en margir vinir hans frá þeim tíma hafi látið lífið.

Meginmarkmiðið með forvarnardeginum er að minna á hvaða ráð duga best til að koma í veg fyrir að ungmenni verði fíkniefnum að bráð. Þar ber helst að nefna þátttöku í íþróttaog æskulýðsstarfi, samverustundir með fjölskyldunni og að fresta því sem lengst að neyta áfengis. „Rannsóknir sýna að ótrúlega góður árangur hefur náðst í baráttunni við áfengisnotkun unglinga á Íslandi á grunnskólastigi," segir í tilkynningu, en vert er að gera átak í að minna yngri nemendur framhaldsskóla á að vel sé hægt að skemmta sér án áfengis.

Dagurinn er haldinn að frumkvæði forseta Íslands og er nú haldinn í sjöunda sinn. - þeb

VEL TEKIÐ Í HLÍÐASKÓLA Borgarstjóranum og forsetanum var vel tekið af börnunum í Hlíðaskóla í gær. Þeir höfðu nóg að gera við að skrifa eiginhandaráritanir og láta taka af sér myndir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Í IKEA Konur úr Femen í Þýskalandi hafa mótmælt ritskoðuðum bæklingi IKEA í Sádi-Arabíu. NORDICPHOTOS/AFP

Þýskar konur frá Femen:

Mótmæltu berbrjósta í IKEA

ÞÝSKALAND Þýskir félagar í femínísku hreyfingunni Femen hafa síðustu daga staðið fyrir berbrjósta mótmælum í IKEA-verslun í Hamborg í Þýskalandi. Hópurinn vill með þessu bregðast við því að konur voru þurrkaðar út úr bæklingi IKEA í Sádi-Arabíu.

Femen konurnar máluðu þýska fánann og slagorð á líkama sína og báru skilti. Mótmælin stóðu í um tíu mínútur þar til öryggisverðir stöðvuðu þau.

„Dollarar íslamista eru mikilvægari en mannleg gildi eins og frelsi og jafnrétti í augum IKEA," sögðu konurnar. - þeb

Neytendastofa sektar N1:

500.000 í sekt vegna N1 lykils

NEYTENDUR N1 hefur verið sektað um hálfa milljón króna vegna markaðssetningar á N1 lyklinum og fyrir að lúta ekki ákvörðun Neytendastofu.

Neytendastofa greinir frá því að Skeljungur hafi kvartað yfir hringingum N1 í neytendur til að bjóða þeim N1 lykil með þeim ávinningi að fá fimm krónu afslátt af eldsneytisverði í formi þriggja króna afsláttar og söfnun tveggja N1 punkta. Þarna mun um að ræða brot á eldri ákvörðun, en óheimilt er að jafna söfnun punkta við afslátt í krónum. - sv

Fjárfestar hafa tvöfaldað fé sem þeir settu í Haga

Hlutabréf Haga rufu 20 króna múrinn í gær. Búvallahópurinn hefur tvöfaldað fjárfestingu sína. Tveir framkvæmdastjórar seldu hlut sinn fyrir helgi á tæpar 50 milljónir króna. Þeir fengu hlutinn gefins í fyrra.

VIÐSKIPTI Gengi Haga rauf 20 króna múrinn í gær þegar virði bréfa í félaginu hækkaði um 2,26 prósent. Alls hafa þeir fjárfestar sem keyptu 44 prósenta hlut í Högum áður en félagið var skráð á markað tvöfaldað fjárfestingu sína. Tveir stjórnendur Haga, sem fengu hlutabréf í Högum gefins, seldu þau fyrir helgi fyrir um 50 milljónir króna. IFS Greining telur að virði hluta í Högum eigi enn eftir að vaxa á næstu mánuðum.

Gengi Haga var 20,35 krónur á hlut í lok dags í gær. Það hefur aldrei verið hærra og fór í fyrsta sinn yfir 20 krónur á hlut. Sá hópur fjárfesta sem stóð að Búvöllum, sem keypti 44 prósenta hlut í Högum áður en félagið var skráð á markað, borgaði 5,4 milljarða króna fyrir þann hlut. Miðað við lokagengi gærdagsins er virði hlutarins 10,9 milljarðar króna.

Að Búvöllum stóðu Hagamelur ehf. (í eigu Árna Haukssonar, Hallbjörns Karlssonar, Sigurbjörns Þorkelssonar og TM), nokkrir lífeyrissjóðir, tveir fagfjárfestingasjóðir sem lúta stjórn Stefnis, Miranda ehf. (í eigu Berglindar Jónsdóttur) og Draupnir fjárfestingafélag (í eigu Jóns Diðriks Jónssonar). Hópurinn hefur síðan skipt eignarhlutunum á milli sín í samræmi við framlagða fjárfestingu.

Þegar Hagar voru skráðir á markað í desember var gengi bréfanna 13,5 krónur á hlut. Þeir sem keyptu á því gengi hafa því ávaxtað fé sitt um 34 prósent. Samþjöppun er þó að eiga sér stað í eigendahópi Haga en alls voru hluthafar félagsins tæplega 1.300 í byrjun október síðastliðins. Þeir voru yfir tvö þúsund í mars og hefur því fækkað um rúman þriðjung á sjö mánuðum.

GÓÐ ÁVÖXTUN Kaup Búvalla í Högum voru valin viðskipti ársins 2011 af dómnefnd Markaðarins. Hópurinn hefur nú tvöfaldað virði fjárfestingar sinnar. Hallbjörn Karlsson, Árni Hauksson og Sigþór Jónsson, þá forstöðumaður hjá Stefni, leiddu hópinn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



5,4 milljarða króna kostaði 44% hlutur Búvallahópsins. Virðið nú er 10,9 milljarðar.

Í uppfærðu virðismati IFS Greiningar á hlutum í Högum sem birt var um helgina kemur fram að fyrirtækið telji virðismatsgengi Haga vera 23,1 krónu á hlut, eða töluvert hærra en gengi þess í kauphöll. IFS telur enn fremur að markgengi Haga eftir hálft ár verði á milli 23 og 24 krónur. IFS ráðleggur því fjárfestum að kaupa hluti í Högum.

Tveir af lykilstjórnendum Haga, þeir Gunnar I. Sigurðsson, framkvæmdastjóri Hagkaupa, og Lárus Óskarsson, framkvæmdastjóri Aðfanga, seldu fyrir helgi öll hlutabréf sín í félaginu fyrir samtals 48,6 milljónir króna. Þeir eignuðust hlutinn þegar Arion banki gaf þeim, og þremur öðrum stjórnendum, hann á fyrri hluta síðasta árs. Þeir seldu á genginu 19,85 krónur. Tilkynnt var um viðskiptin sama dag og Hagar birtu nýjasta hálfsársuppgjör sitt, þar sem fram kom að félagið hefði hagnast um 1,6 milljarða króna frá mars og út ágústmánuð.

Hinir þrír stjórnendurnir sem fengu hlutabréf gefins, þeir Finnur Árnason forstjóri, Guðmundur Marteinsson, framkvæmdastjóri Bónuss, og Kjartan Már Friðriksson, framkvæmdastjóri Banana, eiga enn eins prósents hlut í Högum. Virði þess er í dag er um 247 milljónir króna. thordur@frettabladid.is

ERT ÞÚ KLÁR FYRIR OLÍUFUND?

Morgunverðarfundur á Grand Hótel Reykjavík - fimmtudaginn 1. nóvember 2012 - kl. 8.15-10.00

Á þessum morgunverðarfundi verður fjallað um olíumarkaðinn hér á landi og tengda þjónustu ef af olíuleit verður á Drekasvæðinu.
Á fundinum koma fram áhugaverð erindi og að þeim loknum verða pallborðsumræður á meðal fyrirlesara og fundargesta.

Íslensk skattlagning á olíuleit og olíuvinnslu
- Vala Valtýsdóttir, sviðsstjóri skatta- og lögfræðisviðs Deloitte á Íslandi
Experience with the Norwegian Tax System pertaining to the oil industry
- Petter Grüner, International Tax Expert, Deloitte Norway
Olíuleit og vinnsla - hvað er framundan?
- Haukur Óskarsson, framkvæmdastjóri iðnaðar, Mannvit

Ráðstefnustjóri er **Þorkell Erlingsson,** framkvæmdastjóri Íslensks Kolvetnis.
Aðgangseyrir er kr. 3.500 með morgunverði sem hefst kl. 8.00. Skráning á **skraning@deloitte.is** og í síma **580-3000.**

Deloitte.

Erum flutt í nýtt og glæsilegt húsnæði að Mörkinni 1!

Erum með mikið úrval af gæða flísum og parketi. Fagleg og persónuleg þjónusta.

GALLERY GÓLF

PARKET & FLÍSAR

Mörkinni 1 - 108 Reykjavík - Sími 562 42 42 www.gallerygolf.is. Opið alla virka daga 10 -18, laugardaga 11 -15.

Góðir fyrir bakið!

Veltikollar og hnakkstólar

Hirzlan

Smiðsbúð 6 210 Garðabæ Sími 564 5040

www.hirzlan.is

Skaðabótamál fyrrverandi starfsmanns gegn HÍ og tveimur stjórnendum bíður:

Fjárdráttur við HÍ í rannsókn í þrjú ár

LÖGREGLUMÁL Lögregla rannsakar enn mál konu sem var kærð árið 2009 fyrir að draga sér fé frá Raunvísindastofnun Háskóla Íslands. Á meðan bíður skaðabótamál hennar gegn skólanum meðferðar fyrir dómi.

Konan var kærð til lögreglu haustið 2009. Við reglubundið eftirlit Ríkisendurskoðunar á bókhaldi Háskóla Íslands hafði komið í ljós misræmi upp á tæpar tvær milljónir króna, að því er sagði í frétt DV sumarið 2010. Konan var grunuð um að hafa dregið sér féð smátt og smátt á nokkurra mánaða tímabili.

Lögreglan hefur síðan haft það til rannsóknar en engin ákæra hefur verið gefin út og málið ekki verið látið niður falla.

Konunni var sagt upp störfum eftir að málið kom upp. Hún taldi að ólöglega hefði verið staðið að uppsögninni og höfðaði skaðabótamál á hendur skólanum, Magnúsi Tuma Guðmundssyni, deildarstjóra jarðvísindadeildar, og Sigurði Guðnasyni, framkvæmdastjóra Raunvísindastofnunar.

Það mál verður tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í næstu viku, en er engu að síður í biðstöðu á meðan ekki er fengin niðurstaða í fjárdráttarrannsókninni. - sh

PENINGAR Konan er sökuð um að hafa dregið sér hátt í tvær milljónir.

Flugmálastjórn um WOW:

Nota mjög villandi tungutak

STJÓRNSÝSLA Flugmálastjórn segir WOW air nota mjög villandi tungutak í lýsingum á starfsemi sinni.

Eftir að WOW tók yfir Iceland Express setti Flugmálastjórn saman tilkynningu þess efnis að félagið sé ekki flugrekstrarfélag í þeim skilningi að félagið eigi og haldi úti loftfari. Ástæðan er sú að félagið sagðist hafa tekið yfir flugrekstur Express.

„Iceland Express og WOW air hafa vissulega stuðlað að reglubundnum flutningi á fólki og vörum til og frá Íslandi og aukinni samkeppni, en þeir hafa til þess þurft að fá flugrekenda frá Evrópska efnahagssvæðinu með tilskilin flugrekstrarleyfi til að annast flugið fyrir sig," segir Flugmálastjórn. - sv

KOSIÐ Í ÚKRAÍNU Júlía Tímósjenkó segir kosningarnar um helgina hafa verið þær óheiðarlegustu í sögu landsins. NORDICPHOTOS/AFP

FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP

HVERNIG ER VEÐRIÐ Í DAG?

vísir - oft á dag

Úkraínustjórn sögð misnota valdastöðu

Kosningaeftirlit ÖSE segir lýðræði hafa farið aftur í Úkraínu. Stjórnarandstöðu var haldið frá fjölmiðlum og fjármagni. Viktor Janúkovitsj forseti hrósar sigri. Júlía Timosjenkó mótmælir með mótmælasvelti.

ÚKRAÍNA, AP „Þegar hliðsjón er höfð af misnotkun valda og óhóflegu hlutverki peninga í þessum kosningum þá virðist sem lýðræðisferlinu hafi farið aftur í Úkraínu," segir Walburga Habsburg Douglas, yfirmaður eftirlitssveitar á vegum Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu, sem fylgdist með framkvæmd þingkosninganna í Úkraínu á sunnudag.

Viktor Janúkovitsj forseti hrósar sigri. Endanleg úrslit verða ekki tilkynnt fyrr en í dag, en þegar búið var að telja um helming atkvæða stefndi allt í að Héraðaflokkurinn, sem er flokkur forsetans, fái 240 til 260 þingsæti á 450 manna þjóðþingi landsins.

Kommúnistaflokknum, sem hefur veitt Janúkovitsj forseta stuðning, er spáð fimmtán prósentum atkvæða, en þessir tveir flokkar vilja halda góðum tengslum við Rússland.

Stjórnarandstöðuflokkarnir, sem vilja frekar tengjast Vesturlöndum en Rússlandi, ná ekki meirihluta og sitja því áfram í stjórnarandstöðu.

Flokkur Júlíu Tímósjenkó, sem nú situr í fangelsi, hafði fengið 22 prósent og flokkur boxkappans Vitali Klitsjkó var kominn með þrettán prósent.

Þá er kominn fram nýr flokkur þjóðernissinna, sem virtist ætla að fá um átta prósent atkvæða.

Í tilkynningu frá kosningaeftirliti ÖSE segir að stjórnarflokkarnir hafi staðið betur að vígi fyrir kosningarnar, bæði vegna þess að stjórnarflokkarnir hafi óspart notfært sér aðstöðu sína í ríkisfjölmiðlum og stjórnkerfinu almennt, auk þess sem fjármögnun flokksstarfs og kosningabaráttu er engan veginn nógu gegnsæ.

Þá gagnrýnir ÖSE að tveir þekktir stjórnarandstæðingar,

> Maður ætti ekki að þurfa að fara í fangelsisheimsókn til að heyra hljóðið í stjórnmálaleiðtogum landsins.
>
> **WALBURGA HABSBURG DOUGLAS**
> YFIRMAÐUR KOSNINGAEFTIRLITS HJÁ ÖSE

þau Timosjenkó og Júríi Lútsjenkó, sitji í fangelsi í kjölfar réttarhalda, sem ÖSE gagnrýndi á sínum tíma. „Maður ætti ekki að þurfa að fara í fangelsisheimsókn til að heyra hljóðið í stjórnmálaleiðtogum landsins," segir Douglas.

ÖSE segir að fjarvera þeirra frá kosningabaráttunni hafi greinilega haft áhrif á úrslit kosninganna.

Tímósjenkó brást í gær við úrslitunum með því að hefja mótmælasvelti í fangelsinu. Hún sakar stjórnina um kosningasvindl og segir þessar kosningar hafa verið þær óheiðarlegustu í sögu landsins. gudsteinn@frettabladid.is

Við kynnum nýjan Kia cee'd Sportswagon – stærri og rúmbetri útgáfu af hinum vinsæla Kia cee'd. Hann er vel búinn og kraftmikill en samt sparneytinn, **eyðir frá aðeins 4,4 l/100 km** í blönduðum akstri.

Komdu við í sýningarsal Öskju að Krókhálsi 11 eða hjá umboðsmönnum okkar og kynntu þér þennan stórglæsilega bíl. Við tökum vel á móti þér.

Verð frá **3.655.777 kr.** Kia cee'd Sportswagon. **Vetrardekk fylgja.**

Aðeins **30.777 kr.** á mánuði í 84 mánuði*

*M.v. 50% útborgun eða uppítökubíl að sambærilegu verðmæti. Árleg hlutfallstala kostnaðar 11,06 %.

Þú finnur „Kia Motors Ísland" á Facebook

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.

Birting viðauka við lýsingu Eimskipafélags Íslands hf.

Almennt útboð 30. október til 2. nóvember 2012

Í tengslum við almennt útboð á hlutabréfum í Eimskipafélagi Íslands hf. (hér eftir „Eimskip“ eða „félagið“) skv. 43. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti og umsókn félagsins um töku allra hlutabréfa í Eimskip til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. (hér eftir nefndur „Aðalmarkaður Kauphallarinnar“), hefur Eimskip birt viðauka, dags. 29. október 2012, við lýsingu félagsins, dags. 22. október 2012, sem samanstendur af samantekt, verðbréfalýsingu og útgefandalýsingu, allt dagsett 22. október 2012 (hér eftir nefnt „Lýsingin“). Viðaukinn er gefinn út á grundvelli 46. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti þar sem segir m.a., að komi fram nýjar upplýsingar, veigamikil mistök eða ónákvæmni er varða upplýsingar í Lýsingu, sem máli geta skipt við mat á verðbréfum og koma fram á tímabilinu frá því Lýsingin var staðfest, og þar til útboði lýkur eða, ef við á, þegar viðskipti á skipulegum verðbréfamarkaði hefjist, skuli útbúa viðauka við Lýsingu þar sem greint er frá viðkomandi atriðum. Viðaukinn er gefinn út á ensku, líkt og Lýsing félagsins, og skoðast sem hluti af Lýsingunni. Viðaukann má nálgast á vefsíðu félagsins, www.eimskip.is. Lýsingin ásamt viðaukanum eru birt á vefsíðu félagsins, www.eimskip.is, ásamt íslenskri þýðingu á samantektinni. Útprentuð eintök af Lýsingunni, ásamt viðaukanum, má jafnframt nálgast í höfuðstöðvum Eimskips í Korngörðum 2, 104 Reykjavík. Viðaukinn verður aðgengilegur næstu 12 mánuði.

Viðaukinn er birtur í tengslum við ákvörðun lykilstjórnenda Eimskips um að falla frá kaupréttum, sem félagið hafði veitt viðkomandi aðilum. Ákvörðunin var tekin vegna mikillar andstöðu gegn kaupréttunum sem lýst var yfir í fjölmiðlum á meðan útboðinu stóð. Ákvörðunin var tekin eftir að lokuðu útboði lauk. Umræddar upplýsingar taka til kafla 12.3 *Remuneration and Benefits* í skráningarlýsingu félagsins. Jafnframt eru í viðaukanum upplýsingar um niðurstöður lokaða útboðsins sem skulu skoðast sem uppfærsla á kafla *6 Terms and Conditions of the Offering* í verðbréfalýsingu félagsins.

Almennt útboð 30. október til 2. nóvember 2012

Almennt útboð fer fram frá kl. 10:00 þriðjudaginn 30. október og stendur til kl. 16:00 föstudaginn 2. nóvember 2012. Seljendur eru Landsbanki Íslands hf., ALMC hf. og Samson eignarhaldsfélag ehf., en Eimskip hyggst selja eigin hluti verði umframeftirspurn í almenna útboðinu. Seljendur í útboðinu munu bjóða til sölu 10.000.000 áður útgefna hluti í Eimskip, sem samsvarar 5% af heildarhlutafé félagsins. Verði umframeftirspurn mun Eimskip bjóða til sölu allt að 6.000.000 af eigin hlutum og stækkar útboðið þá í allt að 8% af útgefnum hlutum eða samtals 16.000.000 hluti. Lágmarksáskrift er 25 þúsund krónur fyrir starfsmenn Eimskips og 50 þúsund krónur fyrir aðra fjárfesta. Útboðsgengið er fast, kr. 208, og var ákvarðað með hliðsjón af eftirspurn í lokuðu útboði sem haldið var fyrir almenna útboðið, á tímabilinu frá þriðjudeginum 23. október til fimmtudagsins 25. október 2012.

Útboðið er markaðssett á Íslandi. Skilyrði fyrir þátttöku í almenna útboðinu eru að þátttakendur hafi íslenska kennitölu og séu fjárráða. Áður en tekin er ákvörðun um fjárfestingu í hlutabréfum í Eimskip eru fjárfestar hvattir til að kynna sér allar upplýsingar í Lýsingunni í heild og skilmála útboðsins sem þar koma fram.

Markmið Eimskips og seljenda er að útboðið geri Eimskip kleift að uppfylla skilyrði reglna NASDAQ OMX Iceland hf. fyrir útgefendur fjármálagerninga, dags. 1. desember 2009, um dreifingu hlutafjár. Er þá bæði horft til þess að almenningur og fagfjárfestar eignist hlut í félaginu. Það er jafnframt markmið seljenda að fá ásættanlegt verð fyrir eign sína. Seljendur áskilja sér rétt að falla frá útboðinu ef Kauphöllin samþykkir ekki fyrirliggjandi umsókn félagsins um að hlutir í Eimskip verði teknir til viðskipta.

Niðurstöður almenna útboðsins munu liggja fyrir að morgni mánudags 5. nóvember 2012. Gert er ráð fyrir að 16. nóvember 2012 verði fyrsti dagur viðskipta með hlutabréf félagsins á Aðalmarkaði Kauphallarinnar, en hann verður tilkynntur af Kauphöllinni með minnst eins viðskiptadags fyrirvara.

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar um Eimskipafélag Íslands hf. og skilmála almenna útboðsins má finna í Lýsingu Eimskips og viðauka við hana, dags. 29. október 2012. Fyrirtækjaráðgjöf Straums fjárfestingabanka hf. og fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hf. hafa umsjón með almenna útboðinu og því ferli að fá hluti félagsins tekna til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar. Straumur fjárfestingabanki hf. og Íslandsbanki hf. veita nánari upplýsingar um útboðið í síma 525 7070 frá kl. 10:00 til 20:00 á tímabilinu sem útboðið stendur yfir, en það fer fram frá kl. 10:00 þann 30. október til kl. 16:00 2. nóvember 2012.

Reykjavík, 29. október 2012

Stjórn Eimskipafélags Íslands hf.

Fíton SÍA

Breyting á Aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027

Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkti þann 26. júlí 2012 Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027.

Tillagan var auglýst frá 14. maí til 4.júlí 2012. Alls bárust 16 athugasemdir og hefur þeim verið svarað. Athugasemdir leiddu til nokkurra breytinga og hefur aðalskipulagið verið sent Skipulagsstofnun til afgreiðslu.

Nánari upplýsingar eru veittar hjá sveitarstjóra.

Þórshöfn 29.10.2012
Sveitarstóri Langanesbyggðar

E! ENTERTAINMENT ER Á STÖÐ 2 FJÖLVARP | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á STOD2.IS

Tvíburabræður temja lærdómskálfinn Hrein

Krakkarnir á bænum Eyrarlandi í Fljótsdal reyna nú að temja hreindýrskálf sem villtist með fé í september og gera hann að gæludýri. Kálfurinn hefur fengið nafnið Hreinn. Kálfurinn er bráðgreindur og námfús, segir bóndinn.

DÝRALÍF Hreindýrskálfur hefur gert sig heimakominn með kindunum á túninu við bæinn Eyrarland í Fljótsdal. Kálfurinn rakst með fénu þegar bændurnir voru að smala um miðjan september en þá var hann frekar veikburða.

„Beljan hefur sennilega verið skotin á veiðitímabilinu og kálfurinn væntanlega villst frá hjörðinni. Nú hefur hann hins vegar tekið ástfóstri við kindurnar," segir Þorvarður Ingimarsson, bóndi á Eyrarlandi.

Þorvarður segir nokkur dæmi þess að hreindýr villist með þegar kindunum er smalað þó það sé ekki algengt. „Kindurnar okkar voru dálítið tortryggnar í upphafi en voru fljótar að venjast honum. Nú erum við að vinna í að temja hann, gera hann bandvanan svo hægt sé að teyma hann. Svo fáum við kannski aktygi og sleða og gerum hann að alvöru Rúdolf," segir Þorvarður.

Á Eyrarlandi eru börnin, tólf til fjórtán ára, mjög spennt fyrir hreindýrskálfinum. „Þau gáfu honum hið frumlega nafn Hreinn," segir Þorvarður hlæjandi. „Þau vilja temja hann og gera að gæludýri."

Þorvarður segir Hrein vera bráðvitra skepnu. „Það er greinilegt. Hann er góður að læra og góður í umgengni. Við höfum hann bara hérna á túninu en rekum hann svo niður í rétt og bindum hann. Það er ekkert stórmál. Hann er fljótur að gefa eftir bandið – er eins og góður hestur eða þannig."

HRIFNIR AF HREINI Tvíburabræðurnir Arnar Óli og Hjálmar Óli Þorvarðarsynir eru himinlifandi með hreindýrskálfinn Hrein. MYND/ÞORVARÐUR INGIMARSSON

> Svo fáum við kannski aktygi og sleða og gerum hann að alvöru Rúdolf.
>
> **ÞORVARÐUR INGIMARSSON**
> BÓNDI Á EYRARLANDI

Þorvarður segir að Hreinn hagi sér nánast alveg eins og rollurnar að Eyrarlandi. „Hann fylgir hópnum alveg eftir og leitar mikið í þær," segir Þorvarður en segir kálfinn þó ekki vera farinn að svara hinu nýtilkomna nafni sínu. „Nei, við sjáum engin merki þess," segir Þorvarður. „Hann fær að vera hér eins lengi og hann kýs. Við skulum sjá hvort hann lifir af veturinn. Kálfur án hjarðar er ekki líklegur til að þrauka veturinn."

kristjan@frettabladid.is

SIMPLY CLEVER

ŠKODA

ŠKODA bifreiðar eru þekktar fyrir **sparneytni** og **lága bilanatíðni**. Það þekkja hinir fjölmörgu Škoda eigendur á Íslandi best. ŠKODA Octavia 1.6 TDI eyðir aðeins 4,5 lítrum á hverja hundrað kílómetra og er margverðlaunaður í sparakstri.

Nú er komin glæsileg viðhafnarútgáfa, **Octavia Driver's Edition** sem gerir akstursupplifunina enn meiri og skemmtilegri.

ŠKODA Octavia Driver's Edition kostar frá kr*:

3.740.000,-

*Octavia Driver's Edition 1.6 TDI, 105 hestöfl, beinskiptur

Aukabúnaður í Driver's Edition

Bolero hljómtæki með 6 diska magasíni og 12 hátölurum

Fjarstýring í stýri fyrir útvarp

Fullkomið Bluetooth Premium kerfi með fjarstýringu í stýri fyrir síma

Sóllúga

15" álfelgur „PYXIS"

Nálgunarvarar að aftanverðu

Umboðsmenn

Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · Hekla Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

Reynslan er góð!

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is

HEKLA

ENNEMM / SÍA / NM54643

JÓLAHLAÐBORÐ MEÐ SÍGILDRI HÁTÍÐARSTEMNINGU

Hlaðborðið okkar er orðið að dásamlegri hefð, klassískt með fersku ívafi. Hugljúf og lifandi tónlist um helgar, jólasveinar og fjölskyldugleði á sunnudögum.

Jólin hefjast á Satt 15. nóvember

Eftir það bjóðum við upp á jólahlaðborðið á kvöldin og í hádeginu 16. – 17. og 23. – 24. nóvember og alla daga frá 29. nóvember til 22. desember.

Jólahlaðborð í hádeginu: 4.400 kr.
Jólahlaðborð á kvöldin: 8.800 kr.

Borðapantanir í síma 444 4050 eða á satt@sattrestaurant.is.

skoðun

greinar@frettabladid.is

Um leið og góðum árangri er fagnað á forvarnardeginum ber að huga að nýjum verkefnum:

Forvarnir þarf að nota víðar

Snarlega hefur dregið úr reykingum og áfengisdrykkju 10. bekkinga á hálfum öðrum áratug. Auk þess hefur þeim fækkað jafnt og þétt á sama tíma sem hafa prófað að reykja hass. Þessi þróun er afleiðing markvissra forvarna sem beinst hafa að börnum og er ætlað að koma í veg fyrir að þau byrji að reykja, drekka og reykja hass.

Á morgun er haldinn forvarnardagur. Sem fyrr beinist athyglin að ungmennum en einnig að foreldrum þeirra því rannsóknir sýna að á sama tíma hefur samvistarstundum foreldra og barna í 9. og 10. bekk fjölgað og þau eru sjaldnar lengi úti á kvöldin en áður. Það er því fylgni milli þess að vera í samvistum með fjölskyldunni og vera síður líklegur til að reykja og drekka.

SKOÐUN
Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is

Ekki er óvarlegt að ætla að minnkandi reykingar og áfengisdrykkja eigi eftir að skila sér til framtíðar, þ.e. að þessi ungmenni séu síður líkleg til að reykja þegar þau verða fullorðin og einnig síður líkleg til að misnota áfengi og önnur vímuefni. Þetta járn verður því að hamra áfram.

Aðferðina ætti einnig að þróa áfram og yfirfæra viðfangsefni forvarna á fleiri svið. Kallað hefur verið eftir forvörnum gegn ofbeldi og þá ekki bara gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum sem er það ofbeldi sem oftast er nefnt í tengslum við forvarnahugtakið.

Ofbeldi í margvíslegri birtingarmynd er ótrúlega samþykkt hegðun í samfélagi sem á að teljast bæði þróað og siðað. Hluti þess fer vissulega saman við ofnotkun vímuefna; tengist þeirri óreiðu sem vill skapast í samskiptum fólks þegar dómgreindin hefur verið slævð. En þetta er aðeins hluti.

Til dæmis er stór hluti ofbeldis inni á heimilum framinn af allsgáðu fólki, oftast körlum. Það mun því ekki endilega minnka þótt dragi úr misnotkun á áfengi.

Forvarnir gegn ofbeldi eru kannski ekki einfalt verkefni. Í það minnsta líklega flóknara en forvarnir gegn vímuefnanotkun þar sem hægt er að benda á staðreyndir svo sem um sjúkdóma af völdum reykinga. Þegar öllu er á botninn hvolft hlýtur þetta þó að snúast um að bera virðingu fyrir náunganum, bæði þeim sem maður þekkir og þykir vænt um eins og maka og fjölskyldu en líka hinum sem maður þekkir ekki neitt.

Þetta er raunar hluti af uppeldi flestra og er vel kennt og ástundað í leikskólum og skólum. Viðbótin felst kannski í því að auka meðvitundina um að sýna virðingu í samskiptum alltaf og við allar aðstæður, að hafa hemil á sjálfum sér þegar reiðin ætlar að taka stjórnina, að auka meðvitundina um að hver ber ábyrgð á sínum gerðum, að enginn kallar það fram að vera barinn eða nauðgað, alveg sama hvað hann segir eða gerir.

Það er rík ástæða til að fagna góðum árangri í forvörnum gegn reykingum, áfengis- og hassnotkun en um leið og þeim árangri er fagnað ætti að taka höndum saman um að ráðast að því stóra samfélagsmeini sem ofbeldið er.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Þarftu að innleiða
örgjörvaposa?

Með því að taka í notkun örgjörvaposa sem snúa að viðskiptavinum og tengja þá við afgreiðslukerfið frá Advania takmarkar fyrirtækið rekstraráhættu tengda kortaviðskiptum.

Advania á tilbúnar posalausnir og aðstoðar við innleiðingu á örgjörvaposum.

Nánari upplýsingar á www.advania.is/pinnid eða í síma 440 9428.

Sætún 10 | 105 Reykjavík | Sími 440 9000

advania
Welcome to IT

FRÁ DEGI TIL DAGS

Grunsamlegt

Guðlaugur Þór Þórðarson, Sjálfstæðisflokki, er ánægður með Helga Hjörvar, Samfylkingu. „Ég fagna því að loks sé kominn stjórnarliði með lífsmarki þegar kemur að neytendavernd á fjármálamarkaði," segir Guðlaugur um stríð Helga við fjármögnunarfyrirtækið Lýsingu. Þetta skjall gengur í óvenjulega átt. Stjórnarandstæðingar hafa til þessa ekki lagt lykkju á leið sína til að lofa framgöngu stjórnarliða. Þeir sem trúa á samsæriskenningar mundu væntanlega gera því skóna að hér byggi eitthvað meira að baki.

Ekki neitt

Karpið um það hvort WOW air sé flugfélag eða ekki er mjög skemmtilegt. Á öðrum endanum er Flugmálastjórn sem segir að WOW sé alls ekki flugrekstrarfélag og á hinum eru WOW-menn sjálfir, sem segjast bara víst starfrækja flugfélag. Á þessu tvennu – flugrekstrarfélagi og flugfélagi – virðist vera nokkur munur að lögum. Deilan snýst sum sé ekki um neitt. Ætli henni verði samt ekki haldið áfram um sinn.

Er búið að hringja í Hauk?

Framsóknarmenn hafa ákveðið að velja á lista fyrir norðan á tvöföldu kjördæmisþingi. Þar takast á um efsta sætið þeir fóstbræður Sigmundur Davíð Gunnlaugsson og Höskuldur Þórhallsson. Ágæt samstaða náðist um leiðina á kjördæmisþingi um helgina. Höskuldur vildi prófkjör en fékk ekki sínu framgengt. Hvort það segir nokkuð um almennan stuðning við hann er önnur saga. En nú er sem sé allt að verða eins og það á að sér og ekkert eftir nema að fá Hauk Ingibergsson til að stýra talningunni.

stigur@frettabladid.is

HALLDÓR

Launamerkið

Jafnréttismál

Sigmundur Ernir Rúnarsson
alþingismaður

Í auknum mæli skreyta fyrirtæki sig umhverfismerkjum. Það er bæði þarft og snjallt. Eins eru félög í meiri mæli farin að huga að hollustuþáttum í ímynd sinni, svo og vottun um réttindi vinnuafls, uppruna hráefnis og sanngjörn viðskipti. Allt er þetta vel.

Tímabært er að fyrirtæki, jafnt þau opinberu og einkareknu, merki sig mannvernd. Þar þarf sérstaklega að huga að launajöfnuði, sem er og verður, þar til honum verður útrýmt, einhver mesti ljóður á starfsemi fyrirtækja, hér á landi sem erlendis.

Snjallt væri að taka upp Launamerkið, sem þau fyrirtæki ein, sem geta sannað fullan launajöfnuð innan sinna raða, geta prýtt sig með í bak og fyrir. Ég yrði stoltur af því að skipta við slík fyrirtæki – og liti innan tíðar þau félög hornauga, sem ekki státuðu af slíku.

Eðlilegt er að Launamerkið lúti sömu lögmálum og önnur stöðluð vottun sem að ofan greinir; þar til bær stofnun veitti heimild fyrir notkun merkisins, að undangenginni skoðun á launabókhaldi. Hinn kostinn þekkjum við: Launabil kynjanna þrífst á launaleynd.

Viðvarandi launamunur kynjanna, sem

> Ég held þvert á móti að öll ábyrg fyrirtæki vilji hafa hér hreint borð.

lítið hefur skánað á undanliðnum árum, er mjög alvarleg meinsemd í samfélaginu. Ráðstefnur, skýrslur og úttektir á vandanum eru góðra gjalda verðar, en við dagsbrún nýrrar aldar er rík þörf á aðgerðum og lausnum.

Spyrja má hvort fyrirtæki hafi hér eitthvað að óttast. Ég held þvert á móti að öll ábyrg fyrirtæki vilji hafa hér hreint borð. Fátt bætir ímynd þeirra jafn mikið og að þau komi eins fram við konur og karla sem fyrir þau starfa. Og er hér ekki tími til kominn?

Ein dætra minna fer brátt á vinnumarkað. Hún er að mennta sig í háskóla. Við henni mun blasa verulegur, en óútskýrður launamunur. Yngsta dóttir mín fer á vinnumarkað eftir fimmtán ár. Ef fram heldur sem horfir – og án lausna – mun það sama blasa við henni.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is*
HELGAREFNI: Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
ÍÞRÓTTIR: Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

Hollusta eða bara plat?

HEILSA
Teitur Guðmundsson
læknir

Nýlegar rannsóknir vísindamanna við Stanford-háskóla í Bandaríkjunum velta því upp að lífræn ræktun sé ekki hollari en önnur ræktun ef undanskilið er að vera útsettur fyrir skordýraeitri sem víða er notað, en er minna tengt lífrænum afurðum. Þá er einnig bannað að nota sýklalyf, bætiefni eða hormóna við lífrænar afurðir ólíkt því sem getur gerst við venjubundna ræktun.

Það er því afar áhugavert þegar litið er til rannsóknarniðurstaðna ofangreindra vísindamanna sem fóru yfir margar rannsóknir með svokallaðri meta-analysis aðferð til að greina þær rannsóknir sem gerðar hafa verið um hollustu afurða hvort sem er svokallaðar lífrænar eða hefbundar, að ekki skuli vera neinn afgerandi munur á hollustu þeirra. Fæðuflokkarnir sem voru skoðaðir voru meðal annars ávextir, grænmeti, egg, mjólkurvörur og fuglakjöt.

Í markaðslegu tilliti hafa lífrænar vörur selst í auknum mæli um allan heim og er því um verulega hagsmuni að ræða fyrir bæði framleiðendur og seljendur að geta flaggað sinni vöru sem hollari auk þess sem hægt er að nota það sem ástæðu fyrir dýrari vörum en ella. Þá hefur verið rætt í þessu samhengi að dýrari vara í augum kaupandans þýðir oftsinnis aukin gæði, sem þessi rannsókn virðist stangast á við ef horft er til hollustusjónarmiða. Ekki var hægt að sýna fram á aukið vítamíninnihald né marktækan mun á prótein- eða fituinnihaldi þessara afurða og niðurstaða vísindamannanna því sú að enginn munur væri á hollustu þessara vara þegar þessir hlutir eru mældir.

Þegar horft er til bragðgæða, útlits eða annarra þátta sem ekki er hægt að tengja beint við hollustu er ljóst að þar er fyrst og fremst um að ræða tilfinningalega þætti sem er erfitt að mæla og einstaklingsbundna upplifun hvers og eins. Það er þó ljóst að margir kjósa að neyta lífrænna afurða vegna skoðana sinna á umhverfisvernd og félagslegra þátta og er það góðra gjalda vert og ánægjulegt, þó með þessum fyrirvara að því er virðist, að ekki sé neinn marktækur munur þegar tekið er tillit til hollustu einstakra vöruflokka.

Nú verður að skoða veikleika þessarar rannsóknar einnig og eru þeir einna helst að ekki er um langtímaeftirfylgni að ræða með einstaklingum og tímaramminn að hámarki tvö ár sem er í styttra lagi. Þá voru rannsóknir þær sem skoðaðar voru mjög margvíslegar, ræktun og meðferð afurða mismunandi svo og munur milli ræktunarsvæða hvað varðar jarðveg og margt fleira sem vert er að telja upp sem annmarka. Þetta leiðir til þess að gera þarf langtímarannsóknir með tilliti til mælanlegra þátta sem snerta heilsufar

> Kostnaður við slíkar rannsóknir er mjög mikill og umfangið einnig mikið þar sem svo margar breytur eru í menginu. Ég leyfi mér því að efast um að við munum fá úr þessu skorið með afgerandi hætti á næstunni.

með tvíblindri rannsóknaraðferð til að svara frekar þeim fullyrðingum sem fram koma.

Kostnaður við slíkar rannsóknir er mjög mikill og umfangið einnig mikið þar sem svo margar breytur eru í menginu. Ég leyfi mér því að efast um að við munum fá úr þessu skorið með afgerandi hætti á næstunni. Því verðum við að láta tilfinningar okkar, pyngjuna og umhverfisvitund okkar ráða um fæðuval og innkaup hverju sinni en ekki auglýsingar um meinta hollustu eða óhollustu þeirrar vöru sem við setjum í kerruna okkar.

60 ára afmælisþing Norðurlandaráðs

Norræn samvinna
Helgi Hjörvar
formaður Íslandsdeildar Norðurlandaráðs

Í dag hefst Norðurlandaráðsþing í Helsinki, helsti viðburður norrænnar samvinnu ár hvert. Norðurlandaráð á 60 ára afmæli í ár og því ber að fagna þar sem ráðið er í lykilhlutverki við að bæta hag almennings á Norðurlöndum með frumkvæði um norrænt samstarf. Verkefnin eru á ýmsum sviðum, á sviði efnahagsmála, menningar- og menntamála, borgara- og neytendamála, umhverfismála, og í síauknum mæli á sviði alþjóðamála.

Norðurlandaráðsþingið er einstakt að því leyti að þar eiga sér stað umræður milli ráðherra allra Norðurlandanna við þingmenn frá öllum löndunum. Í ár verða sérstakar umræður ríkisstjórnaleiðtoga landanna og stjórna Færeyja, Grænlands og Álandseyja um efnahagslegar og aðrar áskoranir norrænna velferðarkerfa. Þá verða umræður með þátttöku norrænu utanríkisráðherranna um alþjóðamál og öryggis- og varnarmál, og ráðherrar norrænna samstarfsmála svara óundirbúnum munnlegum fyrirspurnum þingmanna.

Landamærahindranir, þ.e. reglur og venjur innan stjórnsýslunnar sem hindra för og starf einstaklinga og fyrirtækja milli Norðurlanda skv. norrænum samningum, hafa verið í brennidepli í starfi Norðurlandaráðs á árinu og verða það einnig á Norðurlandaráðsþinginu. Í apríl fóru fram samtímis í norrænu þjóðþingunum umræður um landamærahindranir þar sem rauði þráðurinn í umræðunum var hvernig koma mætti í veg fyrir myndun hindrana við lagasetningu og innleiðingu ESB-gerða. Fyrir Norðurlandaráðsþinginu í Helsinki liggur tillaga um að styrkja lagalega stöðu norræns almennings samkvæmt norrænum samningum með norrænum umboðsmanni. Ætlast er til að norrænir borgarar sem telja sig rekast á landamærahindranir milli Norðurlanda geti leitað til umboðsmanns, auk þess sem hann ráðlegði Norrænu ráðherranefndinni, norrænum ríkisstjórnum og norrænum þjóðþingum um hvernig komast megi hjá myndun nýrra stjórnsýsluhindrana við lagasetningu og innleiðingu ESB-gerða.

Í tengslum við Norðurlandaráðsþingið verða einnig afhent verðlaun Norðurlandaráðs en þess má geta að tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs 2012 hlýtur íslenska tónskáldið Anna Þorvaldsdóttir fyrir verk sitt Dreymi.

Í þágu komandi kynslóða

Fjármál

Katrín Júlíusdóttir
fjármálaráðherra

Heildarjöfnuður ríkissjóðs án óreglulegra liða*



Við efnahagshrunið 2008 skruppu tekjur ríkissjóðs verulega saman og miklar skuldir söfnuðust upp vegna nauðsynlegra ráðstafana til þess að halda þjóðarskútunni á floti. Fjölmörg heimili um allt land upplifðu svipaða fjárhagsörðugleika og megnið af stærstu fyrirtækjum landsins varð tæknilega gjaldþrota. Ljóst var að draga þyrfti skarpt úr útgjöldum ríkissjóðs til að ná fram jöfnuði í ríkisfjármálum. Sagt á einfaldan máta: við þurftum að eyða talsvert minna og afla miklu meira.

Í stað þess að ráðast í stórfelldan niðurskurð fyrir fjárlögin 2009 var ákveðið í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn að treysta á blandaða leið hagvaxtar, skattkerfisbreytinga og niðurskurðar í ríkisútgjöldum. Markmiðið var að vinna bug á þeim mikla fjárlagahalla sem blasti við eftir efnahagshrunið en halda um leið uppi einkaneyslu og atvinnustigi. Sú leið hefur reynst vera farsæl og vakið athygli víða. Niðurskurðurinn í ríkisútgjöldunum hefur ekki verið sársaukalaus. En hann var nauðsynlegur til að stöðva skuldasöfnun ríkissjóðs.

Breytum vöxtum í velferð

Því var spáð þegar á árinu 2009 að á árunum 2013 og 2014 myndu Íslendingar vera að rétta úr kútnum í efnahagslegu tilliti meðan skuldakreppan yrði að vaxandi vandamálum víða í Evrópu, þar sem ríkissjóðir pumpuðu fé inn í gjaldþrota bankakerfi. Við erum þegar farin að njóta hagvaxtar og hægt vaxandi fjárfestinga en þó er vandasöm sigling fram undan. Mikilvægt er að missa ekki landsýn og hafa borð fyrir báru frekar en að ana út í óvissu og láta ótímabæra bjartsýni villa sér sýn. Raunsæ yfirsýn og heildarmat á stöðunni og næstu framtíð er hverjum Íslendingi lífsnauðsyn.

Nú fjórum árum eftir hrun er staðan þannig að árið 2013 er gert ráð fyrir að um 15% af áætluðum heildartekjum ríkissjóðs muni fara í vaxtakostnað eða samtals um 88 milljarðar króna. Fyrir þá upphæð gætum við rekið menntakerfið allt í meira en eitt og hálft ár. Mikið væri gott að geta varið hluta af þessum fjármunum frekar í aukna menntun og umbætur í velferðarþjónustu. Við þurfum að byrja að greiða niður skuldir til að minnka þennan kostnað. Ríkissjóður Íslands skuldar of mikið og vaxtakostnaðurinn vegur of þungt í fjárlögum.

Þáttaskil í ríkisfjármálum

Þau þáttaskil eru í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2013 sem liggur fyrir Alþingi að gjöld og tekjur standast nokkurn veginn á ef óreglulegir liðir eru meðtaldir. Án óreglulegra liða verður heildarjöfnuður hins vegar lítils háttar jákvæður eða sem nemur 4,3 milljörðum króna. Óreglulegir liðir eru útgjaldaliðir sem geta sveiflast talsvert milli ára og stjórnvöld eða Alþingi geta ekki haft mikil áhrif á, a.m.k ekki til skamms tíma. Sem dæmi um óreglulega liði má nefna lífeyrisskuldbindingar, afskriftir skattkrafna, afskrifuð eiginfjárframlög og tapaðar kröfur auk annarra liða.

Brýnasta verkefnið

Að sama skapi er gert ráð fyrir að skuldir ríkissjóðs fari nú lækkandi sem hlutfall af landsframleiðslu (VLF) í fyrsta skipti frá hruni. Í júlí sl. námu skuldir ríkissjóðs um 1.508 milljörðum króna og er áætlað að þær muni nema 1.497 mö.kr. við árslok 2012 sem mun þá vera um 85% af landsframleiðslu. Mikil skuldsetning ríkissjóðs er veikleikamerki sem hefur neikvæð áhrif á allt íslenska hagkerfið. Því verður það forgangsmál að skila afgangi af fjárlögum og nýta hann til að greiða niður skuldir. Slíkt er eingöngu mögulegt ef áfram verður rekin ábyrg ríkisfjármálastefna með myndarlegum afgangi á fjárlögum ríkisins.

Engin vandamál verða leyst án þess að við sem einstaklingar og sem þjóð viðurkennum þau í verki. Þess vegna er það okkar brýnasta og stærsta verkefni að sameinast um að lækka vaxtakostnað sameiginlegs sjóðs landsmanna. Við vinnum okkur út úr vandanum og skilum Íslandi skuldlitlu til komandi kynslóða. Það er verkefnið.

Rannsóknar- og þróunarstarf lykill að stöðugum hagvexti

Rannsóknir

Svana Helen Björnsdóttir
formaður SI

Nýverið kom út könnun á vegum ESB á viðhorfum fyrirtækja í Evrópu til fjárfestinga í rannsóknum og þróun þar sem fram kemur að evrópsk fyrirtæki efla nú rannsóknar- og þróunarstarf sitt þrátt fyrir kreppu. Skv. könnuninni gera framsæknustu fyrirtæki í löndum ESB ráð fyrir að auka fjárfestingu í rannsóknum og þróun um 4% árlega árin 2012-2014.

Fyrirtækin voru einkum stærri fyrirtæki á evrópskan mælikvarða. Þau fjárfesta árlega fyrir um 45 milljarða evra í rannsóknum og þróun. Talið er að þessi upphæð sé samtals um 40% af heildarútgjöldum til rannsókna og þróunar á svæðinu sem er umtalsverður hluti af fjárfestingum atvinnulífsins í heild. Almennt eru væntingar um fjárfestingar heldur lægri að meðaltali en fram kom í svipaðri könnun á síðasta ári (5%), sem endurspeglar versnandi efnahagsástand. En niðurstöðurnar gefa samt sem áður sterkt til kynna að fyrirtækin gera sér grein fyrir mikilvægi þess að tileinka sér öflugt rannsóknar- og þróunarstarf sem lykilhvata að vexti og velsæld til framtíðar.

Þau fyrirtæki sem tóku þátt í könnuninni líta á innanhúss rannsóknar- og þróunarstarf sem megindrifkraft nýsköpunar, en næst á eftir koma markaðsrannsóknir og markaðssetning á nýjum vörum.

Þegar spurt var um áhrif stefnu stjórnvalda og utanaðkomandi þátta á nýsköpunarstarf þeirra lögðu fyrirtækin mikla áherslu á jákvæð áhrif fjárhagslegra hvata (þ.m.t. skattalegra), innlendra styrkja, fjárhagslegs stuðnings ESB og samstarfs opinberra og einkaaðila, bæði innanlands og á vettvangi ESB.

Sömu lögmál eiga við um íslensk fyrirtæki og atvinnulíf. Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2013 veldur því verulegum vonbrigðum. Skattahækkanir og niðurskurður til háskóla, sérstaklega til tæknimenntunar á háskólastigi, draga úr getu atvinnulífsins til að skapa hagvöxt og störf.

Skortur á fjárfestingu og tæknimenntuðu starfsfólki leiðir til þess að íslensk fyrirtæki þurfa mörg hver að taka út vöxt sinn erlendis. Til að snúa þeirri þróun við þarf að vinna markvisst að því að efla tæknimenntun og styðja við nýsköpunarstarf fyrirtækja.

Til að koma Íslandi út úr kreppunni þarf viðvarandi hagvöxt. Undirstaðan er fjölbreytt atvinnulíf sem byggir á þekkingu og hugviti sem skapa verðmæti til útflutnings. Nýsköpun, öflugt rannsóknar- og þróunarstarf og hæft starfsfólk er nauðsynleg forsenda þess að fyrirtæki vaxi og dafni.

Hrollvekjandi og kröftug

Taugatrekkjandi sálfræðitryllir
frá höfundi **Svartur á leik**.

STEFÁN MÁNI
HÚSIÐ

"... þegar [Stefán Máni] kemst á skrið halda honum engin bönd!"
KARL BLÖNDAL / MORGUNBLAÐIÐ

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

Húsið er ekki fyrir viðkvæma
- segðu bless við svefninn!

www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu

tímamót

timamot@frettabladid.is

KRISTÓFER KÓLUMBUS landkönnuður (1451-1506) fæddist þennan dag.

„Auðæfi gera menn ekki ríkari, bara uppteknari.“

BJARNI SIGURÓLI JAKOBSSON Matreiðslumaður ársins í vinnunni á Slippbarnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

BJARNI SIGURÓLI JAKOBSSON: MATREIÐSLUMAÐUR ÁRSINS 2012

Hætti bassaleiknum og sneri sér að eldamennsku

Bjarni Siguróli Jakobsson var kjörinn matreiðslumaður ársins á sunnudagskvöld að undangenginni úrslitakeppni sem hófst klukkan níu um morguninn. Keppnin var haldin í Hótel- og matvælaskólanum en það er klúbbur matreiðslumanna sem stendur að keppninni.

„Það er mikill heiður að hafa unnið þennan titil, það eru ansi margir merkir matreiðslumenn sem hafa unnið keppnina til þessa og gaman að fá nafn sitt á bikarinn,“ segir Bjarni sem starfar sem matreiðslumaður á Slippbarnum.

Það réðst á föstudagskvöld hvaða matreiðslumenn komust í úrslitakeppnina og segir Bjarni að hann hafi notað laugardaginn vel til þess að undirbúa sig fyrir úrslitakeppnina. „Við fengum að vita hvaða hráefni við ættum að nota í forréttinn, aðalréttinn og eftirréttinn en svo máttum við bæta við þau hráefni. Ég var að allan laugardaginn en ég vissi að fenginni reynslu úr öðrum matreiðslukeppnum að það borgar sig að mæta úthvíldur til leiks í lokakeppnina þannig að ég sleppti því að vaka fram eftir við æfingar.“

Bjarni lauk námi sem matreiðslumeistari árið 2009. „Ég lærði á Vox. Flutti reyndar suður til þess að fara í nám í bassaleik í FÍH en hætti því og fór að elda í staðinn,“ segir Bjarni sem er frá Húsavík. „Það er skemmtilegt frá því að segja að þetta er þriðja árið í röð sem Húsvíkingur er valinn matreiðslumaður ársins. Húsvíkingurinn Gústaf Axel Gunnlaugsson vann fyrir tveimur árum og svo vann Sigurður Kristinn Laufdal í fyrra en mamma hans er frá Húsavík. Ætli það sé ekki eitthvað í vatninu okkar hér fyrir norðan sem skýrir velgengnina,“ segir Bjarni og hlær.

> Það er skemmtilegt frá því að segja að þetta er þriðja árið í röð sem Húsvíkingur er valinn matreiðslumaður ársins.

Sem fyrr segir vinnur Bjarni á Slippbarnum sem hann segir mjög skemmtilegt. Áður en hann hóf störf þar vann hann á nokkrum veitingastöðum í Danmörku eftir að náminu lauk hér á landi. „Ég vann á Henne Kirkeby Kro, Malling og Schmidt og Nordisk Spisehus sem eru allt mjög góðir veitingastaðir. Sá fyrstnefndi var til dæmis valinn besti veitingastaður Norðurlanda í fyrra. Þessir staðir eru allir mjög fínir. Á Slippbarnum erum við með hversdagslegri mat, en mjög góðan.“ Spurður hvað sé helst fram undan segir Bjarni að lokum: „Ætli það sé ekki bara að búa sig undir jólatörnina.“

sigridur@frettabladid.is

BLÁLANGA, FOLALDALUND OG MYSUOSTUR

Keppendum um titilinn matreiðslumeistari Íslands var uppálagt að elda þríréttá máltíð úr ákveðnum hráefnum. Í forréttinum var skilyrði að nota blálöngu og spínat og rétturinn sem Bjarni reiddi fram var steikt blálanga með gúrkum, karamelliseruðum lauk og humarsósu. Í aðalrétt átti að notast við folaldalund, rauðrófur og portobello og shitake-sveppi og bar Bjarni á borð bakaða folaldalund í grillolíu með sveppaflani, saltbökuðum rauðrófum og kremaðri sveppasósu. Að lokum átti að búa til eftirrétt úr rjómamysuosti og perum og heillaði Bjarni dómnefndina með steiktum peruís með mysingskremi, hjartafrókrapi og frosnu kryddjurtasalati.

---

40 ára afmæli

Sjúkraþjálfaralegendið, hlaupagikkurinn, tilvonandi járnkarl og meðlimur í YMCA,

Rúnar Marinó Ragnarsson

fagnar fertugsafmæli í dag. Hann heldur upp á áfangann með fjölskyldu og frábæru samstarfsfólki.
Tekið er á móti árnaðaróskum á Facebook síðu Sjúkraþjálfunar Afls og gjöfum í Borgartúni 6.

---

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

HULDA ÁSGEIRSDÓTTIR
frá Bíldudal,
til heimilis á
Hrafnistu, Reykjavík,

lést á heimili sínu þann 24. október sl.
Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Fyrir hönd aðstandenda,
Sigríður Axelsdóttir
Eyjólfur Axelsson

---

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

ERLINGUR DAGSSON
fv. aðalbókari,

lést á Hrafnistu í Reykjavík, föstudaginn 26. október.

Þór Ingi Erlingsson
Vigdís Erlingsdóttir
Kristrún Erlingsdóttir
Jón Sverrir Erlingsson
Kjartan Ragnar Erlingsson
Grétar Örn Erlingsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Margrét Sigurðardóttir
Steinar Geirdal
Kristín Stefánsdóttir
Bryndís Anna Bjarnadóttir

---

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

JÓN REYKJALÍN ÁSMUNDSSON

andaðist 18. október síðastliðinn. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þökkum samúðarkveðjur og vinarhug.

Sigrún Áslaug Þórðardóttir
Ásmundur Jónsson
Jón Viðar Ásmundsson
Sigurður Rúnar Ásmundsson
Sigrún Áslaug Ásmundsdóttir
Ásmundur Þór Ásmundsson
og langafabörnin.

Vilborg Matthíasdóttir
Sandra Hraunfjörð
Kristín Kristinsdóttir
Óskar Róbertsson

---

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

ÁSGEIR KARLSSON
málarameistari,
Reynimel 80, Reykjavík,

lést á Hrafnistu Hafnarfirði þriðjudaginn 16. október sl. Hann verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju 31. október kl. 13.00.

Þórarinn Ragnar Ásgeirsson
Erla María Ásgeirsdóttir
Lúðvík Jóhann Ásgeirsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Hildur Friðriksdóttir
Jón Einarsson
Guðrún Björg Berndsen

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

---

†

Ástkær eiginmaður minn,

JÓNAS PÉTUR ÞORLEIFSSON
Lækjasmára 15, Kópavogi,
Dagsbrún Norðfirði,

sem lést á heimili sínu 20. október síðastliðinn, verður jarðsunginn frá Digraneskirkju fimmtudaginn 1. nóvember klukkan 15. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hins látna er bent á Hollvini Grensásdeildar.

Gina Barriga Cuizon og fjölskylda hins látna.

---

†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

STEINUNN H. SIGURÐARDÓTTIR
Tröllateig 47, Mosfellsbæ,

lést á Landspítalanum Hringbraut 27. október. Útför verður auglýst síðar.

Alfreð Alfreðsson
Sigurður Örn Alfreðsson
Óskar Már Alfreðsson
Hanna María Alfreðsdóttir
barnabörn og barnabarnabarn.

Rósfríður F. Þorvaldsdóttir
María Sturludóttir
Valdimar R. Arnarson

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ

KYNHEILSA KVENNA

Líf, styrktarfélag, býður til opins fræðslufundar í hádeginu í dag um kynheilsu kvenna í barneignarferli og langvarandi veikindum. Nokkrir fyrirlesarar koma fram. Fundurinn er haldinn í Háskólanum í Reykjavík, stofu M 209 á annarri hæð.

FOSCAM öryggismyndavélar
Eirberg - gæsla og öryggi

Háskerpu öryggismyndavélar

• Þráðlaus samskipti við tölvur og snjallsíma

Verð: 39.750 kr.

Opið kl. 9 -18 • laugardaga kl. 11 -16 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is

KRILL-OLÍA BÆTIR HEILSUNA

GENGUR BETUR KYNNIR *Óteljandi heilsufarsávinningar verða með inntöku á krill-olíu, einni hreinustu uppsprettu af omega-3 fitusýrum úr sjávarríkinu.*

Krill-olía, hvað er það?

NORKRILL er eitt hreinasta og öflugasta form af omega-3 fitusýrum, unnið úr smáfisknum krill eða ljósátu, sem veidd er við Suðurskautslandið, einu hreinasta hafsvæði veraldar. Aðeins þarf að taka 1-2 hylki af NORKRILL á dag til að mæta dagsþörfinni af omega-3. Einnig inniheldur NORKRILL D-vítamín og hið öfluga andoxunarefni astaxanthin. Er því óhætt að segja að inntaka á NORKRILL hefur heilmarga heilsufarslega og fyrirbyggjandi ávinninga. Með inntöku á NORKRILL kemur ekkert eftirbragð, uppþemba eða magaónot sem oft fylgja inntöku á fisk- og jurtaolíum.

Af hverju að taka inn omega-3 úr krilli?

Ljósáta, eða krill, er æti fyrir aðra fiskistofna og er neðarlega í fæðukeðjunni og er því mun minni mengun og þungmálmar í krill-olíu en öðrum fiskolíum sem tryggir hreinni afurð og betri virkni. Ekkert fæðubótarefni hefur verið eins mikið rannsakað og omega-3 en staðfest hefur verið að hægt sé að bæta heilsuna og fyrirbyggja marga sjúkdóma með inntöku þess.

Bólgur og liðverkir: Að halda góðu mataræði er einn mikilvægasti þátturinn í að viðhalda góðri heilsu í liðum, brjóski og beinum. Til að fá nægilegt magn af omega-3 þarf að borða feitan fisk fimm sinnum í viku. Omega-3 er talið spila stórt hlutverk í því að fyrirbyggja bein- og liðsjúkdóma. Omega-3 minnkar liðverki, stirðleika og bólgur í kringum liðina. Einnig hefur omega-3 þótt gagnlegt í að minnka bólgur og stirðleika í líkamanum.

Húð: Omega-3 fitusýrur eru mikilvægar fyrir frumur líkamans þar með talið fyrir frumur húðarinnar. Vandamál við þurra húð, exem eða sóríasis geta stafað af skorti á omega 3 fitusýrum. Húðin er að hluta til úr fjölómettuðum fitusýrum en margar rannsóknir sýna fram á að inntaka omega-3 fitusýra sé mikilvægur þáttur í að viðhalda heilbrigðri húð. Einnig er nauðsynlegt að fá andoxunarefni til þess að viðhalda heilbrigði húðar. Talið er að andoxunarefni geti bætt heilbrigði húðarinnar og jafnvel afturkallað þann skaða sem hún hefur orðið fyrir. NORKRILL inniheldur astaxanthin sem er eitt öflugasta andoxunarefni sem völ er á.

Heili/skap/einbeiting

Rannsóknir benda til að inntaka á omega-3 geti haft jákvæð áhrif á andlega þætti eins og einbeitingu og aukið eiginleika til að læra og muna. Einnig gefur omega-3 góða raun við kvillum eins og fyrirtíðarspennu og leiða.

Árið 2007 var gerð rannsókn á inntöku krill-olíu hjá fullorðnu fólki sem þjáist af ADHD. Prófaðir voru 25 einstaklingar með ADHD og voru þeim gefnir 500 ml af krill-olíu daglega í sex mánuði. Niðurstöðurnar sýndu fram á um 50% aukningu á skipulagshæfileikum og 48,8% aukningu í félagslegri færni.

Hægt er að kynna sér meira um krill með því að slá því inn í leitarvél Google og svo eru frekari upplýsingar á www.gengurvel.is. Hægt er að finna NORKRILL í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaða.

GOTT FYRIR ANDLEGU HLIÐINA

Rannsóknir benda til að inntaka á omega-3 geti haft jákvæð áhrif á andlega þætti eins og einbeitingu og aukið eiginleika til að læra og muna. Einnig gefur omega-3 góða raun við kvillum eins og fyrirtíðarspennu og leiða.

Glæsileg samfella frá CHARNOS.

Verð 13.200 kr.
Litir svart og hvítt

Selena

Bláu húsin v/Faxafen

Sími 553 7355 • www.selena.is

AloeVera

Clean 9 detox/hreinsikúrinn hefur svo sannarlega verið vinsæll. Þessi níu daga hreinsikúr hreinsar líkamann af óæskilegum efnum og kemur þér vel af stað í átakinu. Algengast er að fólk sé að losa sig við 3-7 kg á þessum níu dögum.
Verð: 17.900 kr

Guðmundur Alfreð Jóhannsson sjálfstæður dreifingaraðili hjá Forever Living Products.
Sími: **848 8001** og
Dagný Ingólfsdóttir
Sími: **847 4248**

praxis
... þegar þú vilt þægindi

Vatteraðir jakkar - 14.500 kr.

Fást í 5 litum, lime, svörtu, rauðu, kongabláu og fjólublátt

Erum einnig með gott úrval af bómullarbolum og mikið úrval að vinnufatnaði kíkið á praxis.is

Boníto ehf. • Praxis
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2878 • www.praxis.is • soo.dk
Opið mán. – fös. kl. 11–18. Lokað Laug.

Stuðnings stöngin

LÉTTU ÞÉR LÍFIÐ

Yfir 5000 notendur á Íslandi síðan 1999

Stuðningsstöngin er hjálpar- og öryggistæki sem auðveldar fólki að vera virkt og athafnasamt við daglegt líf án þess að þurfa að reiða sig á aðra. Margir Iðjuþjálfarar, sjúkraþjálfarar og læknar hafa mælt með stuðningsstöngunum fyrir sína skjólstæðinga.

- Auðveld í uppsetningu.
- Engar skrúfur eða boltar.
- Tjakkast milli lofts og gólfs.
- Hægt að nota við hallandi loft, 0 – 45° timbur/gifsloft.

Vilji
vilji.is
...léttir þér lífið
Sími 856 3451 • www.vilji.is

- Margir aukahlutir í boði.
- Falleg og nútímanleg hönnun.
- Passar allstaðar og tekur lítið pláss.
- Stillanleg frá 225 – 307 cm lofthæð, togátak allt að 205 kg.

Stuðningsstangirnar hafa fengið verðlaun fyrir notagildi, öryggi og hönnun á alþjóðlegum hjálpartækjasýningum í USA.

HREINDÝRABORGARARNIR Á TEXASBORGURUM

Hreindýraborgararnir á Texasborgurum við Grandagarð hafa slegið í gegn í haust. Þeir innihalda 100% gæðahakk úr hreindýrakjöti frá Snæfelli. Borgararnir eru bornir fram með kryddsósu, týtuberjarjómaosti, jöklasalati, rauðlauk, tómötum og djúpsteiktum lauk. Franskar kartöflur fylgja að sjálfsögðu með. Vinsældir Texasborgara hafa vaxið frá opnun staðarins í vor. Hamborgararnir eru heimagerðir og stórir, 140 grömm úr 100% gæðahráefni án allra aukaefna. Vinsælasta hamborgartilboðið okkar er: TEXASTILBOÐ ALLA DAGA, Texas ostborgari, franskar og gos á 1.390 kr.

NÝ SENDING!
AF VINSÆLU KULDASKÓNUM MEÐ MANNBRODDUNUM

OLANG
BASLER
Skipholti 29b • S. 551 0770

FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS

ÁBYRGT KYNLÍF BESTA VÖRNIN

SMOKKURINN TÖFF *Aldurshópurinn 15 til 25 ára er í mestri hættu á að fá klamydíu á Íslandi. „Smokkurinn er eina vörnin sem fyrirbyggir smit við samfarir," segir Guðrún Sigmundsdóttir, yfirlæknir sóttvarnasviðs Landspítalans.*

Fjöldi greindra klamydíusmita hér á landi hefur verið á bilinu 1500 til 2300 tilfelli á ári undanfarin tíu ár. „Ísland er með flest klamydíusmit á Norðurlöndum. Það segir þó ekki allt þar sem við erum mjög dugleg að leita og hlutfallslega mörg sýni tekin. Þannig gæti þessi háa tíðni líka þýtt að við séum að standa okkur vel í að leita að klamydíu. Víða erlendis er þó skortur á tölfræði og rannsóknum miðað við Ísland. En við stöndum okkur ágætlega í þeim efnum. Samanburður getur því jafnvel verið villandi og gefið ranga mynd af ástandinu," segir Guðrún Sigmundsdóttir.

Flest klamydíutilfelli á Íslandi eru hjá aldurshópnum 15 til 24 ára, eða um 66 prósent smitaðra, samkvæmt tölum frá Landlækni. „Eina leiðin til að koma í veg fyrir smit er að nota smokk. Ég heyrði það nú um daginn að það þætti ekkert sérstaklega töff að nota smokk, en það er ekkert töff að vera með klamydíu eða annan kynsjúkdóm. Við erum að tala um sjúkdóma eins og kynfæravörtur, lekanda, HIV og fleiri." Afleiðingar kynsjúkdómanna eru mismunandi; allt frá minniháttar kláða og útbrota til ófrjósemi og jafnvel dauða í verstu tilfellunum. „Erfitt er að vita hver er smitberi, enda eru einkenni ekki alltaf til staðar. Smokkurinn er því bara mjög töff þegar tillit er tekið til þess."

Því yngri sem einstaklingar eru þegar þeir byrja að stunda kynlíf, þeim mun meiri líkur eru á neikvæðum afleiðingum þess. Íslensk ungmenni byrja tiltölulega snemma að stunda kynlíf, eiga marga bólfélaga og nota síður smokk í samanburði við hin Norðurlöndin, samkvæmt skýrslu starfshóps velferðarráðherra frá 2011. „Þessar tölur gætu líka verið skýring á fjölda klamydíusmitaðra hérlendis; því fleiri bólfélagar og enginn smokkur, því meiri líkur á smiti."

Margir halda að leiðin fram hjá smiti sé að stunda munnmök en svo er þó ekki. „Kynsjúkdómar smitast líka við munnmök svo það er ekki raunhæf undankomuleið frá þeim og alveg jafn nauðsynlegt að nota smokkinn við þau líkt og samfarir. Þegar upp er staðið er ábyrg kynhegðun og smokkanotkun besta vörnin."

■ vidir@365.is

UNG OG ÁHYGGJULAUS Flest greind klamydíutilfelli á Íslandi eru hjá aldurshópnum 15 til 24 ára, eða um 66 prósent smitaðra.

MYND/GETTY

EINKENNALAUSIR SMITBERAR „Erfitt er að vita hver er smitberi, enda eru einkenni ekki alltaf til staðar. Smokkurinn er því bara mjög töff þegar tillit er tekið til þess."

MYND/ANTON

Póst dreifing

Birtingur treystir okkur fyrir öruggri dreifingu á Séð og heyrt

Póstdreifing býður upp á fjölbreytta og örugga dreifingu á blöðum og tímaritum. Við komum sendingunni í réttar hendur. *Örugglega til þín.*

Póstdreifing | Suðurhraun 1 | 210 Garðabær | Sími 585 8300 | www.postdreifing.is

HEILSA | BERGLIND GUÐMUNDSDÓTTIR HJÚKRUNARFRÆÐINGUR

LITRÍKUR MATARBLOGGARI

■ Berglind Guðmundsdóttir er 36 ára hjúkrunarfræðingur og fjögurra barna móðir úr Reykjavík. Hún setti nýlega matarbloggið Gulur rauður grænn & salt í loftið sem hefur vakið mikla athygli, bæði fyrir girnilegar uppskriftir og fallega og litríka hönnun.

Af hverju settir þú matarbloggið á fót?
Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á eldamennsku og eldað mikið um ævina. Hins vegar var ég dottin í það að elda sömu réttina oft. Þegar fjölskyldan fór nýlega í frí til Barcelona prufaði ég að elda svo margt nýtt og það kveikti áhuga minn á nýju hráefni og fjölbreyttum réttum. Bloggið kviknar út frá því.

Hvaðan koma uppskriftirnar þínar?
Sumar þeirra hafa fylgt mér mjög lengi. Aðrar koma úr ýmsum matreiðslubókum eða af netinu. Ég elda allar þessar uppskriftir sjálf en inn á bloggið fara bara þær uppskriftir sem ég er fullkomlega sátt við.

Hvað einkennir uppskriftirnar? **Fyrst og fremst mikil fjölbreytni. Ég get ekki haldið mig við þröngt svið í eldamennsku. Þær eiga það einnig flestar sameiginlegt að vera hollar og úr gæða hráefni. Svo læt ég inn á milli einstaka óhollustu sem er gott í bland við hitt.**

Hvert er uppáhaldshráefnið þitt?
Grænmeti er grunnur að öllu sem ég geri fyrir utan eftirréttina. Það er þema síðunnar og þessir litir sem grænmeti og ávextir koma með. Út frá grænmetinu má síðan matbúa hvað sem er, t.d. kjöt og fisk. Heiti síðunnar og útlit er líka sprottið út frá litadýrð grænmetis og ávaxta. Nafn síðunnar varð að endurspegla eldamennsku mína og ég elda mikið af litríkum mat.

Hvað er fram undan á blogginu? **Þegar nóvember kemur fer ég að einblína á mat sem tengist jólunum. Kannski skellir maður líka inn dönskum smurbrauðsuppskriftum.**

LITRÍKT BLOGG Berglind heldur út matarblogginu gulurraudurgraennogsalt.com.

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512 5432
Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is, s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

FÆÐI MEÐ FORVÖRN

SÆLKERAFUNDUR *Þau hittust fyrir tveimur árum yfir franskri súkkulaðiköku og kúmenkaffi á Fáskrúðsfirði. Umræðuefnið? Ljúfmeti með lækningajurtum. Úr varð skemmtilegt samstarf. Afraksturinn er kominn út á bók.*

Albert hafði stöku sinnum sent mér gáfulegar fyrirspurnir um jurtir og í framhaldinu datt mér í hug að við ynnum saman að matreiðslubók. Honum þótti hugmyndin út í hött enda varkárari manngerð. Því varð úr að ég gerði mér ferð austur á Fáskrúðsfjörð, þar sem Albert rekur kaffihús á sumrin, til að sannfæra hann betur og það tókst," svarar Anna Rósa grasalæknir, spurð út í tildrög nýju matreiðslubókar þeirra Alberts Eiríkssonar, Ljúfmeti með lækningajurtum.

Albert er kunnur fyrir einstaklega ljúffengar mataruppskriftir en líka fyrir að vera betri helmingur Bergþórs Pálssonar óperusöngvara.

„Bókin á sér engan sinn líka og er heimilisiðnaður frá upphafi til enda. Albert sá um matseldina heima hjá þeim Bergþóri og þar stilltum við kræsingunum upp með borðbúnaði frá okkur sjálfum. Það var svo Bragi sonur Bergþórs sem sá um að taka listilega fagrar myndirnar," útskýrir Anna Rósa.

Í bókinni eru krydd- og lækningajurtir í hávegum hafðar í girnilegum mataruppskriftum sem samanstanda af alls konar réttum, allt frá grænmetis-, fisk- og kjötréttum yfir í gómsætar kökur og drykki.

„Mig langaði að ýta undir að almenningur gerði sér grein fyrir að lækningajurtir má nota á marga vegu. Rannsóknir sýna að matur með lækningajurtum hefur mikið forvarnagildi þegar kemur að sjúkdómum. Ég hef því tröllatrú á þessu heilnæma fæði," segir Anna Rósa sem hefur yfir tuttugu ára reynslu sem grasalæknir.

„Með lækningajurtum á ég líka við kryddjurtir sem við eigum þurrkaðar og muldar í kryddstaukum heima í eldhússkáp. Bókin á því ekki eingöngu við blómlegar árstíðir heldur allan ársins hring og alls staðar uppgefnar tillögur að kryddi sem hægt er að nálgast úti í búð í stað jurta sem ekki eru til taks."

Anna Rósa segir mat með lækningajurtum verulega lostætan en ekki séu allar lækningajurtir nýtilegar til matargerðar og ekki tjóir að nota of mikið.

„Sjálf er ég ekkert fyrir að borða hollan mat ef hann smakkast illa og enginn kærir sig um bragðvonda hollustu. Bókin er því fyrir alla sem njóta þess að elda gómsætan, heilnæman heimilismat og matreiðslan er á allra færi," segir Anna Rósa.

Hún segir flestum koma á óvart að lækningajurtir leynist í kryddstaukum heimilisins og að bókin sé létt og gagnleg fræðsla fyrir þá sem vilja tileinka sér hollari lífshætti í eldhúsinu.

„Ég vil endilega fá Íslendinga til að nýta landið sitt betur, tína ber og safna jurtum, því náttúran býr yfir stórri og ókeypis auðlind. Meðal lækningajurta til matargerðar má nefna túnfífil, hjartarvin, skessujurt, mjaðjurt og gulmöðru, en einnig kryddjurtirnar rósmarín, piparmyntu, basilíku og fleiri sem ræktaðar eru hér á landi. Í bókinni fylgir svo hverri og einni lækningajurt sérkafli með fræðslu um lækningamátt þeirra og gagnsemi," segir Anna Rósa.

thordis@365.is

BER Í ROMMI

Unaðslegur ábætir

Nú er hárréttur tími til að setja ber í romm fyrir jólin. Þau geymast í marga mánuði og bragðast einstaklega vel með góðum ís eða rjóma.

10 dl fersk ber (bláber, aðalbláber, hindber, hrútaber, krækiber, jarðarber eða vínber)
4-5 msk. sykur
500 ml dökkt romm

Látið berin í glerkrukku og sáldrið sykri yfir. Hellið rommi yfir og látið standa í að minnsta kosti tvo mánuði á dimmum stað. Hafið í huga að það gefur berjum nýtt bragð að stinga smábút af ferskri engiferrót með í krukkuna.

GÓÐ SAMAN Anna Rósa og Albert eru samtaka þegar kemur að því að nýta lækningajurtir í sælkerafæði. Því ræktar Albert arfa á svölunum til að hafa í matinn og Anna Rósa notar afrakstur berjatínslunnar í haust til að setja út í morgungraut grasalæknisins sem hún þróaði fyrir sjúklinga sína og gefur góða samvisku fyrir daginn.
MYND/GVA

HOLLT OG BRAGÐGOTT

„Sjálf er ég ekkert fyrir að borða hollan mat ef hann smakkast illa og enginn kærir sig um bragðvonda hollustu."

SETJUM HJARTAÐ Í FYRSTA SÆTI

Heilsuborg kynnir *Heilsuborg er að fara af stað með átta vikna námskeið fyrir einstaklinga sem hafa einn eða fleiri áhættuþætti hjartasjúkdóma.*

Þeir sem hafa fengið hjartaáfall eða hafa greinst með kransæðaþrengingu vita hversu mikilvægt er að vera í góðri þjálfun. „Samt virðast margir ekki ná að gera þjálfun að sjálfsögðum og reglulegum hlut af sínu lífi," segir Óskar Jón Helgason sjúkraþjálfari en hann og samstarfsfólk hans í Heilsuborg er að fara af stað með átta vikna námskeið fyrir einstaklinga sem hafa einn eða fleiri áhættuþætti hjartasjúkdóma, eru með kransæðaþrengingu eða hafa fengið hjartaáfall og þurfa að koma sér aftur í gang í þjálfun.

Námskeiðið gengur út á að gera fólk sjálfstætt í sinni þjálfun. Á þessum átta vikum er þjálfað í hóp tvisvar í viku en jafnframt bæta þátttakendur þriðja skiptinu við þar sem þeir æfa sjálfir samkvæmt leiðbeiningum þjálfara. Einnig er farið í gegnum nákvæmt mat á þeim heilsufarsþáttum sem tengjast hjartasjúkdómum.

Fyrsti hópurinn sem fer af stað er hugsaður fyrir þann hóp sem vill ljúka sinni þjálfun áður en hefðbundinn vinnudagur hefst. Þjálfunin fer fram klukkan 7.00. „Ég stjórnaði hjartahóp í morgunsárið í sjö ár uppi á Reykjalundi og fannst það afskaplega góð byrjun á deginum," segir Óskar. „Þetta voru fjörugir hópar, mörg gullkorn flugu í bland við svitadropa, þegar menn ræddu landsins gagn og nauðsynjar á sama tíma og tekið var vel á. Þessa stemningu er ég að vona að takist að endurskapa í Heilsuborg." Nánari upplýsingar um námskeiðið má finna á heimasíðu Heilsuborgar www.heilsuborg.is og hægt er að skrá sig í síma 560-1010.

MIKILVÆGT AÐ VERA Í GÓÐRI ÞJÁLFUN Námskeiðið gengur út á að gera fólk sjálfstætt í sinni þjálfun.
MYND/ANTON

EINBIRNUM HÆTT VIÐ OFFITU

Einbirnum er hættara við offitu en börnum sem eiga systkini. Þá eru börn sem búa í suðurhluta Evrópu þrisvar sinnum líklegri til að glíma við offitu en börn á Norðurlöndunum.

Einbirni eru helmingi líklegri til að glíma við offitu en börn sem eiga systkini að því er fram kemur í rannsókn sem náði til 12.700 tveggja til tíu ára barna í átta Evrópulöndum. Niðurstöðurnar voru leiðréttar fyrir þyngd foreldra, kyni og fæðingarþyngd barnanna.

Til að leita frekari skýringa var BMI-stuðull barnanna borinn saman við svör foreldra um matarvenjur og sjónvarpsáhorf þeirra ásamt þeim tíma sem þeir sögðu börnin verja við leik utandyra. „Niðurstöðurnar gefa meðal annars til kynna að einbirni leika sér sjaldnar utandyra og eru oftar með sjónvarp í herberginu sínu," segir Monica Hunsberger við Sahlgrensku-akademíuna í Svíþjóð, sem meðal annarra stóð að rannsókninni. Aðrir þættir koma líklega til og krefjast niðurstöðurnar frekari rannsókna.

Um 22 milljónir barna í Evrópu teljast of þung. Rannsóknin sem um ræðir leiddi einnig í ljós að offita í suðlægari Evrópulöndum eins og á Ítalíu, Spáni og Kýpur er þrisvar sinnum algengari en á Norðurlöndunum.

JEPPADEKK
ARCTIC TRUCKS
fyrir flestar stærðir jeppa og jepplinga
Dick Cepek TIRES & WHEELS
Vönduð amerísk heilsársdekk
- stærðir 31- 44 tommur
- slitsterk
- neglanleg
- má míkróskera
- frábært veggrip
Gott verð!
Skjót og góð þjónusta!
Dekkjaverkstæði á staðnum.
Bjóðum alla almenna dekkjaþjónustu.
Arctic Trucks | Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | www.arctictrucks.is

GOTT AÐ HITTAST

HEILSA *Vefjagigtarsetrið eru ný félagasamtök sem voru formlega stofnuð í byrjun október. Þau hafa að leiðarljósi að stuðla að hópefli og samveru þeirra sem þjást af vefjagigt.*

Vefjagigtarsetrið er fyrir allt fólk með vefjagigt sem vill koma og efla sig og hitta aðra. „Þetta starf er allt unnið í sjálfboðavinnu og rekið á hugsjóninni einni um að hjálpa öðrum," segir Sigurlín G. Magnúsdóttir, formaður Vefjagigtarseturs. „Setrið var stofnað af ellefu konum á aldrinum nítján til sextíu ára. Við höfum flestar farið í gegnum endurhæfingu hjá Þraut og í gegnum hana kynntist hópurinn fyrst. Eftir endurhæfinguna fórum við að hittast reglulega á kaffihúsum og heima hjá hver annarri. Þá kom þessi hugmynd upp að stofna vefjagigtarsetur. Við sáum fljótlega að við vorum farnar að vera virkari, gátum rætt okkar mál og áttuðum okkur á því að það er mikil þörf fyrir fólk sem greinist með vefjagigt að geta aflað sér meiri þekkingar um sjúkdóminn."

Sigurlín segir algengt að fólk þurfi að bíða lengi, þegar það hefur fengið greiningu á sjúkdómnum, eftir að komast í endurhæfingu. „Það geta jafnvel liðið nokkrir mánuðir áður en fólk kemst í endurhæfingu þó það sé komið í veikindafrí. Þá er mikil hætta á að fólk sitji heima og einangrist. Það er mjög mikilvægt að komast út og hitta fólk í svipaðri stöðu. Við hér í Vefjagigtarsetrinu getum deilt og miðlað af okkar eigin reynslu. Hingað getur líka fólk sem grunar að það sé með vefjagigt komið og fengið upplýsingar."

Vefjagigtarsetrið eru fyrstu félagasamtök sinnar tegundar því þar er ekki sjúkraþjálfun, slökun, læknaráðgjöf eða nokkuð þess háttar. Þar hittist fólk aðeins til að njóta samvista, komast út úr húsi og njóta þess sem það getur gert þó svo það komist ekki í vinnu eða í skóla. „Það verður opið að minnsta kosti tvisvar í viku hjá okkur til að byrja með. Við ætlum að gera margt saman en engum er skylt að taka þátt í neinni dagskrá. Í framtíðinni langar okkur að fá fyrirlesara til að fjalla um vefjagigt, síþreytu, hollustu, heilsu og fleira sem að okkar málum kemur. Með jákvæðu hugarfari og bjartsýni í brjósti vonumst við til að geta tekið höndum saman og eflt hvort annað í sköpun og samveru," segir Sigurlín.

Frekari upplýsingar um Vefjagigtarsetrið er að finna á Facebook-síðu þess.

■ lilja.bjork@365.is

STOFNANDI
Sigurlín er ein þeirra ellefu kvenna sem stofnuðu Vefjagigtarsetrið. Þangað geta þeir sem þjást af vefjagigt leitað eftir félagsskap og fræðslu.
MYND/GVA

FRÓÐLEGIR FYRIRLESTRAR

„Við ætlum að gera margt saman en engum er skylt að taka þátt í neinni dagskrá. Í framtíðinni langar okkur að fá fyrirlesara til að fjalla um vefjagigt, síþreytu, hollustu, heilsu og fleira sem að okkar málum kemur."

Lepicol
- fyrir meltinguna
Inniheldur Psyllium husk trefjar ásamt mjólkursýrugerlum. Lepicol Plús inniheldur einnig meltingarenzym. Fæst í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.
Lepicol Plús örvar meltinguna
Lepicol heldur hægðunum í jafnvægi

VILD ER SNILLD

SJÁLFVIRKUR AFSLÁTTUR
BEINT Í VASA ÁSKRIFENDA

VIRKJAÐU Fardu á stod2.is/vild og skráðu kreditkortið þitt.

VERSLAÐU Þú þarft ekkert að gera. Afslátturinn er við kassa.

SPARAÐU Þú sparar á hverjum degi. Fjöldi samstarfsaðila.

FASTUR AFSLÁTTUR AF ELDSNEYTI
Sérkjör á eldsneyti hjá Olís og ÓB.

Sækja þarf um afsláttarlykil Olís/ÓB inni á stod2.is/vild til að nýta afsláttinn.

olís ÓB

10%
afsláttur af þjónustu hjá Max 1.

Sækja þarf um afsláttarlykil Olís/ÓB inni á stod2.is/vild til að nýta afsláttinn.

MAX1 BÍLAVAKTIN

12%
afsláttur hjá Osushi

Gildir aðeins ef keypt er fyrir 2.000 kr. eða meira.

THE SUSHI

15%
afsláttur af bílavörum hjá Olís.

Sækja þarf um afsláttarlykil Olís/ÓB inni á stod2.is/vild til að nýta afsláttinn.

olís

25%
afsláttur á allar leiksýningar
Á sama tíma að ári í Hofi á Akureyri í nóvember.

Menningarhúsið Hof: 450 1000

HOF MENNINGARHÚS

25%
afsláttur af öllu í Skemmtigarðinum Smáralind á sunnudögum.

Skemmtigarðurinn SMÁRALIND

10%
afsláttur hjá 10-11 ef verslað er fyrir 2.000 kr. eða meira

Gildir af öllum vörum nema tóbaki, símkortum, Lottó eða 1x2.

10-11

10%
afsláttur hjá Ellingsen af útivistarvörum.

Sækja þarf um afsláttarlykil Olís/ÓB inni á stod2.is/vild til að nýta afsláttinn.

Ellingsen

10%
afsláttur á smurstöðvum Olís.

Sækja þarf um afsláttarlykil Olís/ÓB inni á stod2.is/vild til að nýta afsláttinn.

olís

15%
afsláttur af vörum hjá Max 1.

Sækja þarf um afsláttarlykil Olís/ÓB inni á stod2.is/vild til að nýta afsláttinn.

MAX1 BÍLAVAKTIN

15%
afsláttur af Quiznos á þjónustustöðvum Olís

Sækja þarf um afsláttarlykil Olís/ÓB inni á stod2.is/vild til að nýta afsláttinn.

Quiznos

15%
afsláttur af Grill 66 á þjónustustöðvum Olís

Sækja þarf um afsláttarlykil Olís/ÓB inni á stod2.is/vild til að nýta afsláttinn.

GRILL 66

40%
afsláttur hjá Splass af bílaþrifum að utan.

Splass Engin venjuleg bílaþvottastöð!



MEIRI OG ÖFLUGRI FRÍÐINDI FYRIR ÁSKRIFENDUR

Virkjaðu kreditkortið þitt og annarra fjölskyldumeðlima á **MÍNAR SÍÐUR** á **WWW.STOD2.IS.**

Væntanlegir samstarfsaðilar eru A4 og Cintamani.

A4 CINTAMANI

BÍLAR & FARATÆKI

OPEL Astra-g-caravan wagon gl ecotec. Árgerð 2002, ekinn 126 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 495.000. Rnr.104027.100% vis/euro lán í boði til allt að 36 mán. Bilabankinn 588-0700.

JEEP Grand cherokee laredo 4x4. Árgerð 2005, ekinn 160 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.990.000. Rnr.102784. Möguleiki á 100% láni skoðar skipti Bilabankinn 588-0700.

Bílabankinn
Eirhöfði 11, 110 Reykjavík
Sími: 588 0700
Opið á laugardögum 12-16
www.bilabankinn.is

Vinnuvéla- Lyftara- og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

Vaka
Skútuvogi 8, 104 Reykjavík
Sími: 567 6700
24 tíma þjónusta
http://www.vakahf.is

Dodge Grand Caravan Árgerð 2001, ekinn 133þ.km, ssk. Flottur fjölskyldubíll sem er á staðnum! TILBOÐSVERÐ 590.000kr! Raðnúmer 132734. Sjá nánar á www.stora.is

Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
Myndeftirlit á plani
http://www.stora.is

KIA Sorento ex-3,5 bensín. Árgerð 2006, ekinn 77 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.590.000. Rnr.100159.



KIA Ceed lx 1.4 bensín beinsk.. Árgerð 2011, ekinn 36 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 2.490.000. Rnr.160337.

AUDI A6 3.2 new quattro. Árgerð 2005, ekinn 165 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.890.000. Rnr.140156.

ASKJA notaðir bílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 590 2160
www.notadir.is

Þarftu að kaupa eða selja bíl?
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppboð - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is

Skráið bílinn frítt hjá okkur!!, Okkur vantar allar gerðir bíla á skrá og á staðinn, Komdu til okkar eða sendu okkur skráningar á 100bilar@100bilar.is eða í síma 5179999, 100bílar.is,

100 bílar ehf
Þverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 12-16.
www.100bilar.is

Bílar til sölu

VW Golf FSI 1,4 til sölu. Árgerð 12/2004. Keyrður 94 þúsund. Beinskiptur, skoðaður í mars 2012, vel með farinn, sprautaður 2011 - flottur bíll! Verð: 950 þúsund. S: 662-3898.

Til sölu Nissan Terrano 2004, 7 manna 2,7 disel. Turbo ekinn 158þ. góð þjónustusaga. Verð 1590þ. Engin skipti, nema hugsanlega á sumarbústaðarlandi. Uppl. í s. 772-7043/587-9099.

Nissan Qashqai +2 ,11. Ek. 48 þ. Bensín, sjsk, svartur. Ásett verð 4.890 þ. Stgr. 4.650 þ. Engin skipti. S. 899 9533.

Toyota Carina E, árgerð 1995, Sjálfskiptur, Ekinn 257.000 Er á fínum sumardekkjum á álfelgum. Öllu viðhaldi verið sinnt. Fyrir ári síðan skipt um: afturdempara, skipt um í bremsum, ventlaloftspakkning, sveifaráspakkdós, öxulhosu, vatnskassa. 4 nelgd vetrardekk fylgja með á felgum + hjólkoppar. Fínn bíll. Verð: 250.000 Upplýsingar í síma: 840-7880

250-499 þús.

GLÆSILEGUR FORESTER!
SUBARU FORESTER 4X4 2.0 árg'98 , sjálfskiptur, dráttarkrókur, 17 álfelgur, virkilega vel með farinn bíll og ekkert ryð! upphækkaður ofl. 100% bíll verð 420 þús möguleiki á visa/euro s.691 9374

500-999 þús.

Toyota Avensis station árg 2002, ek. 233 þús.km. Nýleg sumardekk og ný michelin nagladekk fylgja. Sko ,13, Ásett verð 790 þús, tilboð 600 þús.stgr. Uppl. í s. 844 6547

Bílar óskast

!!! 0-250þús staðgreitt !!!
Ósk eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn ,98, skoða allt. Hringdu í síma 659 9696.

!!! 0-250 ÞÚS STAÐGREITT !!!
Ósk eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn ,98, skoða allt. Hringdu í síma 691 9374.

Sendibílar

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

KEYRSLA.IS
Sími 820-3880
Ódýr sendibílaþjónusta. Heimsendingar og fyrirtækjaþjónusta. www.keyrsla.is S:820-3880

Flug

Flugskýli.
Til leigu upphitað 90 m2 flugskýli á Reykjavíkurflugvelli frá nóvember til maí. Sími 898 7820

Varahlutir

Smápartar.is
Eigum mikið úrval af varahlutum í Subaru árg. ,97 til ,02, Skoda Octavía árg. ,00 til ,07. Honda CR-V árg. ,05.W Polo ,07 Passat ,01. Suzuki Baleno árg. ,00. Smápartar.is Sími 5675040-7785040.

Japanskar vélar Bílapartasala
Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum bíla. Opið 8-18 virka daga. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Hyundai Sonata ,97, Accent ,01, Impreza ,99 og felicia ,99, Peugeot 306 ,99, 206 og 406 ST. Almera ,97-'99, Primera ,98, Terrano ,98, Ford 250 ,99, Megane 01. Vectra ,98, Astra ,97, Corsa ,98, Baleno ,98. Kia Rio ,02. Benz 230E ,97. Volvo 460 ,93, Ford Mondeo ár ,00. Transporter ,99, Audi A4 ,94, golf 95-98. Kaupi bíla til niðurrifs. sími 661 5270.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. ,03, Honda Civic og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

VW - Skoda - Varahlutir

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá ,02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

Viðgerðir

AB Bremsur og viðgerðir
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Uppl. s. 555 6020.

AB - PÚST
Almennar pústviðgerðir og sérsmíði. Fljót og góð þjónusta. Skemmuvegur 26, Bleik gata. S 555 6020.

ÞJÓNUSTA

Pípulagnir

Faglærðir Píparar
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

Pípulagnir
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315.

Hreingerningar

Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Gluggaþvottur. Gerum verðtilboð. www.hreingerningar.is S. 772 1450

Garðyrkja

Smágröfuþjónusta, hellulagnir, drenlagnir og öll almenn lóðavinna. Vönduð og góð vinnubrögð. Erum með vörubíl með krana. SS-VERK Hellulagnir. 691 8907. Sjá nánar á www.sshellulagnir.is

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

Málningarþjónusta Reykjavíkur
20% afsláttur fyrir eldriborgara og öryrkja. Alhliða málningarþjónusta. S. 778 0100.

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

Parketslípun, parketlagnir, frá aðeins 2.500 krfm. 20 ára reynsla og þjónusta. www.parketsliparinn.is S: 772 8100.

Tölvur

A plús tölvuþjónusta
Mjög sanngjarnt verð Sæki og sendi heim. Uppl. í s. 822 7668.

Rafvirkjun

RAFVIRKJUN S. 896 6025
Tilboð raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

Önnur þjónusta

Blekhylki.is
Blekhylki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhylki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150.

KEYPT & SELT

Til sölu

Hrekkjavakan nálgast ertu klár?
Búningar, fylgihlutir og skraut í úrvali. Mættu á svæðið eða skoðaðu úrvalið í vefverslun okkar www.hokuspokus.is sendum um allt land. Hókus Pókus Laugavegi 69 s-551 7955.

Til sölu

Rafstillanlegt einstaklingsrúm 90x200 cm. með Tempur heilsudýnu Viðarrúmgrind með trégrindarbotni. Hægt að lyfta bæði til höfuðs og fóta með fjarstýringu Uppl. í s. 824-6464

Ódýr heimilstæki
Höfum til sölu notaðar þvottavélar, þurrkara og uppþvottavélar. Casa-raf ehf. Síðumúla 37, að neðan verðu. S. 845 5976.

Óskast keypt

Carat - Haukur gullsmiður Smáralind - Kaupum gull og silfur
Staðgreiðum gull og silfur í verslun okkar.
Upplýsingar í s. 577 7740

Kaupi gull !
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll),
Verið velkomin

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

Verslun

Beauty in Black Holtsbúð 61 Garðabæ
Beauty in Black Holtsbúð 61 Garðabæ Full búð af nýjum glæsilegum vörum. Opið 13-18 þrið-föstud Velkomin í Beauty in Black. sími 695-6679.

HEILSA

Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd

Jólagjöf Nuddarans. Vandaðir og ódýrir ferðanuddbekkir til sölu. S:891 6447 Óli.

Þjónusta

Nýtt byrjendanámskeið hefst 5. nóvember. MFM miðstöðin Sími: 568 3868 www.matarfikn.is

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Til leigu 4 herb. íbúð í Seljahverfi. Uppl. í síma 435 1190 á milli kl. 20-22.

Atvinnuhúsnæði

51,6 m2 iðnaðarbil
Nokkur bil af þessari fágætu og eftirsóttu stærð til sölu eða leigu. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m. Facebook/Steinhella 14. S: 660-1060 og 661-6800

Skrifstofuherbergi til leigu
1-2 góð skrifstofuherb. til leigu við Fiskislóð. Uppl. s. 897 3290.

Geymsluhúsnæði

Geymslur.com
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

www.geymslaeitt.is
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

www.buslodageymsla.is
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

ATVINNA

Atvinna í boði

Óskum eftir íslenskumælandi starfsmanni á dekkjaverkstæði. Helst vönum. Þarf að geta byrjað strax. Uppl. í s. 578 7474 & 894 2237.

Þjónn óskast!
Óskum eftir vönum þjón í framtíðarvinnu. Vaktarvinna 2-2-3 ca. frá klukkan 11 - 20. Íslensku kunnátta skilyrði.
Umsóknir sendist á cafebleu@cafeblue@.is

Vantar 2-3 laghenta menn eða iðnaðarmenn til smiði og uppsetningar á handriðum og glerjum ofl. Vinsamlega sendið nafn, símanr, netfang og eitthvað um fyrristörf á cp-teknik@hotmail.com.

Aðstoðarmanneskju vantar á tannlæknastofu í Reykjavík. Um er að ræða 100% starf. Þarf að geta byrjað sem fyrst. Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á tannveg.umsoknir@gmail.com

Atvinna óskast

Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.
Starfsmannaþjónustan S. 661 7000.

TILKYNNINGAR

Einkamál



Þjónusta

Húsasmíðameistari

Þarftu að breyta eða bæta? Viltu vönduð vinnubrögð? Þá hefurðu samband við mig.

Góð meðmæli og áralöng reynsla.

Jónas Ragnarsson
863 0081 / jonniragg@gmail.com

Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup sýnir ótvírætt.



Prentmiðlakönnun Capacent Gallup.
18-49 ára á höfuðborgarsvæðinu. Meðallestur á tölublað, jan.-júní 2012.

Allt sem þú þarft...

Atvinnueignir

Löggild leigumiðlun og fasteignasala

Fákafeni 9, 108 Reykjavík

Dragháls 12, 110 Rvk.

Til sölu eða leigu 721,1 fm. lager- og skrifstofuhúsnæði, tvennar inn-keyrsludyr. Húsnæðið skiptist í 520 fm. lager-, / iðnaðarhúsnæði og um 200 fm. skrifstofu á 2. hæð. Rúmgott athafnasvæði er framan við húsnæðið með góðu gámaplássi. Laust frá 1. janúar 2013.

Allar nánari upplýsingar veitir Helgi Már Karlsson lgf. í s: 534 1024/897 7086 eða hmk@atvinnueignir.is

534 1020
www.atvinnueignir.is

Rekagrandi 3

þriðjudag 30. október
frá kl. 17:00-18:00

Nánari upplýsingar veitir
Helga Jóhanna Úlfarsdóttir
lögg. fasteignasali
sími: 899 2907
helga@miklaborg.is

Óskar R. Harðarson
hdl. og löggiltur fasteignasali

Mjög falleg og vel umgengin
114 fm íbúð
Stæði í bílskýli
Tvö baðherbergi og þrjú svefnherbergi.
Glæsilegt útsýni.

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

GULLENGI 3

112 Reykjavík

þriðjudag 30. október
frá kl. 17:30-18:00

Nánari upplýsingar veitir
Davíð Jónsson
sölufulltrúi
Sími 569-7003
Gsm 697-3080
david@miklaborg.is

Óskar R. Harðarson
hdl. og löggiltur fasteignasali

Falleg 105fm 3ja herbergja íbúð á jarðhæð
Stór afgirtur sólpallur
Stutt í alla þjónustu

Verð: **26.9 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

OPIN HÚS Í DAG

Strandvegur 12- Sjálandi Garðabæ.

Glæsileg 4ra herbergja íbúð

OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.30-18.00

Glæsileg og björt 111,6 fm. 4ra herbergja íbúð á jarðhæð með sér garði og verönd auk sér stæðis í bílageymslu. Íbúðin er endaíbúð með góðum gluggum í þrjár áttir. Íbúðin er inn-réttuð á vandaðan hátt. Glæsilegar innréttingar og vönduð tæki í eldhúsi og eyja með hellu-borði. Gólfsíðir gluggar í stofu til suðurs og vesturs. **Þrjú rúmgóð svefnherbergi og vandað flísalagt baðherbergi. Verð 35,9 millj. Íbúð merkt 0106. Verið velkomin.**

Barmahlíð 33- 5 herbergja efri hæð

OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.30-18.00

Falleg 119,0 fm. 5 herbergja íbúð á efri hæð í fjórbýlishúsi í Hlíðunum.Hæðin skiptist í rúmgott hol/gang, opið eldhús með eikarinnréttingu, samliggjandi skiptanlegar stofur, þrjú herbergi og flísalagt baðherbergi. Svalir til suðvesturs út af stofum og sameiginlegar svalir út af stigapalli í vestur. **Þvottaaðstaða á baðherbergi auk sameiginlegs þvottaherbergis í kjallara. Bílskúrsréttur fylgir eigninni. Verð 32,5 millj. Verið velkomin.**

Goðheimar 4

3ja herbergja íbúð með sérinngangi.

OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.30-18.00

Góð 80,1 fm. íbúð á jarðhæð í góðu fjórbýlishúsi á þessum eftirsótta stað. Íbúðin skiptist í forstofu, rúmgóða og bjarta stofu, eldhús með hvítum + beyki innréttingum, tvö góð her-bergi og flísalagt baðherbergi. Nýlegt parket á gólfum í stofu og eldhúsi . Búið er að endur-nýja skolplagnir, dren, hitavatnslagnir og raflagnir. **Sameign öll til fyrirmyndar. Verð 22,4 millj. Verið velkomin.**

- með þér alla leið -

MIKLABORG

leitar að ...

Erum með kaupanda á sérbýli á verðbilinu 60-90 milljónir

Kaupandi leitar helst af húsi á einni hæð í Garðabæ eða Álftanesi, einnig kemur Kópavogur til greina.
Húsið þarf að vera endurnýjað eða nýlegt.
Góðar greiðslur í boði.

Nánari upplýsingar veitir
Ólafur Finnbogason, Sölufulltrúi
olafur@miklaborg.is **sími:** : 822 2307

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

LUNDUR FASTEIGNASALA

Suðurlandsbraut 10 - 2.hæð • 108 Reykjavík

Karl Gunnarsson og Kristján P. Arnarsson, löggiltir fasteignasalar

www.lundur.is • lundur@lundur.is

VANTAR ALLAR GERÐIR EIGNA Á SKRÁ.

ÞÚ BORGAR EKKERT EF VIÐ SELJUM EKKI.

HRINGDU NÚNA OG KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ.

Sími 533 1616

VANTAR ALLAR GERÐIR EIGNA Á SKRÁ.

Sími 533 1616 • Þjónustusími 891-9916

FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP

MEIRA SKÚBB visir - oft á dag

Sannkallaður fjársjóður!

UNG Á ÖLLUM ALDRI

veitir þér innsýn í hvað ÞÚ getur gert til að auka eigin lífsgæði með réttri næringu, góðri hreyfingu, vítamínum og bætiefnum sem styðja og styrkja hin ýmsu kerfi líkamans. Hvernig njóta má ánægjulegra kynlífs, taka á streitunni í eigin lífi, vinna með fyrirgefninguna og nýta ótal aðrar sjálfshjálparleiðir til að eiga innihaldsríkara líf.

Ung á öllum aldri er sannkallaður fjársóður!

„Þvílíkur fjársjóður þessi bók. ALLT sem maður þarf að vita til að rækta bæði líkama og sál!"
Edda Björgvinsdóttir, leikkona og fyrirlesari.

„Bók Guðrúnar Bergmann er full af hagnýtum upplýsingum og gagnleg lesning til að bæta lífi við árin … og jafnvel líka árum við lífið!"
Eymundur Magnússon, framkvæmdastjóri Móður Jarðar og Vallanesbóndi.

„Guðrún Bergmann lofar ekki eilífri æsku, heldur gefur fólki ráð og leiðir til að styrkja eigin líkama og njóta meiri hamingju og lífsgæða."
Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir leikkona.

Kynningar með Guðrúnu Bergmann í Heilsuhúsinu

30.okt. þriðjudagur, útgáfudagur í Kringlunni frá kl. 14 til 18.30

1. nóv fimmtudagur Heilsuhúsið í Lágmúla 12-14:30

1. nóv. fimmtudagur Heilsuhúsið á Laugavegi frá kl. 15 til 17

2. nóv. föstudagur í Heilsuhúsinu á Smáratorgi frá kl. 14.30 til 16.30

Í LYFJU

1. nóv Lyfju Keflavík kl. 17-21

3. nóv Lyfju Smárlind kl. 13-15

náttúrulega heilsuhúsið

LYFJA - Lifið heil

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts ástkærrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

MARGRÉTAR ALBERTSDÓTTUR
Linnetsstíg 2, Hafnarfirði.

Steingrímur Benediktsson og aðstandendur.

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

SOFFÍA JÓNSDÓTTIR,
áður til heimilis að Sævangi 15, Hafnarfirði,

andaðist á Sólvangi 18. október. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 31. október kl 13.00.

Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.

Okkar ástkæra

LÁRA HERBJÖRNSDÓTTIR
Hjúkrunarheimilinu Boðaþingi, áður Ásgarði 63,

er látin. Jarðarförin auglýst síðar.

Ásgerður Ásgeirsdóttir **Magnús Bjarnason**
Guðbjörn Ásgeirsson **Nanna Þórðardóttir**
Árný Ásgeirsdóttir **Sigurþór Jóhannesson**
Einar Ásgeirsson **Súsanna Sigurbjargardóttir Forberg**
barnabörn og barnabarnabörn.

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru

HUGRÚNAR HRAUNFJÖRÐ
Rauðalæk 42, Reykjavík,

sem lést á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut þann 19. september sl. Sérstakar þakkir fær starfsfólk gjörgæsludeildarinnar fyrir einstaka umönnun og hlýhug.

Níels Birgir Svansson
Birgir Elfar Hraunfjörð
Andri Geir Níelsson
Davíð Svanur Níelsson **Thelma María Guðnadóttir**
Eiríkur Níels Níelsson **Gordana Kalambura**
barnabörn og systkini hinnar látnu.

Eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

SIGRÍÐUR JÓNSDÓTTIR
frá Djúpadal,
Sauðármýri 3, Sauðárkróki,

sem andaðist á Heilbrigðisstofnuninni á Sauðárkróki fimmtudaginn 18. október verður jarðsungin frá Sauðárkrókskirkju þriðjudaginn 30. október kl. 14.

Rögnvaldur Gíslason
Eiríkur Rögnvaldsson **Guðrún Ingólfsdóttir**
Nanna Rögnvaldardóttir
Guðrún Rögnvaldardóttir **Bjarni Þór Björnsson**
Sigríður K. Rögnvaldsdóttir **Þórir Már Einarsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær sambýlismaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

HANS ÓLI HANSSON
Tröllakór 1, Kópavogi,

sem lést af slysförum 20. október sl. verður jarðsunginn frá Digraneskirkju í Kópavogi 31. október kl. 11 f.h.

Ólöf Ólafsdóttir
Sævar Hansson
Sigrún Júlía Hansdóttir
Kolbrún Steinunn Hansdóttir
og fjölskyldur.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Tónlistarskóli Álftaness 25 ára

Tónlistarskóli Álftaness heldur upp á 25 ára afmæli sitt með tónleikum í Víðistaðakirkju næsta laugardag klukkan tvö. Á tónleikunum verða eingöngu flutt ný tónverk en skólinn hefur frá stofnun pantað tónverk á fimm ára fresti frá tónskáldi búsettu á Álftanesi enda geta Álftnesingar státað af mörgum góðum tónskáldum eins og segir í fréttatilkynningu.

Að þessu sinni voru pöntuð fjögur tónverk frá fjórum tónskáldum en þrjú þeirra hafa áður samið verk fyrir skólann.

Verkin eru: „Doppur, vatn og litir," fyrir strengi, þverflautu, gítar og píanó eftir Karólínu Eiríksdóttur, „Siglingavísur" fyrir fiðlu, selló, sexhent píanó og slagverk eftir John Speight, „Skjótt hefur sól brugðið sumri" fyrir gítarkvartett, þverflautu, selló og marimbu eftir Tryggva M. Baldvinsson og tónverk eftir Hilmar Örn Hilmarsson og hóp nemenda úr skólanum.

Árlega er haldin tónsmíðahátíð í skólanum þar sem nemendur flytja sín eigin tónverk. Að þessu sinni verða sameinuð tónsmíðahátíð og afmælistónleikar. Allir eru velkomnir meðan húsrúm leyfir.

ÁLFTNESINGAR Nemendur Tónlistarskóla Álftaness eru þaulvanir því að koma fram.

Frábær viðurkenning sem hjálpar mikið

„Ég ætla að syngja svona eitt og annað sem ég hef verið að syngja í náminu úti í Vín," segir Lilja Guðmundsdóttir sópransöngkona sem á morgun heldur tónleika í Salnum í Kópavogi. „Þetta verða mest íslensk og amerísk sönglög en svo verða nokkrar óperuaríur í lokin."

Tilefni tónleikanna er að Lilja mun fá afhenta viðurkenningu úr styrktarsjóði Önnu K. Nordal. Hvaða þýðingu hefur slíkur styrkur fyrir ungt tónlistarfólk? „Ég tel mig mjög heppna að hafa verið valin til að hljóta þennan styrk þetta árið," segir Lilja. „Bæði er þetta frábær viðurkenning og eins hjálpar þetta mikið þegar maður er að reyna að koma sér á framfæri erlendis."

Þú ert í námi við Konservatorium Wien, Privatunivesität og búin að ljúka þar mastersprófi í einsöng, hvað ertu að læra núna? „Ég er eiginlega í mastersnámi númer tvö, fyrst fór ég í masterinn í söng og núna er ég í mastersnámi í óperudeild." Hefurðu verið að syngja eitthvað hérna heima? „Já, ég tók í sumar þátt í uppfærslu Ungfóníunnar á Don Giovanni og söng þar hlutverk Donnu Elviru. Það var alveg frábært tækifæri og rosa gaman." En úti í Vín, hefurðu verið að syngja í óperum þar? „Já, auðvitað í uppfærslum í skólanum þar sem ég mun til dæmis syngja hlutverk Fiordiligi í Cosi fan tutte eftir áramótin. Svo var ég með í uppfærslu á Systur Angelicu hjá Theater an der Wien fyrir stuttu. Núna kom ég bara komin heim til að taka við styrknum og halda þessa tónleika en fer strax út aftur, held áfram mínu námi og fer að leita fyrir mér í óperuheiminum."

Tónleikarnir í Salnum hefjast klukkan 17.30 á morgun, undirleikari er Jónas Ingimundarson og aðgangur er ókeypis.

fridrikab@frettabladid.is

HLÝTUR STYRK Lilja Guðmundsdóttir tekur á morgun við styrk úr úr styrktarsjóði Önnu K. Nordal.

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

BENEDIKT BJARNI SIGURÐSSON
verkfræðingur, Safamýri 85,

lést á Hjúkrunarheimilinu Mörk laugardaginn 27. október.

Ása Benediktsdóttir
Jóhannes Benediktsson **Björg B. Pálmadóttir**
Anna María Benediktsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför móður okkar og tengdamóður,

RÓSU SVEINBJARNARDÓTTUR
Dalalandi 8, Reykjavík.

Jónína Helgadóttir **Víkingur Sveinsson**
Einar Helgason **Inga Guðmundsdóttir**
Kolviður Helgason **Margrét Hreinsdóttir**

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

ODDUR HELGASON
áður til heimilis að Digranesvegi 68 í Kópavogi,

lést á Hjúkrunarheimilinu Vífilsstöðum að kvöldi föstudagsins 19. október sl. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 31. október nk. kl. 13.00.

Anna Oddsdóttir **Steinar Friðgeirsson**
Halldóra Oddsdóttir **Jón B. Björgvinsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

Merkisatburðir

1611 Gústaf 2. Adolf verður konungur Svíþjóðar.

1936 Á Suðvesturlandi verður svo mikið tjón vegna sjávarflóða að elstu menn muna ekki annað eins.

1941 Lokið við höggmyndirnar af fjórum forsetum Bandaríkjanna á Rushmore-fjalli.

1982 Landssöfnunin „Þjóðarátak gegn krabbameini" leggur fram þrettán milljónir króna til handa Krabbameinsfélaginu, meira en áður hafði safnast í slíkum söfnunum.

1983 Fyrstu frjálsu kosningarnar haldnar í Argentínu eftir sjö ára herforingjastjórn.

1985 Eduard Shevardnadze, utanríkisráðherra Sovétríkjanna, kemur í opinbera heimsókn til Íslands.

2006 Síðasta skipið afgreitt úr Daníelsslipp í Reykjavíkurhöfn.

Elskulegur bróðir minn, frændi og vinur,

ÁRNI JAKOB ÓSKARSSON
Framnesvegi 20, Reykjanesbæ,

sem lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja miðvikudaginn 24. október verður jarðsunginn fimmtudaginn 1. nóvember frá Innri-Njarðvíkurkirkju, kl. 14.00.

Guðný Óskarsdóttir, ættingjar og vinir.

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

HÖRÐUR JÓHANNSSON
Kveldúlfsgötu 5, Borgarnesi,

andaðist sunnudaginn 28. október á Sjúkrahúsi Akraness. Útförin fer fram frá Borgarneskirkju laugardaginn 3. nóvember kl. 14.00.

Ríkharður Mýrdal Harðarson **Eva Lára Vilhjálmsdóttir**
Jón Mýrdal Harðarson **Sigrún Guðlaugsdóttir**
Jóhann Mýrdal Harðarson
Dagmar Mýrdal Harðardóttir **Einar Örn Arnarson**
og afabörn.

4,9 – 8,0 L/100 KM
GERI AÐRIR BETUR!

KYNNIÐ YKKUR REKSTRARLEIGU TIL FYRIRTÆKJA

TRAFIC STUTTUR
VERÐ FRÁ: **3.338.645** KR. ÁN VSK.
2,0 DÍSIL - 115 HÖ - 6,9 L/100 KM*

KANGOO II EXPRESS
VERÐ: **2.462.151** KR. ÁN VSK.
1,5 DÍSIL - 90 HÖ - 4,9 L/100 KM*

MASTER MILLILANGUR
VERÐ FRÁ: **4.215.139** KR. ÁN VSK.
2,3 DÍSIL - 125 HÖ - 8,0 L/100 KM*

ENNEMM / SÍA / NM54620

www.renault.is

RENAULT – Í LIÐI MEÐ ATVINNUREKENDUM Í 100 ÁR. Það er ekki að undra að Renault sé stærstur á sviði sendibíla í Evrópu. Eftir meira en 100 ár í bransanum vita þeir hjá Renault hvað skiptir máli þegar bíllinn er vinnustaðurinn þinn: áreiðanleiki, sveigjanleiki og ekki síst þægindi. Þeir vita líka að hagkvæmnin verður að vera í fyrirrúmi hjá þér sem atvinnurekanda. Master hefur gríðarstórt flutningarými og er fáanlegur í nær óendanlega mörgum útfærslum, Trafic er þægilegur bíll í millistærð sem léttir starfsdag margra iðnaðarmanna og Kangoo er bíllinn sem er svo miklu stærri en hann sýnist.

*Eyðsla á 100 km miðað við blandaðan akstur

RENAULT

BL ehf. Sævarhöfða 2 / 525 8000
Bílahúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070 – Bílasala Akureyrar / 461 2533

krossgáta



LÁRÉTT
2. hreinsiefni, **6.** skammstöfun, **8.** klæðalaus, **9.** hljóð rjúpunnar, **11.** tveir eins, **12.** gengi, **14.** hestasjúkdómur, **16.** drykkur, **17.** af, **18.** herma, **20.** persónufornafn, **21.** horfðu.

LÓÐRÉTT
1. starf, **3.** í röð, **4.** ávaxtatré, **5.** dýrahljóð, **7.** holdýr, **10.** blaður, **13.** kóf, **15.** rótartauga, **16.** skrá, **19.** ólæti.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. sápu, **6.** eh, **8.** ber, **9.** rop, **11.** rr, **12.** klíku, **14.** spatt, **16.** te, **17.** frá, **18.** apa, **20.** ég, **21.** lítu.

LÓÐRÉTT: 1. verk, **3.** áb, **4.** perutré, **5.** urr, **7.** holsepi, **10.** þip, **13.** kaf, **15.** tága, **16.** tal, **19.** at.

Að gefast ekki upp

BAKÞANKAR
Kolbeins Óttarssonar Proppé

Frá því ég man eftir mér hefur það verið hluti af minni tilveru að tjá skoðanir og berjast fyrir málstað. Það átti við um sjálfan mig og aðra í kringum mig. Starf í stjórnmálaflokkum kenndi rökræður við þá sem voru manni ósammála og starf í ýmsum félagasamtökum beindi kraftinum í að vinna málstaðnum gagn, vekja athygli á honum í mótmælum eða hvers konar aðgerðum.

KANNSKI tengdist það auknu áhugaleysi á slíkri iðju í samfélaginu, eða kannski var það bara persónubundið við innri uppgjöf á því að berjast fyrir því sem er gott og heilbrigt, en niðurstaðan var sú sama; minni áhugi á að bæta samfélagið. Þetta hélst í hendur við dauða hugmyndafræðinnar. Sósíalismi varð skammaryrði og samnefnari við glæpi stjórnvalda austantjaldsríkjanna. Kapítalisminn lýsti yfir sigri og keyrði samfélagið áfram með gróðahyggjuna eina að leiðarljósi. Og svo hrundi allt.

ÞAÐ tók heilt efnahagshrun til að almenningur kæmi þeirri skoðun sinni á framfæri að kannski væri samfélagsskipanin ekki í lagi og að mögulegt væri að breyta henni. Og það var gert með glans; mótmæli hröktu ríkisstjórn frá völdum og kjósendur höfðu færi á að segja hug sinn við kjörborðið. Og um hríð var eins og hugmyndafræðin ætti aftur upp á pallborðið, en aðeins um hríð. Á undraskömmum tíma snerist umræðan upp í krónur, aura, útreikninga lána, kröfur um aðgerðir handa afmörkuðum hópum, útrás og reiði á internetinu.

OG þar erum við enn. Þeir sem raunverulega reyna að breyta einhverju í samfélaginu, til dæmis með því að vekja athygli á óréttlæti, eru bannaðir á Facebook. Stjórnmálaumræða snýst um afmarkaðar aðgerðir en ekki eftir hvaða hugmyndafræði samfélagið á að vera strúktúrað. Kannski breytist þetta í kosningabaráttunni, en ekki nema almenningur taki þátt í henni á uppbyggilegan hátt, hafi áhrif á stefnu flokka og kjósi eftir hugmyndum en ekki gylliboðum.

SUMT er þess virði að berjast fyrir, þar með talið góð og falleg framtíð. Ekki gefast upp.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Veturinn er skammt undan og með honum kemur snjórinn, tær og heiður himinn og flökt norðurljósanna. Búðu þig undir veturinn, njóttu fegurðar vetrarríkisins og kauptu betri notaðan bíl hjá Brimborg. Komdu við í Brimborg og gerðu góð kaup á notuðum bíl. Keyrðu inn í veturinn á notuðum bíl frá Brimborg.

gott urval

Á eftir haustinu kemur veturinn!

Gerðu góð bílakaup í dag fyrir veturinn

Settu gamla bílinn uppí notaðan bíl frá Brimborg. Tökum allar tegundir bíla uppí.

betri kaup

Volvo S40 (IIU29)
2,0TD 136 hö dísil beinskiptur
Skrd. 8/2008. Ek. 90.000 km.
Verð áður: 2.690.000 kr.

200.000 kr. vetrarafsláttur — 2.490.000 kr.

Ford Kuga Trend AWD (JAT61)
2,0TDCi 140 hö dísil sjálfskiptur
Skrd. 6/2011. Ek. 49.000 km.
Verð: 4.070.000 kr.

spyrðu um kjörin — 4.070.000 kr.

Citroën C5 SX (LL625)
2,0i 143 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 9/2006. Ek. 65.000 km.
Verð áður: 1.580.000 kr.

190.000 kr. vetrarafsláttur — 1.390.000 kr.

Ford Focus Trend (NP655)
1,6i 100 hö bensín beinskiptur
Skrd. 4/2007. Ek. 93.000 km.
Verð áður: 1.490.000 kr.

100.000 kr. vetrarafsláttur — 1.390.000 kr.

Ford Focus Trend (THS03)
1,6TDCi 90 hö dísil beinskiptur
Skrd. 5/2011. Ek. 58.000 km.
Verð: 2.410.000 kr

spyrðu um kjörin — 2.410.000 kr.

Ford Expedition Limited 4x4 (UE826)
5,4i V8 300 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 2/2007. Ek. 109.000 km.
Verð: 3.170.000 kr.

spyrðu um kjörin — 3.170.000 kr.

Subaru Legacy Sport (OAG86)
2,0 150 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 9/2008. Ek. 44.000 km.
Verð: 2.950.000 kr.

spyrðu um kjörin — 2.950.000 kr.

Ford Escape Limited AWD (LDB02)
2,5i 170 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 6/2011. Ek. 48.000 km.
Verð: 4.980.000 kr

spyrðu um kjörin — 4.980.000 kr.

Ford Fiesta Trend (FBY21)
1,4i 96 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 5/2011. Ek. 55.000 km.
Verð: 2.095.000 kr.

spyrðu um kjörin — 2.095.000 kr.

Subaru Tribeca 4WD 7 sæta (RZ511)
3,0i 248 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 11/2006. Ek. 67.000 km.
Verð: 2.790.000 kr.r.

spyrðu um kjörin — 2.790.000 kr.

Nissan Navara 4x4 (TM644)
2,5TD 174 hö dísil beinskiptur
Skrd. 4/2006. Ek. 97.000 km.
Verð: 2.790.000 kr.

spyrðu um kjörin — 2.790.000 kr.

Citroën C1 SX (RUY83)
1,0VVTi 68 hö bensín beinskiptur
Skrd. 6/2011. Ek. 39.000 km.
Verð: 1.590.000 kr.

spyrðu um kjörin — 1.590.000 kr.

VW Touareg AWD (VJF75)
3,6i 290 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 12/2007. Ek. 70.000 km.
Verð áður: 4.790.000 kr.

600.000 kr. vetrarafsláttur — 4.190.000 kr.

Nissan Patrol Luxury 4x4 (ZL639)
3,0TD 160 hö dísil sjálfskiptur
Skrd. 10/2005. Ek. 125.000 km.
Verð áður: 3.790.000 kr.

700.000 kr. vetrarafsláttur — 3.090.000 kr.

Ford Explorer XLT 4x4 (FTU17)
4,0i V6 200 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 10/2006. Ek. 91.000 km.
Verð áður: 2.690.000 kr.

400.000 kr. vetrarafsláttur — 2.290.000 kr.

Ford Fiesta Trend (EDS98)
1,25i 60 hö bensín beinskiptur
Skrd. 7/2011. Ek. 58.000 km.
Verð: 1.640.000 kr.

spyrðu um kjörin — 1.640.000 kr.

Opið í dag

Komdu og skoðaðu notaða bíla á milli kl. 9 og 17 í Brimborg, Bíldshöfða 6 og 8 í Reykjavík og Tryggvabraut 5 á Akureyri

Spyrðu um lánamöguleika og skipti. Komdu í kaffi.

Smelltu á **notadir.brimborg.is** og skoðaðu fleiri dæmi

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6 og 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | notadir.brimborg.is

menning

menning@frettabladid.is

GÍTARLEIKARINN ÖGMUNDUR ÞÓR JÓHANNESSON flytur fjölbreytta efnisskrá með verkum eftir Francesco da Milano, Mauro Giuliani, Napoleon Coste, Astor Piazzolla, Tal Hurwitz og íslensku tónskáldin Hafliða Hallgrímsson og Atla Heimi Sveinsson í tónleikaröðinni Klassík í Vatnsmýrinni í kvöld kl. 20 í Norræna húsinu. Þetta eru síðustu tónleikarnir í tónleikaröðinni á þessu starfsári.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Þriðjudagur 30. október 2012

Sýningar

10.00 Sýning á veggspjöldum Guðmundar Odds Magnússonar opnar í Spark Design Space, Klapparstíg 33.

Tónlist

12.15 Þóra Björnsdóttir sópran og Guðmundur Sigurðsson organisti flytja tónlist eftir Bach í Hafnarfjarðarkirkju.

20.30 Kvartett söngkonurnar Ragnheiðar Gröndal spilar á þriðjudagsdjassinum á KEX Hostel.

21.00 ÍRIS, Minor Times og Mikael Lind halda tónleika á Café Rosenberg.

Fyrirlestrar

12.05 Steinunn Kristjánsdóttir fjallar um niðurstöður fornleifauppgraftar á rústum Skriðuklausturs í Þjóðminjasafni Íslands. Aðgangur er ókeypis.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

FJÖRU VERÐLAUNIN

Fjöruverðlaunin 2013
Auglýst eftir tilnefningum

Auglýst er eftir tilnefningum til Fjöruverðlaunanna, bókmenntaverðlauna kvenna. Veittar eru viðurkenningar í þremur flokkum: flokki fagurbókmennta, fræðibóka, og barna- og unglingabóka.

Til greina koma allar bækur skrifaðar af konum sem út koma í fyrsta skipti árið 2012. Ekki þarf að greiða neitt til að tryggja að bækur verði með í pottinum.

Útgefendur eru beðnir að senda lista yfir tilnefndar bækur og áætlaðan útgáfutíma á netfangið bokmenntaverdlaunkvenna@gmail.com í síðasta lagi **1. nóvember**.

ILVA Korputorgi, sími 522 4500 www.ILVA.is
laugardaga 10-18 sunnudaga 12-18
mánudaga - föstudaga 11-18:30

Að missa lífsförunaut
Fyrirlestur og stuðningshópar

Þann 1. nóvember kl. 20:30 í safnaðarheimili Háteigskirkju verður haldin fyrirlestur um makamissi.
Fyrirlesarar eru Ásdís Káradóttir hjúkrunarfræðingur og Hulda Guðmundsdóttir guðfræðingur.

Þá verður einnig opið hús þetta sama kvöld og hefst það kl. 19 á sama stað.

Í kjölfar fyrirlestrarins fara af stað tveir stuðningshópar

1. Að missa maka í blóma lífsins.
2. Að missa maka á fullorðinsárum (í samvinnu við Krabbameinsfélagið).

NÝ DÖGUN
Samtök um sorg og sorgarviðbrögð

www.nydogun.is • www.sorg.is • sorg@sorg.is

Endurupppspretta Ayn Rand

Tvö skáldverk eftir Ayn Rand hafa komið út í íslenskri þýðingu með stuttu millibili, Undirstaðan og Uppsprettan. Það þriðja er væntanlegt á næsta ári, Kíra Argúnova, sem Frosti Logason býr til prentunar.

AYN RAND Sló í gegn með Uppsprettunni árið 1943 en stórvirki hennar, Undirstaðan, kom út 1956. Rand var umdeildur höfundur en frjálshyggjumenn tóku skáldskap hennar og hugmyndafræði opnum örmum.

NORDICPHOTOS/GETTY

Undirstaðan, eða Atlas Shrugged eins og hún heitir á frummálinu, eftir rússnesk-bandaríska rithöfundinn Ayn Rand kom út á vegum Almenna bókafélagsins fyrir helgi.

FROSTI LOGASON

Undirstaðan, sem kom út árið 1956, er jafnan álitið helsta stórvirki Rand enda bókin engin smásmíði – 1.146 blaðsíður í þýðingu Elínar Guðmundsdóttur. Undirstaðan er hugmyndafræðilegt framhald Uppsprettunnar (e. The Fountainhead) sem Ayn Rand sló í gegn með árið 1943 (og kom út í íslenskri þýðingu Þorsteins Siglaugssonar í fyrra). Fyrsta skáldsaga Rand, We the Living, kom út 1934 en birtist sem framhaldssaga í Morgunblaðinu undir heitinu Kíra Argúnova árið 1949. Hún kemur út á vegum Almenna bókafélagsins á næsta ári og hefur Frosti Logason útvarpsmaður búið hana til prentunar, en hann skrifað BA-ritgerð sína í stjórnmálafræði um Rand og stjórnmálaheimspeki hennar. Frosti komst fyrst í kynni við verk Rand í stjórnmálafræðinámi sínu.

„Það var af persónulegum áhuga sem ég fór að grufla í verkum hennar," segir hann. „Ég er trúleysingi og fékk áhuga á þeim þætti í fræðum hennar og heillaðist af áherslunni sem hún leggur á frelsi og ekki síður ábyrgð einstaklingsins; að hann geti ekki sett örlög sín í hendur einhvers almættis eða yfirvalda heldur verður að axla ábyrgð á þeim sjálfur. Í framhaldinu fór ég að kynna mér verk hennar betur og það var afar fátt sem mér hugnaðist ekki, hún talaði mjög sterkt til mín."

Hugmyndafræði og heimspekikenningar Rand hafa verið mikið gagnrýndar í gegnum tíðina og sumir vilja meina að með hruni fjármálakerfisins 2008 hafi hugmyndir hennar og frjálshyggjunnar hreinlega gengið sér til húðar. Því er Frosti ósammála og telur hann boðskap Rand eiga brýnt erindi nú.

„Ef hér hefði ríkt frjálshyggja í anda Ayn Rand hefðu bankar þurft að bera ábyrgð á aðgerðum sínum og þar af leiðandi ekki farið jafn óvarlega og þeir gerðu. Að skattgreiðendur og seðlabankar hafi þurft að axla tjónið á tapi einkabanka er í hrópandi ósamræmi við hugmyndafræði Rand og hún hefði aldrei fallist á það. Að þessu leyti held ég að boðskapur hennar eigi brýnt erindi."

bergsteinn@frettabladid.is

UMDEILDUR HÖFUNDUR

Ayn Rand fæddist í Rússlandi 1905 en fluttist til Bandaríkjanna 1926 og gerðist farsæll handritahöfundur í Hollywood, þar til hún sló í gegn með skáldsögunni Uppsprettunni árið 1943. Hornsteinninn í verkum Rand er heimspekikerfi hennar, hluthyggjan, sem gengur út á að einstaklingurinn sé mikilvægasta grunneining samfélagsins og æðsta skylda hans sé að vinna að rökréttum hagsmunum sínum. Leiðin að þessum markmiðum væri í gegnum frjálsan markaðsbúskap með lágmarksríkisafskiptum. Rand var stækur andstæðingur heildarhyggju, þar sem áhersla var lögð á ábyrgð einstaklingsins gagnvart samfélaginu, og taldi það ávísun á sníkjulífi. Hugmyndafræði Rand og verk hennar voru umdeild en hún hefur átt upp á pallborðið hjá frjálshyggjumönnum sem hafa tekið skáldskap hennar opnum örmum og bækur hennar hafa selst í milljónum eintaka.

Vegna ástar eða óveðurs

Bækur ★★★★☆

Strandir
Gerður Kristný

Mál og menning

Gerður Kristný er meðal okkar albestu skálda, um það eru varla deildar meiningar eftir meistaraverkið Blóðhófni sem út kom fyrir tveimur árum og hlaut Hin íslensku bókmenntaverðlaun það árið. Og hafi einhver enn velkst í vafa um stöðu (eða setu) hennar á íslenskum skáldabekk ætti ljóðabókin Strandir að taka af öll tvímæli þar um.

Strandir eru ekki samstæður ljóðaflokkur eins og Blóðhófnir heldur safn styttri ljóða sem flokkuð eru í fjóra kafla eftir yrkisefnum. Í fyrsta kaflanum eru ljóð um ýmsa staði innanlands, auk stemningsljóða um jól, liðin skáld, börn og fleira. Í öðrum kaflanum eru ljóð frá ferðum skáldsins utanlands þar sem brugðið er upp örmyndum af aðstæðum og atvikum í fjarlægum eða nálægum heimshlutum. Þriðji kaflinn geymir æskuminningar og hugleiðingar um liðin atvik. Rúsínan í pylsuendanum, og það engin smáræðis rúsína, er svo fjórði kaflinn sem er einn ljóðabálkur undir nafninu Skautaferð.

Ljóðin í öllum köflunum bera sterk höfundareinkenni Gerðar Kristnýjar; knappt form, sparlega orðanotkun, sterkt myndmál og oft óvænta vendingu, jafnvel með kímnum undirtón, þótt undiraldan sé alla jafna þung. Hér er ekki ort í neinum hálfkæringi og flaustri heldur málaðar myndir úr orðum og tilfinningum, myndir sem verða ljóslifandi fyrir augum lesandans og færa hann án fyrirhafnar inn í heim hvers ljóðs fyrir sig, varpa nýju ljósi á alkunn fyrirbrigði og/eða opna glugga í ókunna heima:

Japanskt ævintýr

Í Næturgalahöllinni
kvakar í hverri gólffjöl

Keisarinn hræddist
launmorð og þjófa
á hljóðum þófum
og lét naglana í gólfinu
nuggast saman

Hann reisti óttanum
syngjandi búr

Fuglinn bar
feigð í fjöðrum sér

Hver kafli um sig býr yfir eigin töfrum og allir bera þeir listfengi höfundarins órækt vitni. Að öðrum ljóðum ólöstuðum er það þó síðasti kaflinn, ljóðabálkurinn Skautaferð, sem sterkust áhrifin hefur. Þar er sögð saga af togstreitu, missi, sorg og eftirsjá í myndmáli sem tæpast á sinn líka í íslenskri ljóðahefð. Eins og oft áður hjá Gerði Kristnýju er notað myndmál úr íslenskri vetrarnáttúru og veðráttu til að lýsa tilfinningalegum sársauka en sjaldan hefur henni tekist betur upp með það en hér. Tónninn er í senn dulúðugur, draugalegur og þjóðsögulegur, en um leið er beitt hugljúfum myndum af saumaskap þar sem krosssaumsblóm úr „blíðgulum þræði" breiða úr sér á baki ljóðmælandans uns þráðurinn slitnar og allt raknar upp. Nístandi kvölin smýgur í merg og bein lesandans, hár rísa og tár falla. Áhrifin eru í senn ógnvænleg og undurfögur og sterkari en ég minnist frá lestri nokkurs annars texta. Ef það væri ekki svona útjöskuð klisja mundi ég segja að það væri hjartalaus manneskja sem ekki fyndi til við lestur þessa ljóðs. **Friðrika Benónýsdóttir**

Niðurstaða: Sterk, meitluð, falleg og listilega ort ljóð sem undirstrika enn stöðu Gerðar Kristnýjar sem eins okkar fremsta ljóðskálds.

Einnar nætur gaman... ár eftir ár eftir ár.

Á sama tíma á ári

Einn vinsælasti gamanleikur allra tíma!

Skelltu þér í áskrift!

Nína Dögg Filippusdóttir og Guðjón Davíð Karlsson í verðlaunaverki Bernard Slade
í leikstjórn Sigurðar Sigurjónssonar og Bjarna Hauks Þórssonar

Miðasala í fullum gangi

Tryggðu þér miða!

Sýnt í Borgarleikhúsinu í október, nóvember og desember.
Sýningar í Hofi á Akureyri í nóvember.

BYLGJAN 989

Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is

Borgarleikhúsið

FÍTON / SÍA

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ

SKYFALL 007

FYRSTA FLOKKS 007 J. A. Ó. - MBL
PRÆLSPENNANDI OG SKEMMTILEG FRÁ UPPHAFI TIL ENDA. H.V.A - FBL
"SÚ BESTA Í ALLRI SERÍUNNI" T.V. - KVIKMYNDIR.IS
P.P. - FRÉTTATÍMINN

12 LÚXUS ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

TRYGGIÐ ÉR MIÐA Á midi.is

TAKEN 2 ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ 16
LÚXUS djúpið 10
TEDDI ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ L
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ LOVE IS ALL YOU NEED L

SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

SKYFALL KL. 5 - 6 - 8 - 9 - 11		12
SKYFALL LÚXUS	KL. 5 - 8 - 11	12
TEDDI LANDKÖNNUÐUR KL. 3.40		L
FUGLABORGIN 3D ÍSL.TAL KL. 3.40		L
TAKEN 2	KL. 10.30	16
DJÚPIÐ	KL. 5.50 - 8 - 10.10	10
ÁVAXTAKARFAN	KL. 3.40	L

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

SKYFALL	KL. 6 - 7 - 9 - 10	12
TAKEN 2	KL. 10.10	16
LOVE IS ALL YOU NEED KL. 8 - 10.30		L
DJÚPIÐ	KL. 5.50 - 8	10
THE DEEP ENSKUR TEXTI KL. 5.50		10

BORGARBÍÓ ÞRIÐJUDAGSTILBOÐIN GILDA EKKI Í BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

SKYFALL KL. 5.20 - 8 - 10 - 10.40		12
TAKEN 2	KL. 8	16
DJÚPIÐ	KL. 6	10

facebook / smarabio • facebook / haskolabio

THE VACCINES

Bresk hljómsveit með íslenskan bassaleikara, Árna Hjörvar Árnason, sem sló í gegn með sinni fyrstu plötu. Tónlistin þótti minna á The Strokes, Ramones og The Jesus And Mary Chain. Gripur númer tvö, Come of Age, náði þriðja sæti breska breiðskífulistans fyrr á árinu.

Listasafn Reykjavíkur. Föstudagur kl. 00.00.

DIRTY PROJECTORS

Bandarísk hljómsveit sem spilar tilraunakennda tónlist þar sem gítarinn fær sitt pláss. Síðasta plata hennar, Bitte Orca, komst ofarlega á árslista margra tónlistarspekúlanta yfir þær bestu árið 2009. Sú nýjasta, Swing to Magellan, hefur einnig fengið góða dóma.

Listasafn Reykjavíkur. Laugardagur kl. 00.00.

DJANGO DJANGO

Skoskur kvartett sem var stofnaður í listaskóla í Edinborg. Fyrsta platan kom út við góðar undirtektir í janúar síðastliðnum. Hún hefur verið tilnefnd til hinna virtu Mercury-verðlauna.

Harpa Silfurberg. Laugardagur kl. 00.00.

SAMBÍÓIN UPPLIFÐU NÝJA SAMBÍÓIÐ Í KRINGLUNNI 007

Meryl Streep og Tommy Lee Jones eru frábær í þessari rómantísku gamanmynd

TILBOÐ SKYFALL 007 ★★★★ ★★★★★ ★★★★ ★★★★ „SÚ BESTA Í ALLRI SERÍUNNI" 12

TILBOÐ Meryl Streep Tommy Lee Jones Steve Carell HopeSpringS Fall in love again L ★★★★ Entertainment Weekly ★★★★ New York Observer ★★★★ Empire ★★★★ Boxoffice.com

★★★★ Ein besta mynd ársins! - Boxoffice Magazine TILBOÐ END OF WATCH 16

LAWLESS TILBOÐ 15

TILBOÐ LOOPER 15

FRÁ LEIKSTJÓRANUM TIM BURTON ★★★★★ Entertainment Weekly ★★★★½ TILBOÐ FRANKENWEENIE 7

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

HOPE SPRINGS	KL. 5:50 - 8 - 10:10	L
FRANKENWEENIE SÝND Í 3D MEÐ ÍSL TEXTA	KL. 6 - 8 - 10	7
END OF WATCH	KL. 5:50 - 8 - 10:20	16
END OF WATCH VIP	KL. 5:40 - 8 - 10:20	VIP
LOOPER	KL. 10	15
SAVAGES	KL. 8	16
FINDING NEMO ÍSL. TAL	KL. 5:50	L
THE CAMPAIGN	KL. 8	12
LAWLESS	KL. 10:40	16
BRAVE ÍSL. TAL	KL. 5:50	L

SAMBÍÓIN AKUREYRI

FRANKENWEENIE SÝND Í 3D MEÐ ÍSL TEXTA	KL. 6	7
LAWLESS	KL. 8	16
LOOPER	KL. 10:20	16
BRAVE ÍSL. TAL	KL. 6	L
HOPE SPRINGS	KL. 8	L
END OF WATCH	KL. 10:20	16

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

SKYFALL	KL. 5 - 8 - 10:20 - 11	12
FRANKENWEENIE SÝND Í 3D MEÐ ÍSL TEXTA	KL. 6	7
END OF WATCH	KL. 5:40 - 8 - 10:20	16
HOPE SPRINGS	KL. 5:40 - 8	L
LOOPER	KL. 8	12
LAWLESS	KL. 10:30	16

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI UPPLIFÐU NÝJA SAMBÍÓIÐ KRINGLUNNI 007

SKYFALL NÚMERUÐ SÆTI	KL. 5 - 6 - 7 - 8 - 9 - 10 - 11	12
HOPE SPRINGS	KL. 5	L

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

SKYFALL	KL. 8 - 11	12
HOPE SPRINGS	KL. 8	L
END OF WATCH	KL. 10:10	16

ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG

Sex spennandi á Airwaves

Alls koma 224 listamenn fram á 254 tónleikum á tólf tónleikastöðum á Airwaves-hátíðinni sem hefst á miðvikudaginn. Fréttablaðið nefnir til sögunnar sex spennandi flytjendur sem eiga eflaust eftir að njóta mikillar athygli á hátíðinni.

ÁSGEIR TRAUSTI

Þessi tvítugi tónlistarmaður hefur slegið í gegn með fyrstu plötu sinni Dýrð í dauðaþögn og hefur hún þegar náð gullsölu. Hann verður önnum kafinn á meðan á Airwaves stendur. Alls spilar hann sex sinnum, þar af fjórum sinnum utan dagskrár.

Þýski barinn. Miðvikudagskvöld kl. 00.10.

Harpa Norðurljós. Fimmtudagur kl. 22.30.

HALLELUWAH

Glænýr hiphop-dúó skipaður Sölva Blöndal og Tiny úr Quarashi. Lagið K2R af fyrstu plötu sveitarinnar sem kemur út í apríl á næsta ári hefur hitt í mark.

Þýski barinn. Fimmtudagur kl. 21.00.

LÁRA RÚNARS

Gaf nýverið út sína fjórðu plötu, Beast. Þar fetar hún myrkari, djarfari og listrænni slóðir en áður. Síðasta plata hennar vakti athygli hjá breska tímaritinu Q, MTV, NME og Filter Magazine.

Harpa Silfurberg. Fimmtudagur kl. 20.30.

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas

BÍÓ ★ PARADÍS

PURGE | 2 DAYS IN NEW YORK | SUNDIÐ | ENGLISH SUBTITLES THE NEW HIT FILM FROM BALTASAR KORMÁKUR the deep

ÞRIÐJUDAGUR: PURGE (HREINSUN) (16) 17:30, 20:00, 22:30 ■ 2 DAYS IN NEW YORK (L) 18:00, 20:00, 22:00 ■ SUNDIÐ (L) 18:00, 20:00 ■ HREINT HJARTA (L) 18:00 ■ DJÚPIÐ (L) (ENG. SUBS.) 20:00 ■ A SEPARATION (L) 22:00 ■ KÓNGAGLENNA (EN KONGELIG AFFÆRE)(14) 22:00

BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ: 950 kr. miðinn!

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 5%

12 POWERSÝNING KL. 10 Í 4K SKYFALL 007 ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

L ÍSLENSKT TAL ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ TEDDI

FYRSTA SINN Á ÍSLANDI! SÝNINGAR Í 4K - KL: 7 og 10

ÞRIÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ SEVEN PSYCHOPATHS

LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar	
SKYFALL	6, 7, 9, 10(P)	12
TEDDI 2D	6	L
SEVEN PSYCHOPATHS	8, 10.20	16

Kvikmyndasafn Íslands sýnir í Bæjarbíói

Engar auglýsingar Ekkert hlé

Þriðjudaga kl. 20 og laugardaga kl. 16.
www. kvikmyndasafn.is

KVIKMYNDAÁRIN 1921 og 1909

Októberdagskráin er samsett úr varðveittum köflum úr sænskri Íslandsmynd frá 1920, sem sýnd var í Nýja Bíói í byrjun ársins 1921. Síðan tekur við Konungskoman 1921 þegar Kristján konungur X. og fjölskylda hans komu í fyrstu Íslandsheimsókn sína. Þá er kvikmynd af fyrsta þúfnabananum, tekin af sama tökumanni seinna um sumarið. Dagskráin endar á stórmerkum atvinnusögumyndum frá árinu 1909, sem sýna skútu- og togveiðar Frakka við Íslandsstrendur í upphafi togaraaldar.

Óheppin í ástum

Söngkonan Taylor Swift talaði nýlega opinskátt um óheppni sína í ástum við Katie Couric í viðtalsþættinum Katie. Swift hætti nýverið með hinum 18 ára Conor Kennedy, en þau hafa verið saman síðan í sumar.

„Núna kemur það í ljós að ég hef ekkert svo mikið vit á ástinni eftir allt saman," sagði Swift meðal annars við Couric. Síðastliðin fjögur ár hefur söngkonan verið með frægum mönnum á borð við John Mayer, Joe Jonas, Jake Gyllenhaal og Taylor Lautner en slitnað hefur upp úr samböndunum fljótt.

Á LAUSU Taylor Swift skilur ástina en hún hætti nýverið með hinum 18 ára Conor Kennedy. NORDICPHOTOS/GETTY

Fjölskylduævintýri

Angelina Jolie fer með hlutverk illu drottningarinnar Maleficent í samnefndri ævintýramynd sem nú er í tökum. Þrjú barna hennar fara einnig með hlutverk í kvikmyndinni.

Vefsíðan Huffingtonpost.com segir dóttur Jolie og Brad Pitt, Vivienne, fara með hlutverk prinsessunnar Áróru á móti Elle Fanning. Sonurinn Pax og dóttirin Zahara fara með önnur smærri hlutverk. Fjórða barnið átti einnig að leika í myndinni en hætti við.

„Shiloh átti einnig að leika í myndinni en henni leiddist það og vildi ekki taka þátt þegar á hólminn var komið," var haft eftir heimildarmanni.

Kvikmyndin er framleidd af Walt Disney Productions og er ævintýrið um Þyrnirós sagt frá sjónarhorni illu drottningarinnar Maleficent. Tökur á myndinni hófust í London í sumar og áætlað er að myndin verði frumsýnd þann 14. mars árið 2014.

FJÖLSKYLDUMYND Angelina Jolie og þrjú barna hennar. NORDICPHOTOS/GETTY

EINKAMYNDIR Persónulegum myndum af Sofiu var stolið af síma unnusta hennar.

Nakin Sofia

Modern Family kynbomban Sofia Vergara reynir nú allt hvað hún getur til að hindra það að nektarmyndir af henni detti í hendur hæstbjóðanda á svörtum markaði.

Umræddum myndum var stolið af síma unnusta hennar Nick Loeb í byrjun sumars og þrátt fyrir að hún segi þær á engan hátt klámfengnar þá vill hún alls ekki að þær komi fyrir augu almennings. Heimildarmaður náinn parinu hefur sagt að myndirnar séu afar persónulegar og gera má ráð fyrir að þær séu kynþokkafullar í meira lagi, þó þær séu kannski ekki klámfengnar.

VILJA BARN Daniel Craig og Rachel Weisz gætu hugsað sér að eignast annað barn. NORDICPHOTOS/GETTY

Vilja barn

Sögusagnir eru á kreiki um að Daniel Craig og Rachel Weisz gætu átt von á barni saman í nánustu framtíð. Tímaritið Star hefur eftir heimildarmanni sínum að Craig sé svo spenntur yfir hugmyndinni að hann sé þegar farinn að pæla í nöfnum á barnið.

Weisz á soninn Henry með fyrrverandi eiginmanni sínum, leikstjóranum Darren Aronofsky, og Craig á tvítuga dóttur að nafni Ella. Að sögn heimildarmanna Star er Weisz engu minna spennt fyrir því að eignast annað barn.



sport

sport@frettabladid.is

FJALAR ÞORGEIRSSON skrifaði í gær undir þriggja ára samning við Val en hann kemur til liðsins frá KR þar sem hann var í eitt ár. Fjalar er 35 ára og hefur lengst af á ferlinum leikið með Þrótti og Fylki en einnig með Fram. Hann á að baki vel á þriðja hundrað leikja í deild og bikar og hefur spilað fimm A-landsleiki.

ÚRSLIT

Lengjubikar karla

A-RIÐILL

Haukar - Skallagrímur 83-82 (43-38)
Haukar: Arryon Williams 25/10 fráköst, Haukur Óskarsson 25/5 stoðsendingar, Andri Freysson 10/6 stoðsendingar, Helgi Björn Einarsson 10/13 fráköst, Þorsteinn Finnbogason 5/9 fráköst, Kristinn Marinósson 4, Davíð Hermannsson 4.
Skallagrímur: Carlos Medlock 28/4 fráköst/7 stoðsendingar, Páll Axel Vilbergsson 25/5 fráköst, Orri Jónsson 7/8 fráköst, Trausti Eiríksson 6/12 fráköst, Sigmar Egilsson 5, Davíð Ásgeirsson 4, Birgir Þór Sverrisson 4, Davíð Guðmundsson 3.

Keflavík - Grindavík 99-91
Staðan: Keflavík 6, Grindavík 4, Skallagrímur 2, Haukar 2.

C-RIÐILL

Breiðablik - Fjölnir 86-82 (41-31)
Breiðablik: Þorsteinn Gunnlaugsson 22/15 fráköst, Ægir Hreinn Bjarnason 20/4 fráköst, Atli Örn Gunnarsson 18/9 fráköst, Hraunar Karl Guðmundsson 16, Sigmar Logi Björnsson 6/4 fráköst, Rúnar Pálmarsson 3, Garðar Pálmi Bjarnason 1.
Fjölnir: Sylverster Cheston Spicer 32/8 fráköst, Róbert Sigurðsson 12, Jón Sverrisson 11/7 fráköst, Christopher Matthews 10, Gunnar Ólafsson 9, Arnþór Freyr Guðmundsson 6, Tómas Heiðar Tómasson 2.
Staðan: Tindastóll 6, Stjarnan 4, Breiðablik 2 , Fjölnir 0.
Keppt er í fjórum riðlum. Efsta liðið úr hverjum riðli kemst áfram í undanúrslit.

Spilað á Norðurlöndunum:

Fyrsta tap FCK

FÓTBOLTI FCK tapaði í gær sínum fyrsta leik á tímabilinu í dönsku úrvalsdeildinni. Liðið mætti þá Horsens sem vann, 1-0. Ragnar Sigurðsson var einn Íslendinganna hjá liðinu í byrjunarliðinu en Sölvi Geir Ottsen kom inn á seint í leiknum. Rúrik Gíslason var ónotaður varamaður.

FCK er þrátt fyrir tapið enn á toppi dönsku úrvalsdeildarinnar eftir fjórtán umferðir.

Íslendingaliðið Halmstad þarf að fara í umspil um sæti í sænsku úrvalsdeildinni. Það varð ljóst eftir 2-1 tap liðsins fyrir Assyriska í næstsíðustu umferð sænsku B-deildarinnar í gær. Guðjón Balvdinsson lék allan leikinn með Halmstad en Kristinn Steindórsson tók út leikbann.

BÆRINN ANDAÐI LÉTTAR

Aron Pálmarsson verður í eldlínunni með íslenska landsliðinu á ný þegar það mætir Hvít-Rússum í vikunni. Hann er kominn af stað með Kiel á ný eftir meiðsli en Aron segir að það fylgi því ávallt mikil pressa að spila með liðinu.

HANDBOLTI Ísland mætir Hvíta-Rússlandi í undankeppni EM 2014 á morgun en einn lykilmanna íslenska landsliðsins, Aron Pálmarsson, verður með liðinu eftir að hafa jafnað sig á meiðslum í olnboga sem hafa plagað hann síðustu vikurnar.

„Ég er ágætur. Ég gat spilað á laugardaginn og þó svo að ég finni aðeins til sögðu læknarnir að meiðslin verði ekkert verri. Ég má því gera allt sem ég geri venjulega," sagði Aron í samtali við Fréttablaðið fyrir æfingu landsliðsins sem fór fram í Víkinni í gærkvöldi.

Aron skoraði þrjú mörk í ótrúlegum leik Kiel og Hamburg um helgina. Kiel var fimm mörkum undir þegar tíu mínútur voru til leiksloka en vann þriggja marka sigur eftir ótrúlegan viðsnúning. Það var hans fyrsti leikur með Kiel síðan hann meiddist í leik liðsins gegn Sävehof frá Svíþjóð í Meistaradeild Evrópu en hann fór fram snemma í október.

Alltaf pressa á okkur

Kiel fékk fullt hús stiga í þýsku úrvalsdeildinni á síðasta tímabili og varð þar að auki bikarmeistari sem og Evrópumeistari. Aron segir að í ár sé lagt að leikmönnum að ná árangri, rétt eins og áður.

„Það hefur auðvitað mikið breyst hjá okkur, ekki síst í leikmannamálum. Við misstum Kim Andersson sem var okkar besti maður í fyrra en erum komnir með nýja leikmenn sem þurfa að fá tíma til að venjast nýjum aðstæðum," segir Aron. „Ekki að við séum búnir að spila illa, þvert á móti. Okkur hefur gengið vel sem breytir þó ekki því að það er alltaf pressa á okkur að vinna hvern leik."

Kiel tapaði sínu fyrsta stigi í deildarleik í langan tíma þegar liðið gerði jafntefli við Füchse Berlin, lið Dags Sigurðssonar, á útivelli um miðjan síðasta mánuð.

NAFNARNIR Aron Pálmarsson ræðir við Aron Kristjánsson, nýjan landsliðsþjálfara Íslands, fyrir æfingu landsliðsins í Víkinni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> Maður fattaði ekki alveg strax hvað hafði gerst og var þetta mjög erfitt í nokkra daga.
>
> **ARON KRISTJÁNSSON**
> LEIKMAÐUR ÍSLENSKA LANDSLIÐSINS

„Ég held nú að bærinn hafi andað léttar við það," sagði hann og brosti. „Þetta var búið að ganga í langan tíma og þetta var staðfesting á því að við getum enn tapað stigi og stigum," bætti hann við en Kiel hefur ekki tapað deildarleik síðan í maí í fyrra.

Erfiðir dagar eftir leikana

Aron klæðist á morgun íslensku landsliðstreyjunni í fyrsta sinn síðan að Ísland mátti þola grátlegt tap fyrir Ungverjalandi í tvíframlengdum leik í fjórðungsúrslitum.

„Það var gríðarlega erfitt að kyngja því. Við ætluðum okkur lengra," sagði Aron og fannst erfitt að rifja þetta upp. „Maður fattaði ekki alveg strax hvað hafði gerst og var þetta mjög erfitt í nokkra daga."

Nafni hans Kristjánsson stýrði í gærkvöldi sinni fyrstu landsliðsæfingu en hann tók við starfinu af Guðmundi Guðmundssyni sem hætti eftir Ólympíuleikana. Nýi þjálfarinn tók langan fund með leikmönnum fyrir æfinguna í gær.

„Þetta byrjaði ekki vel – fundurinn var allt of langur," sagði Aron og hló. „Mér líst auðvitað mjög vel á hann enda tala vinir mínir sem hafa spilað undir hans stjórn mjög vel um hann. Hann greinir andstæðinginn mjög vel og við erum vanir því. Við þurfum á því að halda."

eirikur@frettabladid.is

ODDUR GRÉTARSSON Lykilmaður í liði Akureyrar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Oddur í ómskoðun í dag:

Bara misst af einum leik

HANDBOLTI Oddur Gréetarsson, hornamaður Akureyrar, meiddist á hné eftir aðeins átta mínútur í tapleiknum á móti Haukum í N1 deild karla um helgina en það kemur ekki í ljós fyrr en í hádeginu í dag hversu alvarleg meiðslin eru.

„Ég fer í nánari skoðun á morgun (í dag) og þá ætti þetta að koma betur í ljós. Það var ekki möguleiki að fá tíma fyrr en þá," sagði Oddur í gær en í fyrstu var búist við að hann kæmist í myndatöku í gær. Oddur gæti verið með slitið krossband.

„Vonandi er þetta eitthvað minna en maður veit ekkert og ég get því alveg búist við nokkrum mánuðum. Ég yrði ánægður ef ég væri kominn af stað í fyrstu leiki eftir áramót," segir Oddur sem hefur hingað til verið heppinn með meiðsli.

„Ég hef bara misst af einum leik vegna meiðsla á öllum mínum meistaraflokksferli. Þetta eru mín fyrstu alvöru meiðsli," segir Oddur og þetta gerðist á versta tíma fyrir Akureyrarliðið. „Það er meiðslahrina í gangi hjá okkur núna en menn koma vonandi bara sterkir til baka," segir Oddur. -óój

CLATTENBURG Ræðir hér við John Obi Mikel, sem er sagður vera annar þeirra leikmanna Chelsea er málið varði. NORDICPHOTOS/GETTY

Enn eitt hneykslismálið:

Ummæli dómara rannsökuð

FÓTBOLTI Enn eitt kynþáttaníðsmálið er í uppsiglingu í ensku úrvalsdeildinni en enska knattspyrnusambandið hefur hafið rannsókn á ásökunum um að Mark Clattenburg knattspyrnudómari hafi haft niðrandi ummæli um tvo leikmenn Chelsea í leik liðsins gegn Manchester United um helgina.

Chelsea kvartaði undan dómaranum og mun Clattenburg ekki dæma leik í deildinni um næstu helgi. Mannréttindalögmaðurinn Peter Herbert, sem fer fyrir hópi manna sem vill stofna sérstök leikmannasamtök fyrir þeldökka knattspyrnumenn, hefur farið fram á að lögreglan í Lundúnum hefji sína eigin rannsókn á málinu.

Mikið hefur verið fjallað um kynþáttafordóma í tengslum við enska knattspyrnu síðustu vikur og mánuði. John Terry í Chelsea og Liverpool-maðurinn Luis Suarez hafa báðir verið dæmdir í bann fyrir niðrandi ummæli og hafa þeirra mál haft víðtæk áhrif á knattspyrnuna í Englandi. - esá

Björninn – Listskautadeild

Egilshöll

Listskautanámskeið fyrir 6 - 12 ára stelpur og stráka hefst

laugardaginn, 3.nóvember n.k. til 8.desember (jólasýning fyrir fjölskyldur)

Spennandi listskautanámskeið sem leggur áherslu á jafnvægisæfingar, þol og styrk á svellinu ásamt túlkun á mismunandi tónlistargerðum.

Verð kr. 10.000. / hægt er að fá skauta lánaða á staðnum.

Skráning: á staðnum eða á www.bjorninn.com / Skráning

Stundatafla:
- Laugardagar: 12:20 – 13:00
- Miðvikudagar: 16:20 – 17:00 og þrek 17:20 – 18:00

Nánari upplýsingar:
Berglind Rós s: 899-3058 / Erlendina s: 697-3990

Sextán íslensk mörk í Evrópuboltanum

Tólf íslenskir leikmenn voru á skotskónum í Evrópuboltanum um helgina, þar af skoruðu þeir Gunnar Heiðar Þorvaldsson og Alfreð Finnbogason fimm mörk saman og Steinþór Freyr Þorsteinsson átti þátt í fimm mörkum. Tveir skoruðu sigurmark sinna liða.

FÓTBOLTI Þetta var flott helgi fyrir íslenska knattspyrnumenn og -konur í Evrópu því tólf þeirra voru á skotskónum með liðum sínum og skoruðu saman sextán mörk. Landsliðsþjálfarinn Lars Lagerbäck fylgdist væntanlega vel með gangi mála og það verður samkeppni um landsliðsstöðurnar fyrir næstu verkefni.

Það má heldur ekki gleyma því að Kolbeinn Sigþórsson er meiddur og Aron Jóhannsson, markahæsti leikmaður dönsku deildarinnar, gat heldur ekki spilað með AGF um helgina. Kolbeinn skoraði í eina leik sínum með Ajax á tímabilinu og Aron er búinn að skora 12 mörk í 13 leikjum í dönsku deildinni.

Sextán mörk á tímabilinu

Gunnar Heiðar Þorvaldsson skorað þrennu þegar Norrköping vann 4-0 útisigur á Sundsvall. Hann er nú kominn með 16 mörk í 27 deildarleikjum á tímabilinu og er annar markahæsti maður sænsku úrvalsdeildarinnar.

Ganamaðurinn Abdul Waris er markahæstur og það eru ekki miklar líkur á því að Gunnar Heiðar nái því að vinna upp sex marka forskot hans í síðustu tveimur umferðunum þrátt fyrir að okkar maður sé búinn að skora 7 mörk í síðustu 5 leikjum.

Alfreð Finnbogason skoraði tvö mörk og átti eina stoðsendingu þegar Heerenveen tapaði 3-6 á móti Heracles. Alfreð hefur skorað átta mörk í átta fyrstu deildarleikjum sínum með Heerenveen-liðinu og alls tólf mörk í níu leikjum í öllum keppnum í hollenska boltanum.

SEXTÁN MARKA MAÐUR Gunnar Heiðar Þorvaldsson skoraði þrennu um helgina og er búinn að skora sjö mörk í síðustu fimm leikjum Norrköping. MYND/AFP

Jóhann Berg Guðmundsson var hetja AZ Alkmaar þegar hann skoraði sigurmark liðsins tveimur mínútum fyrir leikslok í 2-1 útisigri á Vitesse. Þetta var fyrsta mark hans á tímabilinu.

Steinþór Freyr Þorsteinsson átti frábæran leik þegar Sandnes Ulf vann 5-1 sigur á Fredrikstad í norsku úrvalsdeildinni. Steinþór skoraði fimmta og síðasta mark síns liðs en hafði áður gefið tvær stoðsendingar og fiskað tvö víti sem gáfu mörk. Hann kom því að öllum fimm mörkum liðsins og hefur alls átt þátt í 13 af 16 mörkum Sandnes-liðsins í síðustu níu leikjum.

Eiður Smári Guðjohnsen skoraði mark Cercle Brugge í 1-2 tapi á móti Standard Liège á föstudagskvöldið en Eiður Smári hefur skorað í þremur fyrstu leikjum sínum með Cercle.

Öflugir varamenn

Aron Einar Gunnarsson kom inn á sem varamaður hjá Cardiff City og skoraði síðasta mark liðsins í 4-0 sigri á Burnley en aðeins fjórum dögum áður hafði hann tryggt liðinu 2-1 sigur á Watford í uppbótartíma nokkrum mínútum eftir að honum var skipt inn á.

Eyjólfur Héðinsson var hetja sinna manna í SönderjyskE þegar hann skoraði sigurmark í uppbótartíma þegar liðið vann 2-1 útisigur á Esbjerg. Eyjólfur kom inn á sem varamaður 20 mínútum fyrr en hann var þarna að leika sinn fyrsta leik síðan í ágúst.

Hannes Þ. Sigurðsson tryggði Atyrau 1-1 jafntefli á móti Ordasaby á útivelli í lokaumferðinni í deildinni í Kasakstan.

Þá má ekki gleyma Stefáni Gíslasyni sem setti punktinn yfir i-ið þegar Oud-Heverlee Leuven vann 3-1 útisigur á Beerschot. OH Leuven er nú búið að vinna fjóra leiki í röð með markatölunni 16-4 og Stefán hefur skorað tvö mörk og lagt upp eitt í þessari sigurgöngu.

Stelpurnar skoruðu líka

Stelpurnar voru líka á skotskónum því landsliðskonurnar Margrét Lára Viðarsdóttir hjá Kristianstad og Katrín Jónsdóttir hjá Djurgården skoruðu báðar í markaleik milli sinna liða í sænsku kvennadeildinni og Margrét Lára lagði einnig upp mark til viðbótar. Margrét Lára hefur nú skorað í sex af síðustu átta leikjum sínum með Kristianstad og íslenska landsliðinu en Katrín var að skora sitt fyrsta mark í sænsku deildinni.

Kristín Ýr Bjarnadóttir kórónaði frábært tímabil í norsku b-deildinni með því að skora tvö mörk í 2-1 sigri í lokaumferðinni. Kristín Ýr skoraði alls 24 mörk í 22 leikjum á tímabilinu en Hólmfríður Magnúsdóttir gat ekki spilað vegna meiðsla en hún var markahæst í deildinni með 25 mörk.

ooj@frettabladid.is

ALFREÐ FINNBOGASON Fagnar hér einu af mörkum sínum.

dagskrá

> Stöð 2 kl. 21.40
Burn Notice

Spennuþáttaröðin Burn Notice snýr aftur á Stöð 2 í kvöld. Þetta er fimmta þáttaröðin um fyrrverandi njósnara, Michael Westen, sem var settur á „brunalistann" hjá bandarísku leyniþjónustunni. Núna vinnur hann aftur með gömlu félögunum og reynir að hafa uppi á mönnunum sem „brenndu" hann upphaflega.

Í KVÖLD

The Big C
Margverðlaunuð gamanþáttaröð um húsmóður í úthverfi Bandaríkjanna sem greinist með krabbamein. Hún reynir sitt besta til að sjá hinar spaugilegu hliðar veikinda sinna og taka lífinu létt þrátt fyrir sjúkdóminn.
Höfundur: Darlene Hunt
Aðalhlutverk: Laura Linney, Oliver Platt og Gabriel Basso
TV.com 8,7 | IMDb 7,9 | RÚV 21.25

Modern Family
Þriðja þáttaröðin um þrjár ólíkar fjölskyldur. Fjölskylda Claire og Phil er hin klassíska kjarnafjölskylda, bróðir hennar Mitchell er samkynhneigður með mann og barn og pabbi þeirra, Jay, er giftur ungri þokkadís frá Kólumbíu.
Höfundur: Steven Levitan og Christopher Lloyd **Aðalhlutverk:** Ed O'Neill, Sofía Vergara og Julie Bowen
87/100 | IMDb 8,7 | 20.05

Tin Cup
Roy McAvoy er fyrrverandi atvinnugolfari sem virðist vera með allt niðrum sig. Þegar hann verður skotinn í kærustu helsta keppinautar sína á golfvellinum ákveður hann þó að reyna að endurvekja taktana og framann.
Leikstjóri: Ron Shelton
Aðalhlutverk: Kevin Costner, Rene Russo og Don Johnson
Rotten Tomatoes 69% | IMDb 6,2 | BÍÓ 12:35

In Plain Sight
Spennuþáttaröð um Mary Shannon sem vinnur fyrir bandarísku vitnaverndina við að hafa uppi á fólki sem er í vitnavernd. Í þætti kvöldsins reynir mikið á aðlögunarhæfni vitnis sem er af Amish-ættum.
Höfundur: David Maples
Aðalhlutverk: Mary McCormack, Frederick Weller og Paul Ben-Victor
56/100 | IMDb 7,0 | 22.00

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.36 Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.03** Fyrr og nú **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Norðurslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Fyrr og nú **14.00** Fréttir **14.03** Tónleikur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Ljósa **15.25** Tungubrjótur **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Tríó **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Spegillinn **18.47** Auglýsingar **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Okkar á milli **21.10** Hvað er málið? **21.40** Íslendingasögur **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Fimm fjórðu **23.15** Kvika **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

RÚV

15.50 Íslenski boltinn (e)
16.30 Ástareldur (Sturm der Liebe)
17.20 Teitur
17.30 Sæfarar
17.41 Skúli skelfir
17.53 Kafað í djúpin
18.15 Táknmálsfréttir
18.25 Nigella í eldhúsinu (2:13) (Nigella: Kitchen) (e)
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
20.10 360 gráður Skyggnst er inn í íþróttalíf landsmanna og rifjuð upp gömul atvik úr íþróttasögunni.
20.45 Djöflaeyjan Fjallað verður um leiklist, kvikmyndir og myndlist með upplýsandi og gagnrýnum hætti.
➤ **21.25 Krabbinn** (9:10) (The Big C III) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.20 Njósnadeildin (1:6) (Spooks X) Breskur sakamálaflokkur um úrvalssveit innan bresku leyniþjónustunnar MI5 sem glímir meðal annars við skipulagða glæpastarfsemi og hryðjuverkamenn. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
23.15 Sönnunargögn (6:16) (Body of Proof II) (e) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
00.00 Kastljós (e)
00.30 Fréttir
00.40 Dagskrárlok

BÍÓ

10.40 Percy Jackson & The Olympians: The Lightning Thief
➤ **12.35 Tin Cup**
14.50 Arctic Predator
16.15 Percy Jackson & The Olympians: The Lightning Thief
18.15 Tin Cup
20.30 Arctic Predator
21.55 The Wolfman
23.40 Valkyrie
01.40 Five Fingers
03.05 The Wolfman
04.45 Valkyrie

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.05 Malcolm In the Middle (1:22)
08.30 Ellen (30:170)
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Doctors (165:175)
10.15 The Wonder Years (24:24)
10.40 How I Met Your Mother (13:24)
11.05 Suits (8:12)
11.50 The Mentalist (7:24)
12.35 Nágrannar
13.00 American Idol (1:39) (2:39)
15.10 Sjáðu
15.40 iCarly (21:45)
16.00 Barnatími Stöðvar 2
16.50 Bold and the Beautiful
17.10 Nágrannar
17.35 Ellen (31:170)
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.11 Veður
19.20 The Big Bang Theory (2:17) Leonard og Sheldon eru bestu vinir. Þeir eru eldklárir eðlisfræðingar og nördar sem þekkja eðli alheimsins mun betur en eðli mannsins.
19.40 Modern Family (24:24)
➤ **20.05 Modern Family** (21:24)
20.30 Anger Management (6:10) Gamanþáttaröð með Charlie Sheen. Charlie Goodson er skikkaður til að leita sér aðstoðar eftir að ganga í skrokk á kærasta fyrrum eiginkonu sinnar.
20.55 Chuck (3:13) Chuck Bartowski er mættur í fimmta sinn. Chuck var venjulegur nörd þar til hann opnaði tölvupóst sem mataði hann með hættulegustu leyndarmálum CIA.
21.40 Burn Notice (1:18)
22.25 The Daily Show: Global Edition (35:41)
22.50 New Girl (1:22)
23.15 Up All Night (13:24)
23.40 Grey's Anatomy (3:24)
00.25 Touch (1:12)
01.10 The Listener (12:13)
01.50 Shorts
03.20 Goya's Ghosts
05.10 Fréttir og Ísland í dag

SPORT *besta sætið*

17.25 Meistarad. Evrópu: fréttaþáttur
17.55 Meistaradeild Evrópu: Barcelona - Celtic
19.35 Enski deildarbikarinn: Reading - Arsenal BEINT frá leik í 16 liða úrslitum.
21.40 Spænsku mörkin
22.10 Samuel L. Jackson á heimaslóðum Skemmtilegur golfþáttur þar sem David Feherty heimsækir leikarann Samuel L. Jackson sem er forfallinn golfari og spjallar við hann um golfið.
22.55 Enski deildarbikarinn: Reading - Arsenal

SPORT 2 *enski boltinn*

14.35 Reading - Fulham
16.20 Southampton - Tottenham
18.05 Premier League Review Show 2012/13 Sýndar eru svipmyndir frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
19.00 Chelsea - Man. Utd.
20.45 Everton - Liverpool
22.30 Football League Show 2012/13 Sýndar svipmyndir úr leikjunum í næstefstu deild enska boltans.
23.00 Sunnudagsmessan
00.15 Arsenal - QPR

krakkar

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.00 Dóra könnuður
08.25 Áfram Diego, áfram!
08.50 Doddi litli og Eyrnastór
09.00 UKI
09.10 Stubbarnir
09.35 Strumparnir
09.55 Mörgæsirnar frá Madagaskar
10.15 Ævintýri Tinna
10.40 Histeria!
11.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími
17.05 Xiaolin Showdown
17.25 Villingarnir
17.50 iCarly (29:45)

Popptíví

17.05 Simpson-fjölskyldan Þegar Bart stelst á rapptónleika verða foreldrar hans ævareiðir. Í gremju sinni og hipphoppæði ákveður Bart að sviðsetja eigið mannrán.
17.25 Íslenski listinn
17.50 Glee (10:22)
18.35 Game Tíví
19.00 Friends (14:24)
19.20 Simpson-fjölskyldan (17:22) Hómer er ástkær eiginmaður en ábyrgðarleysið uppmálað. Marge er límið sem heldur fjölskyldunni saman. Bart er miskilinn góður drengur sem fær stundum slæmar hugmyndir. Lisa er skynsöm eins og móðir sín. Maggie er ungabarn sem hefur notað snuð í 18 ár.
19.45 How I Met Your Mother (1:22) Marshall er enn í sárum eftir Lily en vinir hans reyna sitt besta til að hjálpa honum að komast yfir það.
20.10 The Secret Circle (11:22) Bandarísk þáttaröð um unglingsstúlku sem flytur til smábæjar í Washington og er tekin inn í leynifélag unglinga sem búa öll yfir óvenjulegum hæfileikum.
20.50 The Vampire Diaries (11:22) Bandarísk þáttaröð um unglingsstúlku sem fellur fyrir strák sem er í raun vampíra og hefur lifað í meira en 160 ár. Hann reynir að lifa í sátt og samlyndi við venjulegt fólk en bróðir hans er ekki alveg eins friðsæll.
21.35 Game Tíví
22.00 The Secret Circle (11:22)
22.40 The Vampire Diaries (11:22)
23.25 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví

GULL

18.15 Doctors (58:175)
19.00 Ellen (31:170)
19.40 Mr. Bean
20.10 The Office (2:6)
20.40 Gavin and Stacey (2:6)
21.10 Spaugstofan
21.35 Ljósvakavíkingar - Stöð 2 (3:5)
22.10 Ellen (31:170)
22.55 Mr. Bean
23.25 The Office (2:6)
23.55 Gavin and Stacey (2:6)
00.25 Spaugstofan
00.50 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Rachael Ray (e)
08.45 Dr. Phil (e)
09.25 Pepsi MAX tónlist
15.15 Parenthood (3:22) (e)
16.00 Kitchen Nightmares (3:17) (e)
16.50 Rachael Ray
17.35 Dr. Phil Bandarískur spjallþáttur með sálfræðingnum Phil McGraw sem hjálpar fólki að leysa vandamál sín í sjónvarpssal.
18.15 Rules of Engagement (15:15) (e)
18.40 30 Rock (10:22) (e)
19.05 America's Funniest Home Videos (e)
19.30 Everybody Loves Raymond (e)
19.55 Will & Grace (17:24) (e)
20.20 America's Next Top Model (10:13) Raunveruleikaþáttaröð þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu. Í þetta sinn eru bæði breskar og bandarískar stúlkur sem fá að spreyta sig. Fyrirsæturnar fara til Hong Kong og hitta fræga poppstjörnu. Tvær fyrirsætur þurfa að fara heim í þættinum.
21.10 GCB (9:10) Bandarísk þáttaröð sem gerist í Texas þar sem allt er leyfilegt. Það er grillhátíð í vændum en stjórnandi hennar tekur þá umdeildu ákvörðun um að leyfa konum ekki að taka þátt.
➤ **22.00 In Plain Sight** (6:13)
22.50 Secret Diary of a Call Girl (3:8) Skemmtileg og ögrandi þáttaröð um unga konu sem lifir tvöföldu lífi.
23.20 Sönn íslensk sakamál (2:8) (e)
23.50 Bedlam (1:6) (e)
00.40 Blue Bloods (12:22) (e)
01.25 In Plain Sight (6:13) (e)
02.15 Everybody Loves Raymond (e)
02.40 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

08.45 Golfing World **09.35** Tiger gegn Rory **14.05** LPGA Highlights (18:20) **15.20** Ollie's Ryder Cup (1:1) **15.45** Ryder Cup Official Film 1999 **17.15** PGA Tour - Highlights (38:45) **18.10** Golfing World **19.00** Tiger gegn Rory **23.30** Golfing World **00.20** ESPN America

INN

20.00 Hrafnaþing **21.00** Græðlingur **21.30** Svartar tungur

ÚTVARP FM

FM 88,5 XA-Radíó	**FM 90,9** Gullbylgjan	**FM 95,7** FM957	**FM 96,7** Létt Bylgjan	**FM 98,9** Bylgjan	**FM 100,5** Kaninn	**FM 102,9** Lindin
FM 90,1 Rás 2	**FM 93,5** Rás 1	**FM 96,3** FM Suðurland	**FM 97,7** X-ið	**FM 99,4** Útvarp Saga	**FM 102,2** Útvarp Latibær	**FM 105,5** Útvarp Boðun

50 HÁGÆÐA TOMMUR FRÁ

Panasonic

Panasonic TXL50EM5

249.990

50 TOMMUR AF MYNDGÆÐUM

Háskerpu upplausn fyrir hámarks upplifun af Blu-ray diskum, leikjatölvum eða háskerpu sjónvarpsútsendingum

Framúrskarandi myndgæði
Örþunnur háskerpu LED skjár með 1920x1080 punkta upplausn tryggir framúrskarandi myndgæði.

Media spilari
Settu í SD minniskort úr myndavél, upptökuvél eða snjallsíma eða tengdu USB minnislykil við sjónvarpið og Media Player kemur sjálfkrafa upp til að skoða og spila allt margmiðlunarefni.

Game mode
Tækið er búið sérstöku Game mode, þar sem allar stillingar eru stilltar þannig að það henti best ef tengja á leikjatölvu við tækið.

Orkunýting A+
Tækið er mjög sparneytið á orku, enda með LED perum í baklýsingu. Orkunýting A+ er með því besta sem þekkist í sjónvörpum í dag.

LED tv · HIGH CONTRAST · V-Audio Surround · Media Player · GAME MODE · USB · HDMI x2 · FULL HD 1920x1080p

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**

Official 3D Equipment Partner Panasonic

BÓKIN



„Ég var að byrja á Þúsund bjartar sólir og svo er ég alltaf að glugga í The Art of Eating sem eru í raun fimm bóka safn eftir M.F.K. Fisher.“

Dögg Mósesdóttir, kvikmyndagerðarkona og framkvæmdastjóri Northern Wave Film Festival.

Valdi fjölskylduna í stað Jólagesta Björgvins

„Fjölskyldan gengur stundum fyrir vinnunni en það er alltof sjaldan. Mér fyndist að það þyrfti að vera alltaf,“ segir Egill Ólafsson.

Söngvarinn er hættur við að koma fram á Jólagestum Björgvins Halldórssonar í Laugardalshöll vegna þess að sonur hans, dansarinn Gunnlaugur Egilsson, er að frumsýna verk í Stokkhólmi á sama tíma. „Maður getur ekki verið á tveimur stöðum í senn,“ segir Egill. Hann hafði fyrir löngu ákveðið að sjá verkið og þegar tímasetningu frumsýningarinnar var breytt varð að hann að afboða sig hjá Björgvini. „Það verður einvala lið þarna og það munar ekki um þótt eitt lítið tannhjól detti út.“

Egill hefur einu sinni áður sungið á Jólagestunum og hafði mjög gaman af. „Sumir miða við að jólin hefjist með Bó. Þetta var mjög hátíðlegt þegar ég var þarna og ég sendi mína sterkustu strauma í fjarveru minni.“

Björgvini sjálfum þykir leitt að njóta ekki lengur krafta Egils. „Það er mjög vont að missa Egil. Hann var kominn með svo flott prógramm þarna inn en svona er þetta bara. En við erum með fullt af frábærum listamönnum og þarna verða svaka fallbyssur,“ segir Björgvin og nefnir til sögunnar nýja söngvara Jólagesta, þau Eirík Hauksson, Bubba Morthens, Valdimar og Þórunni Antoníu. Hann bætir við að þrír söngvarar stígi á svið í stað Egils, eða Kristjana Stefánsdóttir, Dísa og sonur hans Krummi. „Við höldum ótrauð áfram og vonum að fólk skemmti sér vel fimmtánda desember.“ - fb

EGILL ÓLAFSSON Söngvarinn ætlar að sjá son sinn frumsýna verk í Stokkhólmi í stað þess að syngja á Jólagestum Björgvins.

BARNALEIKSÝNING ÁRSINS 2012

Skrímslið litla systir mín

SÝNINGAR Í NORRÆNA HÚSINU Í NÓVEMBER OG DESEMBER 2012

Fös.	9. nóv.	kl. 17:00	Ö
Lau.	10. nóv.	kl. 14:00	U / 16:00 U
Sun.	11. nóv.	kl. 14:00	U / 16:00 Ö
Lau.	24. nóv.	kl. 14:00	Ö / 16:00
Sun.	25. nóv.	kl. 14:00	Ö / 16:00
Lau.	1. des.	kl. 14:00	/ 16:00
Sun.	2. des.	kl. 14:00	/ 16:00

Ath. aðeins þessar 3 sýningarhelgar!

„Skrímslið litla systir mín er ein magnaðasta leiksýning sem ég hef séð.“ I.G. Mbl

E.B. Fbl

J.V.J. DV

LEIKHÚSIÐ 10 FINGUR

NORRÆNA HÚSIÐ

Miðasala hafin á **midi.is**
Nánari upplýsingar á tiufingur.is

ÞÓRUNN ANTONÍA: EINS OG CHARLIZE THERON Í MONSTER

Endaði á bráðamóttökunni

„Þetta gekk alls ekki átakalaust fyrir sig. Við tókum myndbandið upp úti á Granda við erfiðar aðstæður og kulda og svo fékk ég heiftarleg ofnæmisviðbrögð við líkamsmálningunni sem var notuð,“ segir tónlistarkonan Þórunn Antonía Magnúsdóttir sem veiktist skyndilega eftir tökur á tónlistarmyndbandi við lagið Electrify My Heartbeat.

Myndbandinu er leikstýrt af Þóru Hilmarsdóttur og fyrir tökurnar var Þórunn þakin líkamsmálningu. Daginn eftir vaknaði hún sárkvalin og var flutt á bráðamóttöku þar sem hún fékk lyf í æð.

„Ég vaknaði morguninn eftir og leit út eins og Charlize Theron í kvikmyndinni Monster og var sjö kílóum þyngri. Ég var rúmliggjandi í fjóra daga og forðaðist alla spegla á meðan. Mér leið hræðilega illa og svolítið eins og húðin væri fimm númerum of lítil. Það var erfitt að hreyfa sig og það var eins og ég væri í skrítnum, þröngum galla, og ekki á „sexý“ hátt. En þetta var þess virði því myndbandið verður algjör snilld og ég hef mikla trú á Þóru.“

Myndbandið er töluvert ólíkt því síðasta sem Þórunn Antonía sendi frá sér og lýsir hún því sem dularfullu og myrku. Hún kveðst hlakka mikið til þess að sjá myndbandið þegar það verður loks tilbúið. „Ég ímyndaði mér veru eða vélmenni sem vaknar til lífsins þegar ég samdi lagið og ég held að sú tilfinning hafi endurspeglast vel í myndbandinu.“

sara@frettabladid.is

FÉKK OFNÆMISVIÐBRÖGÐ Þórunn Antonía Magnúsdóttir endaði uppi á bráðamóttöku eftir tökur á nýjasta myndbandi sínu. Hún fékk bráðaofnæmi eftir líkamsmálningu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ORÐRÓMUR UM STYRK FRÁ STILLER

Orðrómur er uppi um að Hollywoodleikarinn Ben Stiller, sem dvaldi hér á landi í dágóðan tíma í sumar og haust vegna gerðar kvikmyndarinnar Secret Life of Walter Mitty, hafi styrkt gerð myndbands Þórunnar Antoníu fjárhagslega. Söngkonan vill þó lítið tjá sig um málið þegar hún er spurð út í orðróminn. „Við fengum styrk frá erlendum aðila við gerð myndbandsins, en meira get ég ekki sagt,“ segir Þórunn Antonía um málið.

Hlemmi breytt í tónleikastað

„Við vorum að gæla við þessa hugmynd í fyrra en gátum ekki hrint henni í framkvæmd þá. Við ákváðum því að gera þetta í ár og Strætó tók vel í hugmyndina,“ segir Alísa Kalyanova sem skipuleggur utandagskrártónleika í tengslum við Iceland Airwaves. Tónleikarnir fara fram á Hlemmi og á skiptistöðinni í Mjódd.

Innt eftir því af hverju skiptistöðvarnar tvær hafi orðið fyrir valinu segir Alísa að sér þyki staðirnir heillandi. „Ég er rússnesk og upplifi staðina kannski á annan hátt en borgarbúar. Í hvert sinn sem ég fer þangað hitti ég forvitnilega karaktera og þarna kemur saman alls konar fólk á öllum aldri. Mér fannst hugmyndin um að breyta þessu í tónleikastað heillandi.“

Meðal þeirra hljómsveita sem koma fram á viðburðunum eru Hollow Veins, Sindri Eldon, Anton Kaldal og Futuregrapher. Að sögn Alísu verður einblínt á rokktónlist í Mjóddinni og raftónlist á Hlemmi. Alísa reiknar með að tónleikagestirnir verði ólíkir hinum hefðbundna Airwaves-gesti. „Ég geri ráð fyrir að þetta verði fyrst og fremst fólk sem á leið hjá. Kannski ákveður það í kjölfarið að sækja fleiri utandagskrártónleika, þá væri takmarkinu náð.“

Alísa verður viðstödd báða tónleikana og sér til þess að allt fari vel fram. „Ég verð á staðnum og dreifi eyrnatöppum til þeirra sem þola ekki hávaðann,“ segir hún og hlær.

Tónleikarnir í Mjódd fara fram á föstudeginum klukkan 16 til 18 og þeir á Hlemmi fara fram á laugardeginum og standa yfir frá 15 til 19.

- sm

TÓNLEIKAR Á HLEMMI Alísa Kalyanova skipuleggur tvenna tónleika sem fara fram á Hlemmi og í Mjódd. Tónleikarnir eru í tengslum við Iceland Airwaves. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

CHICKEN STRIPPERS

7 mildir og góðir kjúklingastrimlar úr 100% hágæða kjúklingabringum. Frábærir til að deila. Sósa að eigin vali fylgir.

Verð: 999 kr.

NÝTT!

FIESTA Hvítlaukur, pepperoni, sveppir, ananas, rjómaostur og oregano

NÝTT!

CHICKEN KICKERS

7 gómsætir bitar úr 100% hágæða kjúklingabringum. Ljúffengir og vel kryddaðir! Sósa að eigin vali fylgir.

Verð: 999 kr.

STUFFED CHEESY BREAD

NÝTT!

Fylltir hálfmánar, toppaðir með osti og hvítlauks- og parmesan kryddi. Þrjár ljúffengar fyllingar í boði:

- **MOZZARELLA, SPÍNAT OG PIPAROSTUR**
- **MOZZARELLA, PEPPERONI OG PIPAROSTUR**
- **MOZZARELLA, BEIKON OG JALAPENO**

Verð: 899 kr.

FÍTON / SÍA

VIÐ NOTUM EINGÖNGU 100% ÍSLENSKAN OST

NAMM! Ótal bragðgóðar nýjungar

NÝR HAUST MATSEÐILL

FULLT AF SJÓÐHEITUM OG BRAGÐGÓÐUM NÝJUNGUM

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
DOMINO'S 1.000 KR.

ÞEGAR ÞÚ SÆKIR MIÐSTÆRÐ AF PIZZU MEÐ ÞREMUR ÁLEGGSTEGUNDUM

WWW.DOMINOS.IS
SÍMI 58 12345
DOMINO'S APP

Domino's Pizza®



PANTAÐU MEÐ APPI EÐA Á NETINU

Það er fljótlegt og þægilegt að panta með **Domino's appinu** og á vefnum okkar, **dominos.is**. Þannig geturðu valið, pantað, fylgst með pöntuninni á Pizzuvaktinni og fengið fréttir af tilboðum.

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Rútuferð um Reykjavík

Ýmsar uppákomur verða í gangi í miðborg Reykjavíkur í tengslum við Airwaves-hátíðina. Ein slík verður nýstárleg rútuferð á vegum Reykjavík Rocks þar sem rúntað verður um borgina á meðan ferðalangar verða fræddir um tónlistarsögu Reykjavíkur. Stoppað verður á sögufrægum stöðum og hljómsveit mun einnig stíga á svið. Ferðin verður farin fjórum sinnum á dag frá Kex Hosteli og miðaverð er um fjögur þúsund krónur. Leiðsögumaður verður leikritaskáldið **Jón Atli Jónasson** en hann naut aðstoðar poppfræðingsins Dr. Gunna við samsetningu ferðarinnar.

Datt af stól vegna Péturs

Pétur Jóhann Sigfússon var einn fjölmargra veislugesta í fertugsafmæli **Guðmundar Steingrímssonar** þingmanns sem haldið var í Víkinni um helgina. Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi og vinur Guðmundar, bað Pétur um að fara með gamanmál í veislunni, en hann og Guðmundur eru æskuvinir. Pétri tókst svo vel upp í ræðulistinni að kona sem sat úti í sal bókstaflega rúllaði um koll af hlátri og endaði á gólfinu. Guðmundur steig einnig á svið og tók lagið með einhverjum af gömlu hljómsveitunum sínum, meðal annars Ske, við mikinn fögnuð viðstaddra. Árni Páll Árnason þingmaður, Ágústa Eva Erlendsdóttir, söng- og leikkona, og Heiða Kristín Helgadóttir, stjórnarformaður Bjartrar framtíðar, voru einnig meðal gesta. - fb, - sv

Mest lesið vísir

1. Fellibylurinn Sandy lamar New York borg
2. Iceland Airwaves í viðbragðsstöðu
3. Eins og að leggja veg í gegnum Dimmuborgir
4. Óhugnanlegt morð í New York
5. Saddam Hussein blandast inn í morðin á bresku fjölskyldunni

*3.5% lántökugjald

IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi



Heilsudýnur og heilsukoddar
Gerið samanburð - finnið muninn
Fullkomin þrýstijöfnun og stuðningur

ÝMIR, SAGA, FREYJA, ÞÓR OG ÓÐINN
Hágæða svæðisskiptar heilsudýnur

ÝMIR rúm 153x203 aðeins kr. 124.900

STILLANLEG HEILSURÚM

PROFLEX
Verð 2x90x200 frá aðeins kr. 349.900
með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu

Tilboðsverð
Valhöll heilsudýna
5 svæðaskipt gormakerfi
153x203 aðeins kr. 89.900

BOAS
rafdrifnir leðurhægindasófar og stólar

Hægindastóll aðeins kr. 119.900
Hægindasófi aðeins kr. 249.900
Lyftustóll kr. 149.900

BOAS hægindasófar og stólar
Hægindastóll aðeins kr. 89.900
Hægindasófi aðeins kr. 189.900

NÝ SENDING AF HÁGÆÐA SÆNGURVERASETTUM
BOSS HUGO BOSS home
MINE
MENDALE

ÚRVAL AF SVEFNSÓFUM

Svefn & heilsa
★★★★★
www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

Umboðsaðilar:
Reynisstaður - Vestmannaeyjum
Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði
Lúxus húsgögn - Egilsstöðum